allt
SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR
Jólaísinn vinsælastur á aðfangadagskvöld
matur - tíska - heimili - jólin koma
Í MIÐJU BLAÐSINS

birta
ILMUR, PÉTUR OG ÓLÖF
Kátir krakkar með skemmtileg áhugamál
jólabrennsla - piparmyntujól
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

22. desember 2005 — 347. tölublað — 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

Biskup fékk óvæntan glaðning
Karli Sigurbjörnssyni var í gær gefin jólagjöf frá ungliðahreyfingu samtakanna 78.
FÓLK 94

Kristniboð, söngur og sjálfstæði
Væri ekki hægt að auka skilvirkni þróunarhjálparinnar, spyr Þorvaldur Gylfason, með því að reiða hana fram í friðu og beina henni í farveg sem leiðir beint til ætlaðra viðtakenda?
Í DAG 32

Dularfyllsta goðsögn rokksins
Myndin No Direction Home varpar ljósi á týndu árin í lífi Bobs Dylan.
FÓLK 56

Kominn í KR
Björgólfur Takefusa skrifaði undir samning við KR í gær. Hann mun spila í treyju númer tíu hjá Vesturbæjarrisanum.
ÍÞRÓTTIR 66

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA NOKKUÐ BJART á landinu framan af. Þykknar upp suðaustan til með slyddu og síðar rigningu. Gæti snjóað allra austast í kvöld. Hiti við frostmark sunnan til en frost 0-5 stig fyrir norðan.
VEÐUR 4

Þrír fálkar fundust í frystikistu á Húsavík

Lögreglan á Húsavík fann þrjá fálka í frysti í heimahúsi. Fálkinn er friðaður og segir líffræðingur hjá Náttúrufræðistofnun málið mjög alvarlegt. Um miðjan nóvember fannst særður fálki í bakgarði í bænum.

LÖGREGLA Þrír dauðir fálkar fundust í frysti á heimili íbúa á Húsavík fyrir skömmu. Lögreglan í bænum grunaði íbúann um að hafa skotið fálka og gerði því húsleit hjá honum og fann fálkana sem höfðu verið skotnir. Að sögn lögreglu hefur maðurinn verið yfirheyrður og er málið enn til rannsóknar.

Ólafur Karl Nielsen, líffræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, segir málið mjög alvarlegt. Vegna smæðar fálkastofnsins sé fuglinn friðaður. Hann segir stofninn telja um eitt til tvö þúsund fugla. Ólafur Karl segir málinu svipa mjög til sakamáls sem kom upp á norðausturlandi fyrir um tuttugu árum. Þá fundust dauðir fálkar í frystihólfum.

Þetta er ekki eina málið þessu tengt sem kemur upp á Húsavík. Um miðjan nóvember fundu börn sem voru að leik í bakgarði húss fálka með sundurskotinn hægri væng. Börnin eltu hann uppi og handsömuðu og hafði faðir barnanna samband við Náttúrustofu Norðausturlands sem sendi hann að lokinni skoðun til aðhlynningar í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

Húsdýragarðurinn hefur undanfarin ár staðið fyrir verkefni sem lýtur að því að hjúkra dýrum sem slasast hafa aftur til heilsu og skila þeim aftur til heimkynna þeirra.

Svo virðist sem fuglinn hafi verið skotinn með haglabyssu og að höglin hafi klippt í sundur nokkrar pípur í hægri væng hans samkvæmt röntgenmyndum sem teknar voru í Dýraspítalanum í Víðidal.

Samkvæmt dýrahirðum Húsdýragarðsins er fálkinn einn sá gæfasti og glæsilegasti sem gist hefur garðinn og hefur bati hans gengið vonum framar. Það er von þeirra að fólk notfæri sér ekki hve fálkinn er gæfur heldur leyfi honum að lifa óáreittur í náttúrunni.

Ólafur Karl fylgdi fálkanum aftur til Húsavíkur og sleppti honum þar um hádegisbilið í gær með hjálp bæjarstjórans og barnanna sem fyrst komu honum til bjargar.

Mikill óánægja er á meðal íbúa norðausturlands vegna þessarar aðfarar að fálkanum. Ólaf Karl grunar óprúttna rjúpuveiðimenn um að skjóta á fálkana því þeir sæki í rjúpurnar.

- æþe

SÓLSTÖÐUHÁTÍÐ ÁSATRÚARFÉLAGSINS VIÐ NAUTHÓL Í ÖSKJUHLÍÐ Ásatrúarmenn fögnuðu endurfæðingu sólar á vetrarsólstöðum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sóðaskapur á sjúkrahúsi:

Maðkur skreið á andliti konu

BRETLAND Konu, sem heimsótti sjúka móður sína á gjörgæsludeild á sjúkrahúsi í Gloucester-skíri í Englandi, brá illilega þegar hún sá lirfu skríðandi á andliti gömlu konunnar.

Atburðurinn átti sér stað síðastliðið sumar en konan ákvað að tala ekki um málið fyrr en nú. Að því er dagblaðið Independent hermir hafði hún kvartað yfir flugum á sveimi í sjúkrastofu móður sinnar en um það var ekki hirt. Tveimur dögum eftir að maðkurinn skreið á móðurinni dó hún af sjúkdómi sínum.

Sóðaskapur er algengt vandamál á breskum sjúkrahúsum og var til dæmis ofangreint sjúkrahús gagnrýnt í haust þegar maðkétin samloka fannst á einni lækningastofunni. ■

Einar Oddur Kristjánsson fordæmir Kjaradóm og segir launahækkanirnar ógnun:

Ófriðarbál kveikt í Kjaradómi

KJARAMÁL „Ég fordæmi Kjaradóm og það er lífsnauðsynlegt að koma í veg fyrir að úrskurður hans nái fram að ganga. Við kveikjum endanlega í öllu þjóðfélaginu ef þessar hækkanir ganga til æðri embættismanna og þingmanna," segir Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Einar Oddur fullyrðir að allar marktækar upplýsingar sýni að almennar launahækkanir séu á bilinu fimm til sex prósent. „Lögin segja að kjör æðstu embættismanna og þingmanna eigi að taka sömu breytingum og hinn almenni launamarkaður. Yfir átta prósenta hækkun kjaradóms nú er langt yfir þeim mörkum. Þetta er eins og að skvetta bensíni á bálið og er algerlega óþolandi," segir Einar Oddur.

EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON „Þetta er eins og að skvetta bensíni á bálið og er algerlega óþolandi."

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri gagnrýndi Einar Odd á fundi borgarstjórnar í gær þar sem nýgerðir samningar við 4.200 starfsmenn Reykjavíkurborgar voru samþykktir og sakaði hann um að horfa fram hjá miklum launahækkunum ríkisins.

„Ég hef ótal sinnum gagnrýnt samninga ríkisins frá árinu 1997 enda voru þessir stofnanasamningar skelfileg mistök. Það mun koma í ljós innan árs að allir verða búnir að fá hækkanir, ekki aðeins starfsmenn borgarinnar. Niðurstaðan verður bara ein: gríðarleg verðbólga og lágt launað en skuldugt fólk fer langverst út úr þeim ósköpum," segir Einar Oddur Kristjánsson.

johannh@frettabladid.is

SPURNING DAGSINS

Mörður, tók Þorsteinn sögulega ákvörðun?

„Hann er að minnsta kosti úr sögunni, blessaður.“

Þorsteinn Pálsson hefur hætt við að skrifa sögu þingræðis á Íslandi. Mörður Árnason alþingismaður var meðal þeirra sem gagnrýndu að Þorsteini var falið starfið.

Öryrkjabandalag Íslands úti í kuldanum í nefnd um örorkubætur:

Trúir ekki niðurstöðunni

ÖRYRKJAMÁL Öryrkjabandalag Íslands fær ekki sæti í nefnd á vegum forsætisráðherra sem ætlað er að endurskoða reglur um örorkubætur. Sigursteinn Másson, formaður ÖBÍ, óskaði eftir því við forsætisráðherra að fá sæti í nefndinni og segist gáttaður á niðurstöðunni.

„Ég trúi því ekki að gengið verði fram með þeim hætti að heildarsamtök þeirra aðila sem mestan hag hafa af því að rétt sé staðið að örorkumati, sem er fatlað fólk og sjúkt í þessu landi, eigi ekki að koma að því að semja reglur um það hvernig staðið er að því.“

Sigursteinn ræddi það við forystu Alþýðusambandsins að hann teldi

SIGURSTEINN MÁSSON FORMAÐUR ÖBÍ Segist ekki skilja hvað stjórnvöldum gengur til.

ÖBÍ eiga að sitja í nefndinni. „Þeir lofuðu mér að þeir myndu ekki setja sig upp á móti því og ég sagði forsætisráðherra frá því.“

Nefndin er nokkuð stór. Í henni eru fulltrúar Alþýðusambandsins, lífeyrissjóða, Samtaka atvinnulífsins, BSRB og fjögurra ráðuneyta en ÖBÍ er ekki beðið um tilnefningu.

„Mér hefur ekki verið tilkynnt þessi niðurstaða með formlegum hætti og ég hreinlega neita að trúa því að gengið verði fram hjá heildarsamtökum fatlaðra með þessum hætti.“

Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu verður leitað til ÖBÍ í málum sem þykja snúa að þeim beint.

Sigursteinn vandar ráðherra ekki kveðjurnar. „Ef þetta verður niðurstaðan þá veit ég ekki hvað snýr upp og hvað snýr niður hjá þessum stjórnvöldum.“ **- sh**

Donald Rumsfeld:

Bin Laden ekki við fulla stjórn

PAKISTAN, AP Donald Rumsfeld, landvarnaráðherra Bandaríkjanna, segir ólíklegt að Osama bin Laden sé við stjórnvölinn hjá hryðjuverkasamtökunum al-Kaída, ef hann er þá enn á lífi.

Rumsfeld kom í gær í óvænta heimsókn til Pakistan þar sem hann heimsótti hamfarasvæðin í Kasmír en á leiðinni ræddi hann við fréttamenn.

Landvarnaráðherrann sagði að bin Laden hefðist að líkindum ennþá við í fjöllunum á landamærum Afganistan og Pakistan. Þó herlið verði flutt frá Afganistan segir Rumsfeld að áfram verði leitað að bin Laden. ■

Von úti um jólasnjó:

Rauð jól í borginni

VEÐUR „Eftir dag vonar í gær og fram eftir degi í dag verð ég því miður að fullyrða að það verða rauð jól í borginni,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur NFS.

SIGURÐUR Þ. RAGNARSSON Þykir miður að afskrifa hvít jól fyrir borgarbúa.

„Eftir að hafa rýnt vel í öll gögn virðast hverfandi líkur á jólasnjó. Líkönin hafa tekið á sig svipaða mynd og því er hægt að reiða sig betur á þau. Þau benda öll til rauðra jóla hér í Reykjavík og fólk má ekki láta blekkjast af smá kornum rétt fyrir jól. Akureyringar eiga daufa von en það verða helst Austfirðingar sem fá hvíta breiðu,“ segir Sigurður.

„Ég tek samt fram að sú úrkoma sem von er á er óttalega aum, þetta verður enginn jólasnjór þótt jöfð litist aðeins hvít. Fólk verður bara að ylja sér við jólaljósin þessa stystu daga ársins.“ ■

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Tvær þjóðir búa í landinu

Laun ráðherra og þingmanna hafa hækkað um 64 prósent frá 2001 en verkafólks um 34 prósent. Heildarlaun embættismanna hafa hækkað mun meira en annarra. Framkvæmdastjóri ASÍ segir ljóst að fleiri en ein þjóð búi í landinu.

KJARADÓMUR Heildarlaun forseta Hæstaréttar hafa hækkað langmest í krónutölu samkvæmt nýjasta úrskurði kjaradóms, eða um 332.107 krónur á mánuði eftir þrjár hækkanir á einu ári. Ríkissáttasemjari og ríkisendurskoðandi koma næstir með 325.885 króna hækkun og dómstjórinn í Reykjavík hefur hækkað um 320.273 krónur á mánuði.

Alþingismenn, ráðherrar, umboðsmaður barna og forseti Íslands hafa hækkað minnst. Alþingismennirnir hafa aðeins hækkað um 46.561 krónu meðan ráðherrar hafa hækkað um 107.130 krónur, umboðsmaður barna um 160.986 krónur og forseti Íslands um 166.566 krónur.

Hækkun forsætisráðherra, ráðherra, þingmanna og dómara er rúmlega 10 prósent á einu ári, forsetans rúm átta prósent og verkafólks sjö prósent.

Heildarlaun embættismannanna hafa tvöfaldast á við það sem gerist á almennum vinnumarkaði frá 1999. Sé litið lengra aftur, eða til ársins 1998, hafa grunnlaun forsætisráðherra, annarra ráðherra og þingmanna hækkað um 126 prósent en grunnlaun verkafólks hafa hækkað um 71 prósent á sama tíma. Í þessum tölum er miðað við framreiknaðar hækkanir og þróun launavísitölu. Launaþróun verkafólks er áætluð árið 2005. Forseti Íslands er ekki inni í þessum samanburði.

Sé launaþróunin skoðuð frá janúar 2001 og forsetinn tekinn með hafa laun forsætisráðherra, ráðherra og þingmanna hækkað um tæplega 64 prósent en laun verkafólks um rúmlega 34 prósent. Laun forsetans hafa hækkað í takt við laun verkafólksins.

„Hópur embættismanna fær ítrekað launabreytingar, sem eru langt umfram það sem þessir einstaklingar telja forsvaranlegt gagnvart almenningi. Því miður er þetta enn eitt dæmið um að það búa fleiri en ein þjóð í þessu landi,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, um úrskurð kjaradóms.

Kjaradómur hefur rökstutt hækkanirnar núna þannig að verið sé að fylgja eftir ákvörðun kjaranefndar í sumar um hækkanir annarra háttsettra embættismanna en háskólamenntaðir starfsmenn ríkisins fengu þá 4,5 prósenta flata launahækkun yfir línuna. Gylfi telur hækkanirnar helmingi meiri en hafi verið á vinnumarkaði þó að tekið sé tillit til launaskriðs. **ghs@frettabladid.is**

GYLFI ARNBJÖRNSSON Segir launahækkanir æðstu embættismanna óforsvaranlegar.

LÆKNARITARAR

Meðaldagvinnulaun læknaritara innan SFR hjá ríkisstofnunum voru 108 þúsund krónur á mánuði. Ef meðaldagvinnulaunin hefðu hækkað um 90 prósent frá 1999 til 2006, eins og laun helstu embættismanna þjóðarinnar hafa, þá hefðu meðaldagvinnulaun læknaritara verið 205 þúsund krónur í upphafi árs 2006. Þess í stað verða þau um 170 þúsund krónur á mánuði í upphafi næsta árs.

LAUNAHÆKKUN EMBÆTTISMANNA Á EINU ÁRI

	Laun 1. jan. 2006	Laun 1. júl. 2005	Laun 1. jan. 2005	Hækkun á einu ári
Forseti Íslands	1.626.722	1.534.040	1.460.156	166.566
Forsætisráðherra	989.862	915.162	871.085	118.777
Ráðherrar	892.799	825.424	785.669	107.130
Forseti Hæstaréttar	946.652	875.211	614.545	332.107
Hæstaréttardómarar	856.797	792.137	573.684	283.113
Héraðsdómarar	671.596	620.912	450.910	220.686
Alþingismenn	497.471	459.929	450.910	46.561
Ríkissaksóknari	856.797	792.137	573.684	283.113
Ríkissáttasemjari	880.169	813.744	554.284	325.885
Ríkisendurskoðandi	880.169	813.744	554.284	325.885
Biskup Íslands	800.569	740.152	554.284	246.285
Dómstjórinn í Reykjavík	820.205	758.305	499.932	320.273
Dómstjórar utan Reykjavíkur	738.757	683.005	466.692	272.065
Umboðsmaður barna	611.896	565.718	450.910	160.986

HLUTFALLSHÆKKUN LAUNA



LAUNAÞRÓUN HELSTU EMBÆTTISMANNA ÞJÓÐARINNAR OG VERKAFÓLKS

	Forseti Íslands	Forsætisráðherra	Ráðherrar	Þingmenn	Forseti Hæstaréttar	Hæstaréttardómarar	Héraðsdómarar	Verkafólk
Hækkun síðan 1998	-	127,8%	126,0%	126,0%	88,6%	93,6%	99,8%	70,4%
Hækkun síðan 2001	30,1%	64,6%	63,2%	63,7%	55,6%	59,8%	57,1%	34,2%
Árshækkun til janúar 2006	8,2%	10,3%	10,3%	10,3%	10,3%	10,3%	10,3%	6,8%

Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
laugardaga: 11–15
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Sautján ára spilafíkill dæmdur fyrir líkamsárás á Fröken Reykjavík:

Var bannað að nota spilakassa og brjáladist

DÓMSMÁL Sautján ára piltur var sektaður um 80.000 krónur í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir líkamsárás á rúmlega fertuga afgreiðslukonu í söluturninum Fröken Reykjavík í fyrravor. Pilturinn, sem var sextán ára þegar árásin var framin, kom inn á söluturninn ásamt félaga sínum til að nota spilakassa en þegar afgreiðslustúlkan bað hann um að framvísa skilríkjum brást hann illa við og hreytti í hana fúkyrðum.

Afgreiðslustúlkan vísaði því næst piltinum á dyr og upphófust þá átök. Piltinum er gefið að sök að hafa ráðist að afgreiðslukonunni og slegið hana þrisvar sinnum með hnefanum í andlitið og

SPILAKASSAR Árásarmaðurinn kveðst hafa misst stjórn á skapi sínu meðal annars vegna spilafíknar.

líkama svo sá á konunni.

Pilturinn hélt því fram fyrir rétti að hann hefði hræðst afgreiðslukonuna og því brugðist við með áðurgreindum hætti. Hann viðurkenndi að hafa verið haldinn spilafíkn á þessum tíma og því illa ráðið við skap sitt.

Við refsiákvörðun kom fram að pilturinn hafði áður verið dæmdur fyrir líkamsárás, eignaspjöll og fíkniefnabrot en vegna þess að líkamsárásin var framin áður en hann hlaut dóm fyrir þau mál var refsing hans ákveðin sem hegningarauki. Piltinum var gert að greiða, auk sektarinnar, 145.000 krónur til brotaþola og 111.100 krónur í sakarkostnað. **- æþe**

...með allt fyrir jólin!

NYLON OG HEIÐA
SKEMMTA Á JÓLASVIÐI COCA COLA

15.00 og 17.00 Nylon og Heiða syngja jólalög á jólasviði Coca-Cola.

Jólasveinarnir koma í heimsókn og léttur jólajazz í göngugötu.

Opið til 22 í kvöld!

SKEMMTUN Á JÓLASVIÐI COCA-COLA

Kringlan
ER MEÐ ALLT FYRIR JÓLIN

Veitingastaðir og Kringlubíó hafa opið lengur á kvöldin
www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Filton/SÍA F1015704

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 21.12.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	63,2	63,5
Sterlingspund	110,66	111,2
Evra	75,08	75,5
Dönsk króna	10,065	10,123
Norsk króna	9,314	9,368
Sænsk króna	7,962	8,008
Japanskt jen	0,5395	0,5427
SDR	90,64	91,18

Gengisvísitala krónunnar
105,6835

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að verksmiðjuhúsi í Hafnarfirði í gærkvöldi:

Eldur kom upp í mannlausri verksmiðju

BRUNI Vaktmaður á eftirlitsferð tilkynnti um minniháttar bruna til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins klukkan 18:50 í gærkvöldi eftir að hann sá reyk í mannlausu verksmiðjuhúsi Ísfells við Óseyrarbraut 4 í Hafnarfirði.

Allar fjórar slökkviliðssveitir höfuðborgarsvæðisins voru mannaðar og settar í viðbragðsstöðu í upphafi vegna stærðar hússins, en Hafnarfjarðardeild Slökkviliðssins var fyrst á vettvang.

Sigurður A. Jónsson stöðvarstjóri Hafnafjarðardeildarinnar segir að það hafi tekið þá 25 slökkviliðsmenn sem fyrst komu á vettvang um 20 mínútur að ráða niðurlögum eldsins, sem var viðráðanlegur og á afmörkuðu svæði.

Að sögn Sigurðar virðist sem að kviknað hafi í netadræsum. Slökkviliðið beitti froðu og vatni við slökkvistarfið.

Þegar blaðamann bar að garði var slökkvistarfi lokið og verið að reykræsa húsnæðið. Ekki er hægt að meta skemmdir á húsinu að svo stöddu, en þær virðast óverulegar. Eldsupptök eru ókunn. - æþe

FRÁ BRUNASTAÐ Eldurinn reyndist minni en á horfðist og gekk vel að slökkva hann.

DAVID CAMERON Nýr formaður Íhaldsflokksins þykir um margt líkur Tony Blair. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Greining á könnunum:

Íhaldsmenn styrkjast enn

BRETLAND Staða Íhaldsflokksins hefur vænkast verulega eftir að David Cameron var kjörinn formaður hans.

Í dagblaðinu Independent í gær er sagt frá „könnun kannananna“, greiningu John Curtice, stjórnmálafræðiprófessors við Strathclyde-háskólann, á skoðanakönnunum YouGov, MORI, ICM og Populus undanfarnar vikur. Vegið meðaltal þeirra sýnir að íhaldsmenn fengju 37 prósent atkvæða, væri kosið nú, Verkamannaflokkurinn 35 prósent og frjálslyndir demókratar tuttugu.

Íhaldsmenn hafa ekki leitt „könnun kannananna“ síðan 1992, ef stutt tímabil árið 2000 er undanskilið. ■

BANDARÍKIN

Billinn dró hann til dauða Ölvaður maður ók á gangandi vegfaranda í Milwaukee og var ástand ökumannsins slíkt að hann dró vegfarandann nokkra tugi metra á eftir sér án þess að verða nokkurs var. Það var ekki fyrr en hann sneri bílnum við og ók yfir manninn að hann uppgötvaði hvað gerst hafði en þá var vegfarandinn látinn.

INDÓNESÍA

Öflugur jarðskjálfti Jarðskjálfti af stærðinni 6,3 varð 185 kílómetra úti af eynni Sulawesi í Indónesíu í gær. Ekki er talið að tjón hafi orðið á mönnum eða munum og engrar flóðbylgju varð vart. Engu að síður greip um sig nokkur skelfing á meðal eyjarskeggja.

Saddam kveðst hafa sætt misþyrmingum

Saddam Hussein sakaði Bandaríkjamenn um að hafa barið sig í varðhaldinu þegar hann tók til máls við réttarhöldin í gær. Vitni sem komu fyrir dómstólinn greindu frá skelfilegum pyntingum sem þau hefðu verið beitt.

ÍRAK Við réttarhöldin yfir sér í gær kvaðst Saddam Hussein, fyrrverandi einræðisherra Íraks, hafa sætt barsmíðum af hendi Bandaríkjamanna. Bráðabirgðaniðurstöður úr þingkosningunum fyrir viku benda til að þjóðin sé klofnari en nokkru sinni fyrr.

Málflutningur hélt áfram í réttarhöldum yfir Saddam og sjö samstarfsmönnum hans í gær en þeir eru sakaðir um að hafa staðið á bak við fjöldamorð á 143 sjíum í bænum Dujail árið 1982.

Framan af degi hlýddi Saddam þögull á vitnisburð þeirra sem kallaðir voru fyrir réttinn en svo tók hann til við að rífast við saksóknara og dómara. „Við höfum allir verið lamdir og pyntaðir af Bandaríkjamönnum,“ sagði hann æfur. „Já, hver blettur á líkama mínum hefur verið barinn. Förin eru ennþá sjáanleg.“ Saksóknarinn sagði þá við hann að ef meðferðin væri svo grimmileg yrði að færa hann í hendur íröskum lögreglumönnum. Ekki er víst að Saddam hafi litist á það.

Á meðal þeirra sem leiddir voru fyrir réttinn í gær var maður sem var á unglingsaldri þegar fjöldamorðin voru framin. Sjö bræður hans voru á meðal þeirra sem teknir voru á lífi en sjálfur var hann settur í fangelsi leynilögreglunnar þar sem hann var pyntaður linnulítið í rúma tvo mánuði. Maðurinn lýsti á nákvæman hátt skelfilegum barsmíðum og pyntingum með rafmagni og eins sagði hann frá því þegar bráðið plast var látið leka á handlegg sinn og það svo rifið af þegar það var storknað þannig að húðin fór með.

Fyrstu niðurstöður úr þingkosningunum fyrir viku benda til að heittrúarhreyfingum sjía og súnnía hafi vaxið fiskur um hrygg á meðan flokkum sem eru meira veraldlega þenkjandi vegnaði illa. „Á tveimur og hálfu ári hefur George Bush tekist að setja tvö ný talibanasamfélög á fót í Írak,“ segir stjórnmálaskýrandinn Ghassan Attiyah í viðtali við breska blaðið Independent í gær.

Fólk virðist hafa kosið eftir þjóðarbrotalínum í stað þess að greiða þeim flokkum atkvæði sitt sem leggja mesta áherslu á einingu írösku þjóðarinnar, til dæmis fékk Sameinaða sjíabandalagið nánast engin atkvæði utan þeirra svæða þar sem sjíar búa. The Independent heldur því fram að írönsk áhrif muni aukast í Írak, réttindi kvenna muni snarminnka og ekkert lát verði á uppreisninni í landinu. Draumur Bandaríkjamanna um að Írak verði lýðræðisríki að vestrænum hætti sé því að snúast upp í martröð.

sveinng@frettabladid.is

SADDAM Í SJÓNVARPINU Sumir hlutar orðaskipta Saddams við saksóknara voru klipptir út úr sjónvarpsútsendingu frá réttarhöldunum í gær. Þessi kona fórnaði höndum þegar hún sá forsetann fyrrverandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR BORGARSTJÓRI Steinunn Valdís hefur ákveðið að 75 þúsund króna launahækkun nái ekki til sín.

Laun embættismanna:

Steinunn neitar launahækkun

KJARAMÁL Steinun Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri hefur ákveðið að hafna launahækkun sem á að ná til æðstu embættismanna.

Samkvæmt úrskurði kjaradóms ættu laun borgarstjórans að hækka um 75.000 krónur á mánuði frá áramótum og þá yrðu þau 990.000 eftir hækkun. Steinun sagðist hafa tekið þessa ákvörðun meðal annars vegna ummæla sinna um kjaramál. - jse

Formaður BHM um Kjaradóm:

Kemur ekki á óvart

KJARADÓMUR Ólíklegt er að launahækkun kjaradóms til handa helstu embættismönnum þjóðarinnar hafi áhrif á kjaradeilu tíu félaga innan BHM sem eru með lausa samninga við Reykjavíkurborg. Kjaradeilan er komin til ríkissáttasemjara.

Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM, segir að hækkanir háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna fyrr á árinu hafi væntanlega haft áhrif á ákvörðun kjaradóms nú og því komi hækkunin ekki á óvart.

„Það hefur stundum verið úrskurðað þannig hjá kjaranefnd að það er nánast eins og kjaranefnd leiði launaþróunina, fylgi henni ekki,“ segir hún. - ghs

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HLÝ VERÐA JÓLIN

Þær hafa lítið breyst horfurnar um jólin. Milt og fremur vætusamt a.m.k. fyrstu jóladagana. Vindur verður heldur meiri vestan til en austan og að líkindum fremur hvass á aðfangadag og jóladag, síðan lægir.

HÖFUÐBORGIN Í DAG

Austan eða norðaustan gola í fyrstu en heldur vaxandi vindur eftir hádegi. Hiti við eða rétt yfir frostmarki í dag en hlýnar svo á morgun.

um hádegi »



» á morgun



» laugardagur



Kaupmannahöfn	6°C léttskýjað	París	7°C alskýjað	Alicante	16°C heiðskírt
Osló	1°C hálfskýjað	Berlín	5°C alskýjað	Mílano	10°C heiðskírt
Stokkhólmur	-1°C alskýjað	Frankfurt	6°C alskýjað	New York	4°C léttskýjað
Helsinki	-7°C léttskýjað	Madríd	13°C heiðskírt	San Francisco	15 °C skúrir
London	12°C léttskýjað	Barcelona	12°C heiðskírt	Orlando/Flórída	18°C léttskýjað

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Harðir pakkar um jólin!

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

KJÖRKASSINN

Vildir þú sjá Hillary Clinton sem næsta forseta Bandaríkjanna?

Já	80%
Nei	20%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að herða kröfur á starfsmannaleigur?

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Neðri deild rússneska þingsins samþykkir umdeild lög:

Starf félagasamtaka takmarkað

MOSKVA, AP Dúman, neðri deild rússneska þingsins, er komin vel á veg með að samþykkja umdeilt lagafrumvarp þar sem starfsemi frjálsra félagasamtaka eru settar verulegar skorður.

Frumvarpið felur í sér að sérstök opinber eftirlitsstofnun verður sett yfir hundruð frjálsra rússneskra félagasamtaka og fylgist með skráningu, fjárreiðum og starfsemi þeirra. Stofnunin getur leyst samtök upp og til hennar verða þau að gefa ítarlegar skýrslur.

Við aðra umræðu í gær samþykkti Dúman frumvarpið með yfirburðum, með 376 atkvæðum gegn tíu, og er talið nánast útilokað að það falli í þriðju umræðu eða meðförum efri deildarinnar. Þá á einungis Vladimír Pútín forseti eftir að skrifa undir það.

Fylgismenn laganna segja þau nauðsynleg til að koma í veg fyrir starfsemi öfgahópa og hryðjuverkasamtaka. Andstæðingar þeirra segja hins vegar að með lögunum vilji stjórnvöld halda frjálsum réttindasamtökum undir járnhæl sínum svo gagnrýni þeirra hrindi ekki af stað mótmælahreyfingu eins og gerðist í Úkraínu á síðasta ári. Raunar eru stuðningsmenn frumvarpsins einnig ófeimnir við að viðurkenna að þeir hafa áhyggjur af starfi samtaka sem gagnrýna stjórnvöld. - shg

VLADIMÍR PÚTÍN Ósennilegt er talið að hann leggist gegn lögunum enda eru þau sögð runnin undan rifjum hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ópið og Madonna Munchs:

Sex ákærðir fyrir ránið

NOREGUR Norskir saksóknarar hafa ákært sex manns fyrir ránið á tveimur af frægustu myndum Edvard Munch, Ópinu og Madonnu.

Tveir menn stálu myndunum úr Munch-safninu í Ósló um hábjartan dag í ágúst 2004 og síðan hefur ekkert til verkanna spurst. Þriðji maðurinn ók ræningjunum af vettvangi og hinir þrír eru sagðir hafa geymt verkin og skipulagt tengda glæpi.

Talið er að þeir sem stóðu á bak við Stafangursránið svonefnda hafi látið stela myndunum til að beina athyglinni frá því. Í því ráni var hunduð milljónum króna rænt. ■

Fasteignaskattur í Reykjavík:

Lækkar um 22 prósent

SKATTAMÁL Borgarstjórn hefur ákveðið að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts um 22 prósent frá og með áramótum. Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði verður þá 0,25 prósent. Hlutfallið á yfirstandandi ári er 0,32 prosent.

Álagning á atvinnuhúsnæði verður óbreytt, 1,32 prósent, lóðarleiga sömuleiðis eða 0,08 prósent en álagningarhlutfall holræsagjalds verður lækkað um tíu af hundraði samhliða flutningi reksturs Fráveitunnar til Orkuveitu Reykjavíkur.

Í stað þess að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts mun Kópavogsbær innheimta fasteignaskattinn og endurgreiða svo með því að senda ávísun heim til fólks. - ghs/jh

Þjófur sætti lagi meðan enginn var heima

Ung kona í Reykjavík lenti í að brotist var inn hjá henni um hábjartan dag meðan hún brá sér frá. Þrjár vikur voru síðan hún keypti sér nýja fartölvu. Nýlega var gripinn þjófur sem bankaði upp á í húsum til að gá hvort einhver væri heima.

INNBROT „Ég ákvað að bregða mér í World Class og fór í tvo tíma. Þegar ég kom heim sá ég að spenntur hafði verið upp kræktur eldhúsgluggi og brotist inn," segir Berglind Bjarný Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðinemi sem býr ásamt vinkonu sinni í kjallaraíbúð við Hátún í Reykjavík. „Þetta gerðist 15. desember, sama dag og ég kláraði prófin."

Meðal þess sem stolið var hjá Berglindi var glæný fartölva sem hún hafði þá átt í um þrjár vikur. „Ég var búin að vera inni í herbergi að læra fyrir próf nánast allan þennan tíma og skrifborðið er þannig staðsett að örugglega sést vel inn og blokk beint á móti. Svo er náttúrlega blár bjarmi af tölvunni. Svo datt mér reyndar líka í huga að einhver hefði fengið ábendingu eða séð til þegar tölvan var keypt og setið um að stela henni, en auðvitað gæti þetta hafa verið hver sem er," segir Berglind. Lögreglan kom sama dag og innbrotið var framið en ekki hefur heyrst frá henni síðan um gang rannsóknarinnar.

Berglindi Bjarnýju er nokkuð brugðið við atburðinn og hefur gripið til aðgerða til að sagan endurtaki sig ekki. Í gær voru til að mynda settir rimlar fyrir glugga hjá henni. Þá er tjónið við að tapa nýrri fartölvu tilfinnanlegt enda um dýrt tæki að ræða. „Ég keypti hana á tölvukaupaláni Tryggingamiðstöðvarinnar og á raunar ekki að byrja að borga af henni fyrr en í næsta mánuði. Við fyrstu sýn virðist sem ég verði að gera það því starfsmanninum sem seldi mér tölvuna láðist að spyrja hvort ég vildi tryggingu með henni, en ég hélt að hún fylgdi með í kaupunum fyrst tölvan var á láni frá tryggingafélaginu," segir Berglind, sem þó kveðst ætla að kanna þau mál nánar.

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir að oftast virðist sem tilviljun ráði mestu um hvar innbrotsþjófar láta greipar sópa. „Stundum virðist manni sem þessum mönnum sé ætlað að vera skipulagðari en þeir eru í raun. Núna í vikunni gripum við einn sem gekk bara á milli húsa og bankaði upp á með upplogið erindi. Þar sem enginn var heima braust hann inn," segir Hörður.

Pétur Már Jónsson, yfirmaður tjónadeildar VÍS, segir innbrotsþjófa væntanlega hafa ýmis ráð þegar að því kemur að velja sér fórnarlömb. „Síðasta vor heyrði ég af því að misindismenn hefðu gáð að því hvaða börn væru að fermast til að velja vænlegan stað til innbrota. Svo er auðvitað er fræðilegur möguleiki að fylgjast með einhverjum sem er að kaupa grip á borð við fartölvu eða flatskjársjónvarp, elta heim og sæta svo lagi með þjófnaðinn síðar."

olikr@frettabladid.is

BERGLIND BJARNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR Þegar ljósmyndara bar að garði í gær var verið að setja rimla fyrir glugga kjallaraíbúðarinnnar þar sem Berglind býr, en um miðjan mánuðinn var spenntur upp hjá henni gluggi og verðmætum stolið. RÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

FLAKIÐ VEITT ÚR SJÓNUM Bátur hífði flak sjóflugvélarinnar upp úr sjónum í gær og var það illa farið eins og vonlegt var. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flugslysið við Miami Beach:

Vængurinn brotnaði af

MIAMI BEACH, AP Fyrstu niðurstöður bandarískra flugmálayfirvalda á tildrögum þess að sjóflugvél með 22 innanborðs hrapaði í hafið á mánudagskvöldið benda til þess að hægri vængur vélarinnar hafi rifnað af skrokki hennar. Allir um borð fórust.

Svo virðist sem sprunga hafi verið í stoðgrind vængsins og er talið að skemmdin hafi grafið lengi um sig. Mark Rosenker, formaður rannsóknarnefndarinnar, segir að þótt erfitt hafi verið að finna sprunguna hefðu eigendur vélarinnar átt að koma auga á hana. ■

NOREGUR

Ferskur eldislax bannaður

Rússnesk yfirvöld hafa bannað innflutning á ferskum eldislaxi frá Noregi og gildir bannið frá næstu áramótum. Gengi bréfa í norskum fiskeldisfyrirtækjum hefur fallið vegna þessa.

Skilorðsrof með ölvunarakstri:

Fékk 9 mánaða fangelsisdóm

DÓMSMÁL 26 ára Sunnlendingur var dæmdur í níu mánaða fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands í gær.

Maðurinn rauf með ítrekuðum ölvunarakstri undir lok ágúst skilorð fyrri dóms og fer því í fangelsi. Sjö mánuðir refsingarinnar eru hins vegar skilorðsbundnir í þrjú ár. Þá var maðurinn sviptur ökuréttindum ævilangt.

Maðurinn hefur margoft hlotið dóma, en árið 1997 var hann tvívegis sektaður og sviptur ökurétti í samtals fjóra mánuði fyrir ölvunarakstur. Þau brot framdi hann fyrir átján ára aldur. Næst hlaut maðurinn dóm árið 1999, þá 2001 og svo síðast í maí 2003. Er þar um margvísleg brot að ræða, þar á meðal á lögum um ávana- og fíkniefni. - óká

Tillögur um nýjan miðbæ á Álftanesi umdeildar:

Sjö hundruð mótmæla

SKIPULAGSMÁL Íbúasamtökin Betri byggð boðuðu til blaðamannafundar í Álftanesskóla í gær þar sem Guðmundi Gunnarssyni, bæjarstjóra á Álftanesi, var afhentur undirskriftalisti með 700 undirskriftum þar sem tillögum um nýtt miðbæjarskipulag er mótmælt.

„Þrír af hverjum fjórum íbúum sem náðist í skrifuðu undir og það þykir okkur nokkuð gott," segir Berglind Libungan frá íbúasamtökunum. „Einnig bárust um 200 athugasemdir við þessar tillögur um nýjan miðbæ."

Guðmundur sagði á fundinum að boðað yrði til fundar um málið milli jóla og nýárs þar sem rætt yrði framhaldið á þessu máli sem sett hefur nokkurn svip á mannlífið á Álftanesi.

Orri Gunnarsson frá Samtökum um betri byggð, sem er með aðsetur sitt í Reykjavík, vill árétta að þau samtök eru á engan hátt tengd því sem íbúasamtökin á Álftanesi standa fyrir. „Hvaða nafn sem íbúar á Álftanesi hafa valið á samtök sín þá tengjast þeir Samtökum um betri byggð á engan hátt og það sem meira er, baráttumál þeirra virðast samkvæmt fréttaflutningi ganga þvert á markmið Samtaka um betri byggð," segir Orri. - jse

NÝJU MIÐBÆJARSKIPULAGI MÓTMÆLT Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri á Álftanesi, tekur við mótmælalistanum á blaðamannafundi Betri byggðar í gær.

Vinsæl tónlist

á ótrúlegu verði

OPIÐ
22. des. til kl. 22
23. des. til kl. 23

ALLUR ÁGÓÐI RENNUR TIL HJÁLPARSTARFS KIRKJUNNAR

1.000 kr

ÝMSIR - Hjálpum þeim

1.499 kr

ÓSKAR PÉTURSSON - Þú átt mig ein

1.499 kr

BERGSVEINN - September

1.499 kr

MATTI - Ólýsanleg

ALLUR ÁGÓÐI RENNUR TIL RAUÐA KROSS ÍSLANDS

1.499 kr

ÚR VÍSNABÓK HEIMSINS

1.499 kr

SIGGA BEINTEINS - Allt eða ekkert

1.499 kr

JÓNSI - Jónsi

1.499 kr

HANSA - Mannsöngvar

1.499 kr

HEIÐA - Hluti af mér

1.499 kr

LEONE TINGANELLI - Volo libero

1.499 kr

SKÍTAMÓRALL - Má ég sjá

1.499 kr

HEITAR LUMMUR

1.499 kr

INGIBJÖRG ÞÓRBERGS - Í sólgulu húsi

1.499 kr

JÓN SIGURÐSSON - Til þín

1.499 kr

MUGISON - Little trip

1.499 kr

REGÍNA - Regína Ósk

Gildir til 24. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARIÐ

1 *Ritun hvaða sögu hefur Þorsteinn Pálsson hætt við?*

2 *Hvers vegna var íslenskri konu vísað úr sænskum strætó fyrir skömmu?*

3 *Hvað heitir heimsmeistarinn í þungavigt í hnefaleikum?*

Svörin eru að blaðsíðu 74

Ísraelar hyggjast koma í veg fyrir að Palestínumenn í Jerúsalem kjósi:

Kosningum ef til vill aflýst

JERÚSALEM, AP Palestínska heimastjórnin hugleiðir að hætta við þingkosningarnar í janúar ef yfirvöld í Ísrael framfylgja áformum sínum um að banna Palestínumönnum búsettum í Austur-Jerúsalem að taka þátt í þeim.

AP-fréttastofan hafði í gær eftir ísraelskum embættismönnum að yfirvöld myndu koma í veg fyrir þátttöku Palestínumanna í kosningunum þar sem útlit er fyrir að Hamas-samtökunum vegni vel í þeim. „Hlutverk okkar er ekki að greiða fyrir uppgangi Hamas, sérstaklega ekki í frjálsri Jerúsalem," er haft eftir einum þeirra.

LAUSIR ÚR PRÍSUND Tveimur kennurum, Hollendingnum Henrik Taatgen (til vinstri) og félaga hans Brian Ambrosio, Ástralíu, var rænt á Gaza-ströndinni í gær en þeir voru látnir lausir skömmu síðar. Róttæk samtök sem tengjast Frelsissamtökum Palestínu hafa lýst yfir ábyrgð á mannráninu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nabil Shaath, upplýsingamálaráðherra í palestínsku heimastjórninni, segir að slíkar tálmanir séu næg ástæða til að aflýsa þingkosningunum sem eiga að fara fram 25. janúar. Saeb Erekat, aðalsamningamaður Palestínumanna, neitaði hins vegar að slæm staða Fatah-hreyfingar Mahmoud Abbas, forseta heimastjórnarinnar, væri raunveruleg ástæða fyrir þessum hugleiðingum um frestun.

Formælandi Hamas skoraði á Abbas að halda sínu striki en hann hefur þegar frestað kosningunum einu sinni, í júlí síðastliðnum vegna brottflutningsins frá Gaza. **- shg**

Héraðsdómur Reykjavíkur:

Skilorð fyrir árás með hnífi

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt ungan mann í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir sérlega hættulega líkamsárás í miðborg Reykjavíkur í maí á síðasta ári.

Maðurinn réðst þá að öðrum manni vopnaður hnífi sem hann stakk í læri fórnarlambsins og sprautaði að auki ókennilegum úða í augu mannsins.

Var hann sekur fundinn og dæmdur til að greiða tæpar 300 þúsund krónur í miskabætur til fórnarlambsins en fangelsisrefsingin fellur niður haldi hann almennt skilorð næstu þrjú árin. **- aöe**

GUNNLAUGUR BRIEM Gunnlaugur vann mál gegn Skífunni fyrir héraðsdómi en Hæstiréttur sneri þeim dómi.

Útgáfufyrirtæki stefnt:

Trommarinn tapaði málinu

DÓMSMÁL Gunnlaugur Briem tónlistarmaður tapaði máli í Hæstarétti sem hann vann í byrjun árs fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Héraðsdómur dæmdi honum 97.500 krónur vegna þess að hljóðfæraleikur hans sem undirleikari hafði verið endurútgefinn á hljómdisknum Eurovisionpartýbomba, sem Skífan (nú Dagur Group) gaf út. Disknum var dreift í matvöruverslunum með pylsum.

Hæstiréttur taldi hins vegar að þar sem upptökur með Gunnlaugi höfðu áður verið notaðar í endurútgáfur án þess að hann færi fram á greiðslu, hefði hann átt að taka fram að hann vildi fá greitt sérstaklega fyrir þessa endurútgáfu. Rétturinn hafnaði líka sjónarmiðum hans um að brotið hafi verið gegn sæmdarheiðri hans með því að selja tónlistina með mat. **- óká**

Annar tjaldbúi í Öskjuhlíð

Framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar miðborgarinnar fór um Öskjuhlíð í gær að leita annars tjaldbúa sem vart hefur orðið þar á skömmum tíma. Hann hefur verið í jakkafötum allan desembermánuð við heldur kaldranalegar aðstæður. Manninum verður boðin gisting í Gistiskýlinu við Þingholtsstræti.

SAMFÉLAGSMÁL Svo virðist sem Sævar Arnfjörð hafi ekki verið eini tjaldbúinn í Öskjuhlíð því með honum bjó maður nokkur, Lee Reynir Freer að nafni, frá því um miðjan nóvember. Hann býr enn í tjaldi Sævars í Öskjuhlíð og hefur verið í sömu jakkafötunum frá því í byrjun mánaðarins. Þau hafa lítið dugað honum gegn næturfrostinu.

„Þetta eru búnar að vera kaldar nætur og ekki bætir úr skák að það kviknaði í tjaldinu síðustu nóttina sem Sævar var hérna," segir Lee Reynir.

Það var starfsfólk í Perlunni sem benti blaðamanni á Lee Reynir sem hefur farið þangað annars lagið að ylja sér síðustu vikur. Hann er Sævari svolítið sár fyrir að hafa ekki vakið athygli manna á högum sínum.

„Ég er öryrki og það er mjög langt síðan ég fór að eiga í vandræðum með að tolla í vinnu vegna andlegs sjúkleika en ég hef aldrei átt í neinum verulegum vandræðum með áfengi," sagði Lee Reynir sem var sagnaglaður þrátt fyrir að vera nývaknaður hrollkaldur. „Ég fór einu sinni í meðferð en kapteinn Tyrfingsson útskrifaði mig með þeim orðum að ég væri ekki alkóhólisti heldur væri vandi minn sá að mig vantaði konu," sagði Lee Reynir sposkur.

Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalagsins, brást skjótt við líkt og þegar hann heyrði af aðstæðum Sævars. „Það er lögformleg ábyrgð borgaryfirvalda að menn búi ekki við þessar aðstæður sama hver forsaga þeirra er og nú hef ég samband við menn þar og svo verður bara farið í það að koma þessum manni undir þak," sagði Sigursteinn. Hafdís Gísladóttir, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, fór svo seinni part dags og aftur um kvöld að leita Lee Reynis til að bjóða honum gistingu í Gistiskýlinu við Þingholtsstræti. Hún hafði ekki fundið Lee Reyni þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs, segir að vissulega beri borgin lögformlega ábyrgð á því að menn búi ekki við svona aðstæður. „Við höfum verið að vinna að þessum málum og í raun eigum við úrræði í öllum tilfellum. Svo er það hitt hvort menn taki þeim. Ég hef til dæmis fengið það staðfest að þessi maður er velkominn í Gistiskýlið. Þannig að menn verða einnig að bera sig eftir björginni. Við getum ekki verið að kemba Öskjuhlíðina á hverjum morgni," segir hún. **jse@frettabladid.is**

LEE REYNIR FREER Tjaldvistin hefur verið býsna hörð fyrir þennan írskættaða Íslending sem segist þó ekki kalla allt ömmu sína. Hann er ekki með dýnu í tjaldinu og jakkafötin duga skammt í frosthörkunni.

SKRIFAÐ UNDIR Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets (í forgrunni), segir einu gilda hvort orkufyrirtæki gerist hluthafar í fyrirtækinu eða leigi út flutningsvirki sín.

Landsnet kaupir flutningskerfi raforku:

Greiðir 27 milljarða fyrir flutningsvirkin

RAFORKUIÐNAÐUR Gengið var frá kaupum Landsnets hf. á flutningsvirkjum Landsvirkjunar, Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins með samningi sem undirritaður var í gær. Samtals greiðir Landsnet um 26,8 milljarða króna fyrir flutningsvirkin í formi hlutabréfa og skuldabréfa.

Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja kusu fremur að leigja fyrirtækinu flutningskerfi sín. Landsvirkjun á því 69,44 prósent í Landsneti, RARIK 24,15 prósent og Orkubú Vestfjarða 6,41 prósent.

Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets, segir engu breyta hvort orkufyrirtæki kaupi sig inn í Landsnet eða leigi því flutningsvirki. „Flutningsvirkin eru öll háð sérleyfisstarfsemi og skammtaður tekjurammi frá Orkustofnun. Þess vegna sitja þeir sem ákveða að leigja alveg við sama borð og hinir hvað varðar arð af eignum sínum." Hann segir fulla sátt um framkvæmdina alla. „Lögin gera ráð fyrir því að fyrirtækin geti valið og gagnvart Landsneti breytir þetta engu. Við förum eftir sem áður með svokallaða kerfisstjórnun eignanna."

Þórður segist sjá fram á aukna samkeppni á raforkumarkaði eftir áramót, en þá geta landsmenn allir í fyrsta sinn valið sér raforkusala, hvort sem er til heimilisnotkunar eða atvinnurekstrar, óháð búsetu. **- óká**

Jólatré!
Ís eða kakó og jólasveinahúfa fyrir öll börn sem koma í jólaskóginn í Skútuvogi

50% afsláttur jólavara, jólaseríur

Jól í Skútuvogi

Túlipanar, 10 stk. **799**

Aðeins í dag

Hýasinta 99kr.stk

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

Hamborgarhryggur

Fimm stjörnu hátíðarmatur

1 kg 1.498 kr

1 kg 1.498 kr

Hreindýralæri

Úrbeinað og fitusnyrt.

kg 3.599 kr

Bayonne skinka

Alltaf góð um jólin!

1 kg 1.498 kr

Malt í dós	1/2 l	110 kr
Appelsín	2 l	199 kr
Freyjukonfekt	550 g	1.295 kr
Mozartkúlur	330 g	599 kr
Quality Street	3 kg	2.999 kr

Gripið & greitt

ALLTAF NÓG AF ÖLLU

Gripið & greitt Skútuvogi 4 Opið mán-fös 8.30-18.30 og lau 10-16

Flugumferð til og frá landinu með mesta móti um jól og áramót:

Áramót í útlöndum vinsæl

FLUG Farþegum í millilandaflugi fjölgar um jólin í samanburði við fyrri ár. Þessarar þróunar hefur orðið vart jafnt hjá Flugleiðum og Iceland Express.

„Það hefur orðið 15 prósenta aukning hefur milli ára í nóvember og sætanýting hefur aukist um 7.5 prósent. Þessar tölur halda svo áfram inn í desember," segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Flugleiða. „Það er mjög mikil umferð rétt fyrir jól og upp úr áramótum. Hjá okkur er þetta aðallega fólk sem er að koma heim eða fljúga út í heimsókn til ættingja og vina."

Arnar Þór Hafþórsson hjá Iceland Express hefur sömu sögu að segja. „Við höfum þurft að bæta við aukaferðum um jólin til að anna eftirspurn, til Lundúna, Kaupmannahafnar og Frankfurt. Milli jóla og nýárs róast þetta aðeins en það er samt mikill fjöldi Breta sem kemur til að upplifa flugeldageðveikina."

LEIFSSTÖÐ Margir leggja leið sína um Leifsstöð um jólin.

Úrval Útsýn sendi þrjár fullar vélar til Kanaríeyja í gær og enn ein flýgur út fyrir nýárið.

„Það verða um 800 manns þarna úti á okkar vegum um áramótin. Svona ferðir njóta sívaxandi vinsælda og það eru ekki bara einstæðingar og eldra fólk sem sækir í sólina yfir jólin heldur líka fjölskyldufólk. Öll breiddin," segir talsmaður ferðaskrifstofunnar. - dac

Hatursmenn nota Írak sem vígvöll

Írak er vígvöllur sem sameinar hatursmenn Bandaríkjanna hvaðanæva úr heiminum, segir Íraki sem hér er búsettur. Hann segir fjölskyldu sína í Írak bjartsýna eftir þingkosningarnar sem fram fóru í liðinni viku.

ÍRAK „Mitt fólk í Írak er nokkuð bjartsýnt eftir kosningarnar, sérstaklega vegna þess að kosningaþátttakan var mikil meðal súnnía," segir Raheem Mohaibes sem er sjálfur súnníi frá Írak en búsettur hér á landi.

Hann fer árlega til síns heimalands og er í stöðugu sambandið við fjölskyldu sína sem býr í borginni Diyala sem er skammt norður af Bagdad.

„En það sem fyrir súnníum vakir er að komast til áhrifa svo þeir geti komið núverandi ríkisstjórn frá sem flestir Írakar hafa óbeit á þar sem hún er strengjabrúða Bandaríkjamanna. Einnig er það heit ósk mín sem og fólksins í minni borg, sem og víðar í Írak, að Bandaríkjamenn fari hið fyrsta. Þó eru menn ekki bjartsýnir um að þeim verði að ósk sinni á næstunni. Við vitum svo sem ekki alveg hvað myndi gerast ef Bandaríkjamenn myndu hverfa nema að nýju ríkisstjórninni yrði komið frá. Andspyrnuöflin eru mun sterkari en stjórn landsins og því tórir hún meðan hún nýtur verndar Bandaríkjamanna."

Raheem segir að þó til séu pólitísk öfl sem etji súnníum og sjíum í hatrömm átök sé það þó alls ekki svo að þessir tveir hópar geti ekki búið saman. „Sjálfur er ég súnníi en kona mín er sjíi og tvær systur mínar eru giftar sjíum," segir Raheem.

Hann segir að Írak sé orðið að vígvelli þar sem allir helstu hatursmenn Bandaríkjanna komi saman hvaðanæva úr heiminum. „Þeir handtóku meira að segja einn Kúbverja sem barðist gegn Bandaríkjaher í Fallujah. Svo eru menn af arabískum uppruna sem hafa alist upp á Vesturlöndum duglegir að láta til sín taka í uppreisninni og sjá í Írak kjöraðstæður til að fá útrás fyrir hatrið á Bandaríkjamönnum. Svo njóta þeir aðstoðar annarra ríkja sem ekki eru hliðholl Bandaríkjunum. Það er til dæmis engin tilviljun að rússnesk sendiráð verða aldrei fyrir barðinu á uppreisnarmönnum," segir Raheem.



RAHEEM MOHAIBES Raheem segir það góðs viti að svo margir súnníar hafi greitt atkvæði sitt í kosningunum í síðustu viku. Það sem fyrir þeim vakir er þó að koma Bandaríkjamönnum úr landi og stjórninni frá segir hann.

Honum var verulega brugðið þegar hann kom til Íraks í fyrsta sinn eftir innrás Bandaríkjamanna. „Menn gátu þá tjáð sig um þjóðmálin sem var algjör nýlunda og þeir sem höfðu vinnu fengu allt í einu himinhá laun. En á móti kemur að ekkert öryggi var lengur til staðar bæði vegna andspyrnuhreyfingarinnar og svo jukust glæpir verulega því allt í einu voru fjölmargir atvinnulausir því flestum verksmiðjunum var lokað og fólk varð einhvern veginn að fá að borða," segir Raheem.

jse@frettabladid.is

Íranar og Evrópumenn taka upp kjarnorkuviðræður á ný:

Svartsýni ríkir um árangur

VÍN, AP Íranskir og evrópskir samningamenn settust til viðræðna um kjarnorkuáætlun þeirra fyrrnefndu í gær. Íranar sitja fastir við sinn keip um að hefja auðgun úrans á ný.

Viðræðurnar við Þjóðverja, Frakka og Breta hafa legið niðri síðan í ágúst eftir að Íranar tilkynntu að þeir ætluðu að hefja undirbúning að úranauðgun, en auðgað úran má bæði nota til orkuframleiðslu og kjarnorkuvopnasmíði. Manouchehr Mottaki, utanríkisráðherra Írans, sagði í Teheran í gær að þjóð sín áskildi sér allan rétt til að auðga úran, enda bryti slíkt ekki í bága við sáttmála um takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna.

Mohammed Mehdi Akhonzadeh, fastafulltrúi Írans hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni í Vín, sagði í fundarhléi í gær að fundarmenn hefðu viðrað sjónarmið sín en of snemmt væri að segja til um árangur. Evrópskir starfsbræður hans voru hins vegar svartsýnir á að nokkur árangur myndi nást með viðræðunum, í raun væri aðeins verið að ganga úr skugga um hvort einhver tilgangur væri með því að hittast aftur.

GENGIÐ TIL FUNDAR Akhonzadeh var glaðbeittur í Vín í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússar hafa boðist til að auðga úran fyrir Írana nægilega til að það megi nota til orkuvinnslu. Talið er ólíklegt að Íranar fallist á það.

Þrátt fyrir að Íranar haldi því fram að úranvinnslan sé eingöngu í friðsamlegum tilgangi gruna margir þá um græsku þar sem þeir héldu tilburðum sínum leyndum í hartnær tvo áratugi. - shg

GLEÐILEG JÓL!

Jólatúlipanavöndur
1.500 kr

VASI FYLGIR MEÐ
(meðan birgðir endast)

10 túlipanar
990 kr

Tilboð!

SKRAUT- OG INNISERÍUR — **25% AFSLÁTTUR**
ÚTISERÍUR — **20% AFSLÁTTUR**

BORÐSKRAUT Í ÚRVALI

Skreyttar leiðisgreinar

Tilboð!

frá 990 kr.

JÓLATRÉSFÓTUR
- stöðugur, tekur 2 ½ ltr. af vatni!

Tilboð!

1.990 kr.

HEITT SÚKKULAÐI
Í JÓLATRJÁA-SKÓGINUM!

GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

Opnunartími um jólin
Þorláksmessa opið til 23.00
aðfangadag opið til 14.00
jóladagur og annar í jólum lokað

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is - gardheimar@gardheimar.is

ALLT Á KAFI Í SNJÓ Veturinn er svo sannarlega kominn til Moskvu. Þessi lögreglumaður gat þó nýtt sér snjóskaflana við Dómkirkju heilags Basils til að fá betra útsýni til eftirlitsstarfa í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jóhannes Jónsson í viðtali við Politíken:

Segir Dani skorta kraftinn

DANMÖRK Danir þurfa að vinna meira og þarlendir bankar að taka meiri áhættu að mati Jóhannesar Jónssonar í Bónus. Þetta kemur fram í viðtali við hann í dagblaðinu Politiken í gær. Segir Jóhannes muninn á Íslendingum og Dönum meðal annars vera þann að þeir síðarnefndu byrji snemma að tala um hvenær þeir ætli á eftirlaun. Íslendingar leiði hins vegar ekki hugann að því fyrr en á sjötugsaldri og vinni töluvert meira. Telur hann að háir tekjuskattar í Danmörku virki letjandi og því vilji Danir frekar eyða tímanum heima hjá sér en í vinnunni.

Einnig segir Jóhannes að frumkvöðla skorti í danskt viðskiptalíf í dag. Honum finnst sem krafturinn sem einkennt hafi þjóðina eftir seinni heimstyrjöldina sé horfinn.

Að mati Jóhannesar mættu danskir bankar taka þá íslensku sér til fyrirmyndar og vera tilbúnir til að fjármagna góðar hugmyndir.

Politiken boðar frekari umfjöllun um íslenskt viðskiptalíf næstu daga. **- ks**

JÓHANNES JÓNSSON Í BÓNUS Jóhannes segir Íslendinga vinna töluvert meira en Dani. FRÉTTABLAÐIÐ/

Finnsk skoðanakönnun:

Finnar vilja ganga í NATO

FINNLAND Finnar eru tilbúnir að leita til Atlantshafsbandalagsins NATO ef Rússar ógna þeim með einhverjum hætti.

Finnska síðdegisblaðið Iltalehti segir að könnun sýni að meirihluti Finna, sjötíu prósent, styðji inngöngu þjóðarinnar í NATO ef ástandið í Rússlandi breytist til hins verra. Bændur eru sérstaklega jákvæðir gagnvart inngöngu, svo og eldri borgarar og atvinnurekendur. Könnunin sýnir einnig að stuðningur við NATO er mun meiri á krepputímum en á öðrum tímum. Yfir eitt þúsund Finnar tóku þátt í könnuninni, sem var gerð í byrjun mánaðarins. ■

FORSETAHJÓNIN Jakaya og Salma Kikwete voru glöð í bragði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýr forseti Tansaníu:

Hyggst berjast gegn fátækt

TANSANÍU, AP Jakaya Mrisho Kikwete sór í gær embættiseið forseta Tansaníu en hann er sá fjórði sem gegnir því embætti síðan landið fékk sjálfstæði.

Kikwete fékk áttatíu prósent atkvæða í forsetakosningunum 14. desember, sem erlendir eftirlitsmenn segja að hafi verið þær heiðarlegustu síðan fyrstu fjölflokkakosningarnar voru haldnar í landinu árið 1995.

Í ávarpi sínu kvaðst Kikwete ætla að halda áfram starfi fyrirrennara sinna í Byltingarflokknum og vinna bug á fátækt en Tansanía er eitt fátækasta land veraldar. ■

Samtök um betri byggð:

Borgin slíti samstarfi

BORGARMÁL Samtök um betri byggð krefjast þess að borgaryfirvöld slíti nú þegar samstarfi sínu við samgönguráðuneytið um framtíð flugstarfsemi í Vatnsmýri enda eigi samgönguráðherra ekkert að hafa um skipulagsmál í Reykjavíkurborg að segja.

Ítreka samtökin að flugstarfsemi eigi enga framtíð í Vatnsmýrinni og segja kostnað við slíkt um einn milljarð króna hvern mánuð miðað við að þar væri blómleg byggð og flugvöllurinn yrði fluttur annað. ■

Segir útúrsnúninga Péturs óþolandi

Útreikningar vinnuhóps um öldrunarmál sýna að skattbyrði ellilífeyrisþega hefur aukist jafnt og þétt frá 1988. Formaður Landssambands eldri borgara segir að skattleysismörk ættu að vera 105 þúsund krónur fylgdu þau verðlagi.

STJÓRNMÁL „Þetta er óþolandi útúrsnúningur sem maður heyrir aftur og aftur," segir Ólafur Ólafsson hjá Landsambandi eldri borgara vegna ummæla Péturs Blöndal í Fréttablaðinu í gær. Pétur sagði þar að skattbyrði hefði þyngst hjá almenningi þar sem tekjur hefðu hækkað gríðarlega undanfarin ár.

„Skýst þó skýrir séu," segir Ólafur. „Það er vitað mál að skattbyrðin hefur þyngst mikið síðustu árin, ekki bara vegna þess að tekjur hafa aukist, heldur ekki síður vegna þess að greiddur er tekjuskattur af hærri hluta tekna en áður, jafnvel þótt tekjur hafi ekkert hækkað umfram verðlag."

Ólafur vitnar þar í niðurstöður vinnuhóps samráðsnefndar um öldrunarmál en hann var skipaður sérfræðingur frá fjármálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingarráðuneyti og Landssambandi eldri borgara.

„Þannig má sjá að einstaklingur sem er yfir 70 ára og hefur 100 þúsund krónur í tekjur á mánuði greiðir 9.385 krónur í tekjuskatt eða 9,4 prósent. Með sömu rauntekjur við upptöku skattkerfisins 1988 greiddi hann ekki eina krónu í tekjuskatt. Skattbyrði hans hefur því aukist um 9,4 prósent þótt tekjur hans hafi ekki hækkað umfram verðlag. Fyrir tíu árum greiddi hann 7,6 prósent tekna sinna í skatt með sömu rauntekjur svo skattbyrðin hefur líka þyngst síðan þá," segir Ólafur.

ÁRNI MATHIESEN



ÓLAFUR ÓLAFSSON FORMAÐUR LANDSSAMBANDS ELDRI BORGARA Hann segir að þingmönnum stjórnarflokkanna geti skjátlast í skattaumræðunni þó að skýrir séu.

Hann segir þar að auki að ef skattleysismörk hefðu fylgt verðlagi frá upptöku skattkerfisins væru þau rúmlega 105 þúsund krónur á mánuði en ekki 75 þúsund.

Borgþór S. Kjærnested, framkvæmdastjóri Landssambandsins, tekur í sama streng og segir mjög ósanngjarnt hvernig stjórnarliðar beiti tölubrellum í stað þess að viðurkenna staðreyndir málsins.

„Þetta er í meginatriðum rétt sem Pétur segir," segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra. Hann var ekki tilbúinn til að tjá sig um þessa útreikninga að svo stöddu en ítrekaði að aukin skattbyrði hjá almenningi væri til komin vegna aukinna atvinnutekna og annarra þátta.

Ekki náðist í Pétur Blöndal vegna þessa máls. **jse@frettabladid.is**

SKATTBYRÐI UNDANFARINNA ÁRA FYRIR ÞÁ SEM ERU MEÐ 100.000 KRÓNUR Í TEKJUR Á MÁNUÐI

Ár	Tekjur	Skattleysismörk	Hlutfall tekna
1988	43.116	44.182	-
1990	59.975	53.988	4,0
1995	71.393	58.416	7,6
2000	82.069	63.488	8,7
2005	100.000	75.125	9,4

Heimild: Vinnuhópur samráðsnefndar um öldrunarmál

Örvæntingarfullur sjúklingur:

Stal kókómjólk og matvælum

DÓMSMÁL Maður var á mánudag dæmdur í hálfsársfangelsi fyrir að stela þremur kókómjólkurfernum, osti, hangikjötssalati og brúnköku úr bakaríi í Kópavogi á sunnudagskvöldi í lok ágúst.

Héraðsdómi Reykjaness þótti, vegna aðstæðna mannsins, ástæða til að skilorðsbinda refsinguna í tvö ár. Maðurinn lýsti því hjá lögreglu að hann hafi í örvæntingu brotið rúðu í bakaríinu, tekið vörurnar og sest að snæðingi skammt frá, meðan hann beið þess sem verða vildi. Hann sagðist hafa verið án matar og samastaðar. Maðurinn var í kjölfarið vistaður á geðdeild í mánuð, fór í vímuefnameðferð og frekari meðferð á Kleppi og hefur sótt þar um frekari vist. Frá 2003 hefur maðurinn hlotið margvíslega dóma. **- óká**

Heimsminjaskrá UNESCO:

Surtsey fær tilnefningu

HEIMSMINJAR Ríkisstjórn Íslands samþykkti á þriðjudag að tilnefna Surtsey á heimsminjaskrá UNESCO. Þingvellir voru tilnefndir árið 2001 og samþykktir í fyrra. Einnig er unnið að tilnefningu Skaftafells.

Allar nauðsynlegar upplýsingar um jarðfræði, lífríki og þróun Surtseyjar liggja fyrir og þess vegna er mögulegt að ganga frá tilnefningunni mjög fljótlega. **- sh**

LÍBERÍA

Weah fellur frá kærum Knattspyrnukappinn George Weah, sem bauð sig fram í forsetakosningunum í Líberíu í haust, hefur fallið frá kærum um að framkvæmd þeirra hafi verið meingölluð. Þar með stendur ekkert í vegi fyrir að Ellen Johnson-Sirleaf verði sett inn í forsetaembættið en hún er fyrst afríska kvenna til að verða kjörinn leiðtogi í landi sínu.

ÓMISSANDI Á JÓLUNUM!

Til að skapa fullkomna jólastemningu þarf að huga að hverju smáatriði. Fjölskylduhefðirnar verður að halda í til þess að jólin séu eins og þau eiga að vera. Sulturnar frá **Den Gamle Fabrik** eru í senn smáatriði og aðalatriði í jólamatnum, enda hafa Íslendingar gætt sér á þessum bragðmiklu sultum í meira en þrjá áratugi. Fullkomnaðu jólin á þinn hátt með þínum hefðum, en ekki gleyma sultunum frá **Den Gamle Fabrik**.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 30770 12/2005

Merkjabúð á tveimur hæðum

Komdu sjálfum þér og ástvinum á óvart. Í Debenhams er úrval af fatnaði og gjafavöru á verði sem kemur þér í jólaskap.

Daman: Kjóll 11.990 kr., hanskar 1.590 kr., skór 5.990 kr., sokkabuxur 899 kr. Skartgripir Pilgrim. Herrann: Jakkaföt 24.500 kr., skyrta með slaufu 3.290 kr. Aðrir hlutir: Ljósakróna 15.990 kr., taukarfa 6.990 kr. glös plast 399 kr. stk., bollapar Denby 2.080 kr., kokteilhristari 2.490 kr., Cusinart kaffikanna 12.900 kr., geymslubox úr leðri 5.990 kr., rammar 899 kr., hnífasett 5 stk. 9.990 kr., púði 3.490 kr., bangsar 2.190 kr., barnakjóll 3.990-4.590 kr., barnapeysa 2.190 kr., wokpanna 11.500kr.

DEBENHAMS

SMÁRALIND

Vinsælasta hangikjötið í Bónus!

HEILT HANGILÆRI
1189 kg KR.
MEÐ BEINI

FRAMPARTUR
1359 kg KR.
ÚRBEINAÐUR

SÉRVALIÐ FYRSTA FLOKKS LAMBAKJÖT
KJARNAFÆÐI
NORÐLENSKT
KOFAREYKT
HANGIKJÖT
HEFÐBUNDIN ÍSLENSKUR HEIMILISMATUR

FRAMPARTUR MEÐ BEINI
595 kg KR.
Í BITUM

HANGILÆRI
1839 kg KR.
ÚRBEINAÐ

KJARNAFÆÐI

Opið til 22.00 í kvöld

TAÐREYKT ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
1799 kg KR.
Merkt verð 2399kr.

TAÐREYKT ÚRBEINAÐUR FRAMPARTUR
1349 kg KR.
Merkt verð 1799kr.

25% afsláttur vjá kassann

FRANSKUR CAMEMBERT
Þyngd: 240g
Athugið að íslenski Camembertinn er aðeins 150g

CAMEMBERT
259 240g KR.

FETAOSTURINN FRÁ MJÓLKU FÆST Í BÓNUS!

MJÓLKUFETI
195 200g KR.

FORSOÐNAR ÍSLENSKAR PARÍSARKARTÖFLUR

2x 300grömm
359 600g KR.

EKKERT BRUDL

EKKERT BRUDL

Bónus býður betur!

Sykurpúðatenórarnir
1598 kr.
DISKURINN

Ave Maria
O holy night
Unchained melody
Feelings
Ti amero
Mama

IL DIVO - tenórarnir
ÓVIÐJAFNANLEG TÓNLIST!

EKKERT BRUDL

Opnum 10.00
í dag

Afgreiðslutími til jóla

Opið í dag, fimmtudag
10.00 til 22.00

Föstudag 23. des.
þorláksmessu
10.00 til 22.00

Laugardag 24. des.
aðfangadag
9.00 til 12.00

Lokað jóladag
og annan jóladag

Bezt hamborgarhryggur

BEZT HAMBORGARHRYGGUR
899 kr.kg
Merkt verð 1498 kr.

40% afsláttur við kassann

ALI hamborgarhryggur
með áratuga hefð að baki

1049 kr.kg
ALI hamborgarhryggur
Merkt verð 1498 kr.

1399 kr.kg
ALI hamborgarhryggur
ÚRBEINAÐUR
Merkt verð 1998 kr.

30% afsláttur við kassann

Ali

BÓNUS
www.bonus.is

BÓNUS bonus.is BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Landlist

GJÖFIN HENNAR

DEKURDAGUR Í BAÐHÚSINU

ávísun á vellíðan

Komdu á óvart
gefðu henni Dekurdag í Baðhúsinu
í jólagjöf

LÚXUSDAGUR

* lúxus andlitsbað
* litun og plokkun
* lúxus handsnyrting
* lúxus fótsnyrting
* spa líkamsmeðferð
* léttar veitingar
* augnmaski
* heit laug
* vatnsgufa
* hvíldarhreiður

8 KLST. PAKKAVERÐ 25.900 KR.
FULLT VERÐ 30.100 KR.

DEKURDAGUR A

* lúxusandlitsbað
* augnmaski
* litun og plokkun
* handsnyrting
* fótsnyrting
* vax að hnjám
* heilnudd
* heit laug
* vatnsgufa
* hvíldarhreiður

6-7 KLST. PAKKAVERÐ 24.900 KR.
FULLT VERÐ 28.400 KR.

DEKURDAGUR B

* andlitsbað
* augnmaski
* plokkun
* handsnyrting
* fótsnyrting
* heilnudd
* heit laug
* vatnsgufa
* hvíldarhreiður

5 KLST. PAKKAVERÐ: 19.600 KR.
FULLT VERÐ 21.800 KR.

DEKURDAGUR C

* nudd og maski
* litun og plokkun
* ljósatími
* handsnyrting
* fótsnyrting
* partanudd
* heit laug
* vatnsgufa
* hvíldarhreiður

4-5 KLST. PAKKAVERÐ: 18.300 KR.
FULLT VERÐ 19.910 KR.

hönnunlinda@isf.is

ICELAND
SPA & FITNESS

Brautarholti 20 105 Reykjavík
sími 561 5100 mottaka@isf.is
www.isf.is

Bensenflekkurinn baneitraði:

Tíu þúsundir eru vatnslausar

RÚSSLAND, AP Yfirvöld í Khabarovsk í Síberíu hafa skrúfað fyrir vatnið hjá tíu þúsund manns í borginni vegna ótta um að Amurfljót sé mengað benseni.

Eitrið kemur frá kínverskri efnaverksmiðju þar sem sprenging varð í síðasta mánuði og varð milljónaborgin Harbin vatnslaus af þeim sökum.

Mengunar hefur ekki enn orðið vart í Khabarovsk, sem stendur neðar við sama fljót, en yfirvöldum þótti vissara að takmarka vatnsaðgang þeirra sem sækja sér neysluvatn úr fljótinu meðan flekkurinn færi hjá. ■

VATN SÓTT YFIR LÆKINN Nístingskuldi er á þessum slóðum og verða borgarbúar því að sækja vatn langar leiðir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ÖNGÞVEITI Flestar götur New York voru þaktar samfelldum bílalestum sem rétt mjökuðust eftir malbikinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Annar dagur verkfallsins í New York var í gær:

Milljarða tekjutap vegna verkfallsins

BANDARÍKIN Annar dagur verkfalls starfsmanna samgöngukerfa New York-borgar var í gær. Stéttarfélög hafa verið sektuð um stórfé enda verður borgin af milljarða króna tekjum.

Mikil röskun hefur orðið á daglegu lífi borgarbúa vegna verkfallsins. Pétur Þ. Óskarsson viðskiptafulltrúi, sem býr í Brooklyn, segir að fram eftir morgni sé bílum ekki hleypt yfir til Manhattan nema að í þeim séu fjórir að lágmarki. Á þriðjudag varð hann að hverfa frá Brooklyn-brúnni þar til takmörkununum hafði verið aflétt og ferðin heim tók hálfan þriðja tíma í stað hálfrar klukkustundar. Í gær hafði Pétur hins vegar vaðið fyrir neðan sig og lagði af stað í vinnuna þegar mesta umferðin var að baki.

Umferðin í gær gekk að vonum hægt enda reiða milljónir manna sig á almenningssamgöngur. Margir gerðu þó ráðstafanir og lögðu af stað í vinnuna í bítið.

Stéttarfélag samgönguverkamanna var í gær dæmt til að greiða rúmar sextíu milljónir króna í sekt fyrir hvern dag sem verkfallið stendur og hugleiddu yfirvöld að stefna fleiri verkalýðsfélögum. Í gær settust deilendur hins vegar að samningaborðinu þótt enn sé óvíst um árangur.

Michael Bloomberg borgarstjóri átaldi félögin harðlega í viðtali við AP-fréttastofuna enda er talið að borgin verði af tuttugu milljörðum króna í tekjur hvern dag sem verkfallið stendur. Mikil uppgrip eru hins vegar hjá leigubílstjórum og vonast þeir eflaust til að verkfallið vari sem lengst. - shg

Vodafone live!

Hringitónar Fréttir og Íþróttir Leikir Skemmtun

GÓÐA SKEMMTUN

Komdu í spennandi heim afþreyingar og upplýsinga

Nýir leikir í Vodafone live!

Vodafone live! SÍMI
19.900 kr.
NOKIA 6101

Vodafone live! SÍMI
24.900 kr.
MOTOROLA V3 RAZR

14.900 kr.
NOKIA 6020
Vodafone live!

ótrúlegt verð

og vodafone
Heyrumst!

Smelltu þér á www.ogvodafone.is, farðu í næstu verslun Og Vodafone eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 30761 12/2005

„ORÐRÉTT“

Alltaf veist þú allt best

„Þorsteinn tekur þarna rétta ákvörðun og hefði átt að taka hana fyrr.“

MÖRÐUR ÁRNASON ALÞINGISMAÐUR Í FRÉTTABLAÐINU UM ÁKVÖRÐUN ÞORSTEINS PÁLSSONAR UM AÐ HÆTTA VIÐ AÐ SKRIFA SÖGU ÞINGRÆÐIS.

Er nú ekki ofmælt að kalla Árvakur fjölmiðlasamsteypu?

„Á síðustu mánuðum hefur orðið ljóst að misbeiting fjölmiðlasamsteypu í þágu valdamikilla eigenda er ekki bara fjarlægur möguleiki, heldur raunveruleikinn í íslenzku samfélagi.“

LEIÐARI MORGUNBLAÐSINS.

tilveran *nær og fjær*

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GÍSLI EINARSSON EIGANDI NEXUS

Ég er eiginlega orðinn alveg ruglaður

„Mikið að gera, ég er orðinn alveg ruglaður eiginlega. 50 prósenta söluaukning frá því í fyrra, DVD-ið er rifið úr hillunum hjá okkur,“ segir Gísli Einarsson, eigandi Nexus. „Við auglýstum grimmt fyrir jólin og það virðist vera að borga sig. Við dreifðum bæklingi BT-stæl og fólk kemur hingað með puttana í honum auk þess sem allskonar tilboð og afslættir eru að vekja lukku. Við erum með sjónvarpsþætti og japanskar teiknimyndir sem finnast ekki víða annars staðar og þar hefur salan aukist mikið og kaupendahópurinn hefur stækkað nokkuð. Nexus-dót verður því í ófáum jólapökkum þessi jól. Við erum enn með allt fyrir safnarana en við það bætist allt frá leikföngum til skáldsagna.“

Nexus varð fyrst þekkt sem myndasögubúð og Gísli segir þær séu ennþá stóran þátt verslunarinnar. „Myndasögur eru alltaf gríðarlega

vinsælar hjá okkur. Núna erum við með svona pusher-tilboð á japönskum teiknimyndasögum, fyrsti skammtur á hálfvirði til að koma mönnum á bragðið.“ Nexus hefur löngum verið eftirlæti ungra manna en Gísli segir mörg ár liðin síðan verslunin hætti að vera stráka-búð. „Það er aðallega Japönunum að þakka sem búa gagngert til teiknimyndir og myndasögur fyrir stelpur. Eina strákavígið sem eftir lifir hjá okkur eru eiginlega spilin og hlutverkaleikirnir, warhammer og svoleiðis.“ Í versluninni eru einnig seld borðspil en Gísli getur ekki beint mælt með þeim til að spila með börnunum á jóladag. „Við einbeitum okkur að herkænskuspilum sem eru í flóknari kantinum, meira fyrir áhugamennina en heilar fjölskyldur.“

Gísli hefur oft skipulagt sérstakar Nexus-forsýningar um jól á kvikmyndum sem falla undir áherslur búðarinnar sem séu ævintýra- og vísindaskáldskapur en ekkert slíkt er á teikniborðinu þetta árið. „Við höfum bara átt fullt í fangi með búðina eina þessi jól, auk þess sem engin aðkallandi mynd var á dagskrá. Við sýndum Hringadróttinssögu þrjú jól í röð enda annað ekki hægt, en annars spilum við þetta bíó bara eftir hendinni.“

SJÓNARHÓLL

LAUNAHÆKKANIR EMBÆTTISMANNA

ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR ÚTVARPSMAÐUR

Of mikið

„Mér finnst þetta náttúrlega í fyrsta lagi í hróplegu ósamræmi við það sem gerist hjá öðrum,“ segir Arnþrúður Karlsdóttir, útvarpsstjóri á Útvarpi Sögu, um launahækkanir þær er kjaradómur hefur úrskurðað forseta, ráðherrum, embættismönnum, dómurum og alþingismönnum. Hækkun flestra nemur rúmum átta prósentum og eru alþingismenn til dæmis með rétt tæpar fimm hundruð þúsund krónur á mánuði, forsætisráðherra með tæpa milljón og forseti með rúmar sextán hundruð þúsund krónur á mánuði. „Ég sakna þess að heyra ekki frá háttsettum aðilum að stöðugleika og verðbólgumarkmiðum sé ógnað með þessum launahækkunum eins og þeir gera svo oft þegar eitthvað annar hækkar eða hreyfist,“ segir Arnþrúður. Sem kunnugt er afsalaði Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri sér launahækkun en hefð er fyrir því að laun borgarstjóra haldist í hendur við laun forsætisráðherra. Arnþrúður er hrifin af þeirri ákvörðun Steinunnar. „Þetta var gott hjá henni og hún er samkvæm sjálfri sér. Fleiri mættu taka sér Steinunni til fyrirmyndar og ég skil bara ekkert í stjórnarandstöðunni eins og hún leggur sig að afsala sér þessu ekki líka.“

Bókasalan í Sjávarborg:

Spennufíklar í Stykkishólmi

„Afturlending eftir Viktor Arnar selst mest og er uppseld hjá mér,“ segir Dagbjört Höskuldsdóttir, kaupmaður í Sjávarborg í Stykkishólmi. Án þess að lítið sé gert úr ágæti bókar Viktors hefur það sjálfsagt sitt að segja um vinsældir hans í Hólminum að hann er ættaður frá Flatey, sem er jú í næsta nágrenni Stykkishólms. Spennubókin Krosstré eftir Jón Hall Stefánsson hefur líka selst vel hjá Dagbjörtu. Má því segja að Hólmarar séu spennufíklar.

Af öðrum bókum sem eru á metsölulista Dagbjartar í Sjávarborg má nefna sögu Guðmundar Magnússonar um Thorsarana, Sólskinshest eftir Steinunni Sigurðardóttur, Harry Potter og Eragon.

Dagbjört hefur selt bækur í ellefu ár og segir ágætt að gera. Hún fékk keppinaut fyrir tveimur árum þegar Bónus opnaði í bænum en þar fást metsölubækurnar fyrir jól. „Ég fann fyrir samdrætti í fyrra en mér finnst að heimamenn vilji hafa bækur allt árið og held að fólk horfi ekki í mismuninn á verðinu sem stundum er afar lítill,“ segir Dagbjört kaupmaður. ■

ELÍSABET JÖKULSDÓTTIR Setur skemmtilegan svip á Melabúðina þegar hún býður viðskiptavinum bókina sína til kaups. FRÉTTABLAÐIÐ/PÉTUR

Af dularfullri stúlku og afgreiðslumanni í BYKO

Vesturbæingar vita að jólin eru skammt undan þegar Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur hefur komið sér fyrir í Melabúðinni og býður bækurnar sínar til kaups. „Síðan þessi kona varð trúuð hefur hún verið til vandræða í húsinu,“ heitir nýjasta bók Elísabetar. Þetta er jafnframt sú bók hennar sem ber lengstan titilinn.

„Það var afgreiðslumaður í BYKO sem sagði þessi orð við mig,“ segir Elísabet um titilinn langa. Og eins og skáldum er lagið lét hún orðin hvorki eyðast né gleymast heldur færði þau í letur. Síðan þessi kona varð trúuð hefur hún verið til vandræða í húsinu er ekki bara titill bókarinnar heldur líka upphafsorð sögunnar. Síðustu orð hennar eru hins vegar: Hvar er konan sem er að kalla á mig? Þau fær Elísabet að láni frá ungri stúlku sem einn daginn var allt í einu komin inn í stofu til hennar, sár og illa til reika. „Hún var í annarlegu ástandi og ég gaf henni súpu,“ segir Elísabet. „Svo hvarf hún jafn skyndilega og hún kom og ég horfði á eftir henni ganga í áttina að sjónum. Ég kallaði á eftir henni en hún vissi einhvern veginn ekki hvaðan orðin komu og sagði þá þetta: Hvar er konan sem er að kalla á mig?“ Svona birtist veruleiki Elísabetar í bókum hennar.

Í sögunni segir af konu í Vesturbænum sem er að gera upp húsið sitt og er því tíður gestur í BYKO. Elísabet virðist eiga í nánu sambandi við byggingavöruverslunina góðkunnu. „Ég hef búið við hliðina á BYKO hér í Vesturbænum í fimmtán ár og fylgst með fólki kaupa spýturnar sínar.“ Verslunin er nú orðin vettvangur atburða í bók en ekki er vitað til að BYKO í Vesturbænum hafi áður ratað í skáldsögu.

Ekki ber að taka öllu í sögunni bókstaflega. „Kannski konan sé ekki að gera upp hús heldur sjálfa sig,“ segir Elísabet og gerist dularfull.

Fáir rithöfundar eru í jafn nánu og góðu sambandi við lesendur sína og Elísabet Jökulsdóttir. Hún hefur kynnst mörgum á þeim löngu stundum sem hún hefur staðið í anddyri Melabúðarinnar eða Nóatúns við Hringbraut enda vilja margir spjalla, ýmist um bókmenntir eða lífsins gagn og nauðsynjar. En þó hún hafi jafnan afskaplega gaman af að selja bækurnar sínar með þessum hætti reynist það stundum erfitt að drífa sig af stað. Það tekur stundum á. „Stundum þarf ég langan tíma til að manna mig upp í þetta, jafnvel nokkra daga,“ segir hún. En oftast er gaman þegar á hólminn er komið. „Það verða meira að segja til söguefni í búðinni. Í gær var ég spurð hvort bókin mín væri um Jón Gnarr og svo kom til mín eldri kona og talaði þannig um ástina að vit var í.“ ■

Rólegheit á Raufarhöfn:

Engar skipakomur

Lífið er með rólegra móti á Raufarhöfn þessa dagana, íbúar almennt yfirvegaðir og vel haldnir til munns og maga, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Sjá má á heimasíðu Raufarhafnarhrepps að tregt hefur verið í netin, eins og það er orðað en sú mun raunar jafnan vera reyndin á þessum tíma árs. Betur hefur fiskast á línu og hafa skipverjar á fleyjunum Bryndísi og Karólínu fengið í kringum fjögur tonn í róðri.

Þá kemur fram í fréttum frá hafnarverði á Raufarhöfn að ekki sé vitað um neinar skipakomur fram að áramótum. ■

RAUFARHÖFN Myndin er tekin á fögrum sumardegi.

SVÍNASÚPAN

SERÍA 1 LOKSINS FÁANLEG Á DVD!

FYNDNUSTU LEIKARAR LANDSINS FARA Á KOSTUM
Í SKEMMTILEGUSTU GAMANSERÍU SÍÐARI ÁRA!

INNIHELDUR M.A.

- BAKVIÐ TJÖLDIN OG GERÐ ÞÁTTANNA
- TRYGGÐU ÞÉR EINTAK Í NÆSTU VERSLUN

TRYGGÐU ÞÉR ÞINN SKAMMT Í NÆSTU VERSLUN

sena

JÓLAGJAFIR



NIKE TEAM HOLIDAY FZ
Rennd bómullarpeysa á herra. Litur: brún, græn
Stærðir: S - XL. Kr. 4.990

4.990
VERÐ ÁÐUR ~~6.990~~

Herrasportfatnaður

3.690 VERÐ ÁÐUR ~~4.490~~

2.990 VERÐ ÁÐUR ~~3.990~~

Champion

CHAMPION **LIGHT WEIGHT MICRO** Buxur á herra. Netfóðraðar bómullarbuxur. Litur: svartar. Stærðir: S - XXL. Kr. **3.690**

CHAMPION **ELASTIC CUFF PANT** Bómullarbuxur á herra. Litur: bláar og svartar. Stærðir: XS - XXL. kr. **2.990**

2.990
VERÐ ÁÐUR ~~3.490~~

Champion

CHAMPION **HALF ZIP SWEATER** Hálfrennd bómullarpeysa á herra. Litur: svört og blá. Stærðir: S - XL. Kr. **2.990**

100% ÖRYGGI
við lofum þér lægra verði!

Við leggjum okkur 100% fram við að bjóða ávallt upp á lægsta verðið. Ef þú hefur keypt vöru í INTERSPORT og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá **endurgreiðum** við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun.
Gildir í tvær vikur frá kaupdegi , gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvörur.

Intersport Húsgagnahöll SÍMI 585 7220 • Opið til klukkan 22, Þorláksmessa til k. 23 • **Intersport Smáralind** SÍMI 585

OPIÐ TIL KL. 22
ÞORLÁKSMESSA OPIÐ TIL KL. 23

Jól 2005
ÍÞRÓTTIR & ÚTIVIST

8848 ALTITUDE

Altitude POLECAT JKT JR
Vönduð vetrarúlpa á stúlkur. Vatns- og vindhelt með góðri öndun. Litur: rauð og bleik. Stærðir: 130-160. Kr. **7.990**



7.990
VERÐ ÁÐUR ~~9.490~~

VANDAÐUR VETRARFATNAÐUR Á KRAKKA

8848 ALTITUDE

Atitude GLATTON PANT JR Vandaðar vetrarbuxur á börn. Litur: svartar og gráar. Stærðir: 130-160. Kr. **5.490**

5.490
VERÐ ÁÐUR ~~6.990~~

2.490
VERÐ ÁÐUR ~~2.990~~

3.990
VERÐ ÁÐUR ~~4.990~~

Nike CL WOV PANT Þægilegar barnabuxur úr bómull. Litur: bláar. Stærðir: 128-176. Kr. **2.490**

Nike DF WOV PANT Þægilegar dri-fit herrabuxur. Litur: svartar. Stærðir: S - XXL Kr. **3.990**

Póstverslun
VIÐ SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

INTERSPORT®

Club Intersport, sjá nánar á www.intersport.is

5 7240 • Opið til klukkan 22, Þorláksmessa til k. 23 • **Intersport Selfossi** SÍMI 585 7197 • Opið til klukkan 22, Þorláksmessa til k. 23

Svona erum við

> Innflutningur frá Bahamaeyjum (í tonnum)



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: BÓLIVÍA

Landlukt lýðveldi kennt við Bolivar

Lýðveldið Bólivía er nú í heimsfréttunum vegna forsetakosninga sem þar fóru fram um síðustu helgi, en þeim lyktaði með sigri vinstrimannsins Evo Morales sem verður fyrsti indíáninn til að setjast í forsetastól í þessu landlukta landi í miðri Suður-Ameríku. Bólivía á landamæri að Brasilíu í norðri og austri, Paragvæ og Argentínu í suðri og Chile og Perú í vestri.

Hver er saga Bólivíu?
Byggð hefur verið í dölum Andesfjalla líklega í um 5.000 ár. Fram til um 1.200 e. Kr. blómstraði Tiwinaku-siðmenningin við suðurenda Titikaka-vatns. Aymara-indíánar nútímans telja sig vera afkomendur Tiwinaku-manna. Inkar náðu yfirráðum yfir hálendissvæðum Bólivíu um árið 1450 og stækkuðu þannig ríki sitt. Yfirráð Spánverja hófust árið 1525. Mestallan nýlendutímann var svæðið sem Bólivía nær yfir kallað Efra Perú eða Charcas og stjórnað frá Lima. Í tíð Napóleonsstríðanna tók að halla undan fæti fyrir nýlendustjórn Spánarkonungs og sjálfstæðishreyfing efldist. Árið 1809 var sjálfstæði lýst yfir en formleg stofnun lýðveldis varð sextán árum síðar, árið 1825. Landið var nefnt eftir sjálfstæðisstríðshetjunni Simon Bolivar.

Hvernig hefur Bólivíu vegnað á sjálfstæðistímanum?
Á sjálfstæðistímanum hefur Bólivía tapað um helmingi landsvæðis síns til grannríkja. Munaði þar einna mestu um aðganginn að Kyrrahafi, sem tapaðist til Chile árið 1883. Fram yfir miðja tuttugustu öld naut meirihluti íbúanna, hinir innfæddu indíánar, nær engra borgaralegra réttinda. Það breyttist eftir byltingu MNR-hreyfingarinnar árið 1952, en þeirri stjórn var steypt af stóli af herforingjum árið 1964. Veikar stjórnir fylgdu uns Hugo Banzer Suarez settist á forsetastól árið 1971 og stjórnaði nánast einráður til ársins 1978. Þá tók við hver herforingjastjórnin á fætur annarri uns Sanches de Lozada tók við völdum árið 1993 og stjórnaði til 1997.

SPURT & SVARAÐ

FÍKNIEFNANEYSLA Á ÍSLANDI

Land án heróínvanda

Fíkniefnabrot verða æ algengari hér á landi líkt og flestir hafa orðið varir við. Einnig má ljóst vera af fréttaflutningi af þessum málum að fíkniefnamarkaðurinn er taka sífelldum breytingum. Ríkislögreglustjóri hefur gert úttekt á fíkniefnabrotum á þessu ári en Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar, þekkir vel innihald hennar og þróun þessara mála.

ÁSGEIR KARLSSON
Yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar.

Er fíkniefnaneysla að aukast?
Lögregla og tollgæsla hafa lagt hald á heldur minna af hassi í ár en í fyrra. Hins vegar hefur verið lagt hald á heldur meira af amfetamíni í ár en í fyrra. Þannig að þetta er ósköp svipað magn sem búið er að leggja hald á en það má ekki einungis horfa á þessar tölur sem viðmið um neyslu. Fíkniefnabrotum hefur fjölgað um rúm átta prósent og við lítum á það sem merki um það að neyslan hafi aukist líka en svo verðum við einnig að líta til þess að lögreglan hefur hert eftirlit til muna.

Eru jólin frábrugðin að einhverju leyti í þessum málum?
Þau eru ósköp svipuð og annar tími. Þetta er svona jafnt og þétt yfir allt árið, þeir sem eru í þessum efnum eru það meira og minna og lítil breyting verður þar á. Nema ef vera skyldi áramót en þeim fylgir mikið annríki hjá okkur hvað þetta varðar.

Er eitthvað um heróín á íslenska fíkniefnamarkaðnum?
Það heyrir til algjörrar undantekningar að við finnum heróín og þegar það gerist eru það yfirleitt útlendingar sem eru með þau hér. Heróín virðist sem betur fer ekki vera á markaðnum hérna. Þeir Íslendingar sem ánetjast þessu virðast flestir fara til útlanda til að getað verið í sinni neyslu. Eflaust vilja þeir sem að þessu standa ekki hafa það á markaðnum eða þá að sá markaður sé ekki nógu stór og það svari ekki kostnaði að vera með það.
Ísland er eitt af fáum Evrópulöndum þar sem ekki er heróínvandamál.

Messar í sex borgum

Jólin og aðventan er annasamur tími hjá prestum. Prestur Íslendinga í Danmörku, Þórir Jökull Þorsteinsson, er þar engin undantekning. Prestakall hans er stórt og því mun hann vera á faraldsfæti um jólin. Fréttablaðið hitti Þóri Jökul á skrifstofu hans í íslenska sendiráðinu í Kaupmannahöfn.

SANKTI PAULS KIRKJA Í KAUPMANNAHÖFN Hér munu Íslendingar sækja messu á jóladag.
FRÉTTABLAÐIÐ/KS

„Það eru sex borgir í Danmörku þar sem presturinn er ekki sjaldnar en tvisvar á ári og alltaf einu sinni á aðventu eða jólum," segir Þórir en fyrr í mánuðinum messaði hann í Árósum og Horsens. „Það verða því fjórar messur um jólin. Á jóladag í St. Pauls kirkju í Kaupmannahöfn. Daginn eftir í Óðinsvéum og dagana þar á eftir í Álaborg og Sönderborg," segir Þórir. „Ég mun því ekki fara heim til Íslands um jólin," bætir Þórir brosandi við enda segist hann ósjaldan vera spurður að því hvort hann muni verja jólunum í Danmörku eða á Íslandi.

„Formlegt aðventuhald hófst annars hér í Kaupmannahöfn með litlu jólunum fyrir börnin í kirkjuskólanum í Jónshúsi og ánægjulegt hversu mikinn þátt börnin og foreldranir tóku." En litlu jólin fóru fram fyrstu helgina í desember.

Gott samstarf við danska söfnuði
„Biskup Kaupmannahafnar tjáði mér eitt sinn að ef ekki væri fyrir starfsemi Íslendinga í St. Pauls kirkju hefði hún líklega verið lögð af fyrir einhverju síðan," segir Þórir. Hann segir samstarfið við sóknarnefndina og prestana í kirkjunni vera mjög gott. Íslenski söfnuðurinn njóti til dæmis dansks organista við messuhald. „Þetta er líka raunin annars staðar í Danmörku því oftast messum við í sömu kirkjunum. Því reikna sóknarnefndirnar með okkur og við því ávallt velkomin."

Íslendingar í skipulögðu kórstarfi
Í Kaupmannahöfn er starfræktur söfnuður og kirkjukór en þar hefur verið prestembætti síðan 1964. Messur eru haldnar síðasta sunnudag í mánuði í St. Pauls kirkjunni sem er í nágrenni við Jónshús. „Það eru því hæg heimatökin að hafa messukaffi að lokinni guðsþjónustu," segir Þórir. Hann bendir einnig á að íslenskir kórar séu starfræktir víðar, til dæmis er barnakór í bænum Horsens á Jótlandi." Við reynum því ávallt að tefla fram söngfólki til að syngja messur með prestinum," bætir Þórir við.

ÞÓRIR JÖKULL ÞORSTEINSSON Prestur Íslendinga í Danmörku mun halda fjórar messur um jólin. Hann segir samstarf við dönsku sóknarnefndirnar og prestana í þeim kirkjum þar sem hann messar mjög gott og að íslenski söfnuðurinn sé alltaf velkominn.
FRÉTTABLAÐIÐ/KS

Víðari sýn á lífið
Mál innflytjenda og trúmál hafa verið ofarlega á baugi í Danmörku undanfarin ár. Þórir segir að spurningar fermingarbarna sem til hans ganga beri vitni um að þau hafi víðari mynd af heiminum en jafnaldrar þeirra heima á Íslandi. „Flest eiga þau múslimska vini eða kunningja og hafa rætt við þá um trúmál. Þau fá þannig glugga inn í annan menningarheim."

Nánari upplýsingar um messuhald í Danmörku og starfsemi safnaðarins í Kaupmannahöfn er að finna á *www.kirkjan.dk*.

FRÉTTAVIÐTAL
KRISTJÁN SIGURJÓNSSON
kristjans@frettabladid.is

Leiðin liggur í Bílanaust

þar sem hörðu pakkarnir fást

948 4207050

ROCKO SURFER snjóbretti

3.900,-

Snjóbretti fyrir yngstu kynslóðina

097 0K400

ERO öryggisljós

2.990,-

Fjölnota vasaljós með líthamri og hníf sem sker öryggisbelti

889 H02A200

BÍLANAUST verkfærasett

16.880,-

200 stk. 1/4" og 1/2" toppasett + mikið af aukahlutum

889 H02MT4294

BÍLANAUST rauða taskan

24.900,-

94 stk 1/4" og 1/2" toppasett og verkfæri

873 Visor CKIT

VISOR handfrjáls búnaður

9.900,-

Bluetooth handfrjáls búnaður



356 7645150510

BLAUPUNKT Essen MP35

14.900,-

Bíltæki með útvarpi og geislaspilara og spilar MP3



889 H02A339

BÍLANAUST topplyklasett

6.890,-

39 stk. 3/8" toppasett frá 6-22mm + aukahlutir



063 BE0920942

BETA topplyklasett

25.549,-

25 stk. toppasett 1/2"

889 H02S4248C

BÍLANAUST topplyklasett

9.980,-

1/2 og1/4" topplyklasett **48** stk. „spline" toppar frá 4-32 mm

063 077900273

ROLLUP rafmagnspíanó

5.990,-

Skemmtilegt píanó sem hægt er að rúlla saman



951 DEMON

DEMON kassabíll

6.785,-

Kassabíll fyrir kraftmikla ökumenn

400 FCS046210

BRITAX First Class

22.899,-

Barnabílstóll. Frá 0-18 kíló eða frá fæðingu að 4ra ára aldri.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl

Bílanaust

Bíldshöfða 9 • 110 Reykjavík

Sími: 535 9000 • Fax: 535 9090 • www.bilanaust.is

2145 / Tæki 19.12.05

GLEÐI Börnin hlakka mikið til jólanna, enda fylgja þeim ótalmargt skemmmtilegt fyrir yngsta fólkið. Þau hlakka til að opna pakkana, borða góðan mat og geta leikið sér úti í fríinu ef vel viðrar. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Börnin vísa leiðina að fögnuði á aðventunni

Flestir fagna aðventu og jólum, en árstíminn reynist þó mörgum erfiður. Sigríður Guðmarsdóttir prestur segir börnin leiðarvísi sinn að því að eiga góða og afslappaða aðventu.

„Aðventan reynist þeim sem eiga við þunglyndi að stríða oft hreinasta píning," segir Sigríður Guðmarsdóttir, sóknarprestur í Grafarholtssókn. „Þetta gerist einkum vegna þess að eftir því sem aðrir verða glaðari eykst munurinn milli þeirra glöðu og þeirra sem eiga erfitt með að gleðjast."

Sigríður bendir einnig á að rútína skipti oft þá sem líður illa miklu máli. „Á aðventunni förum við oft út úr rútínunni. Auðvitað gerum við það til þess að gera okkur glaðan dag, en þetta er oft erfitt fyrir þá sem eru veikir fyrir."

„Aðrar ástæður geta þó einnig legið að baki kvíða fyrir jólunum, þar á meðal ástvinamissir og fjárskortur. Fyrstu jólin eftir ástvinamissi eru oft gríðarlega erfið þar sem allt minnir á þann sem farinn er," segir Sigríður. „Jólin snúast að svo miklu leyti um hefðir og venjur þar sem allt er í föstum skorðum. Þess vegna verður skarð þess sem látinn er svo tilfinnanlegt."

Einnig eru þó dæmi þess að jólin geti hjálpað fólki að takast á við missi náins ástvinar. „Ég veit um fólk sem hefur fengið talsverða lausn við það að takast á við jólin og skarð ástvinarins sem látinn er," segir Sigríður.

Prestar verða einnig mikið varir við kvöl þeirra sem ekki hafa efni á að halda jól. „Prestar sinna oft tengiliðastarfi við hjálparstarf og Mæðrastyrksnefnd og þeir sem biðja um úthlutun eru gjarnan beðnir um að leita til prestsins síns," segir Sigríður. „Fyrir jólin fer því talsvert mikill tími hjá okkur í að spjalla við fólk sem á um sárt að binda og hefur neyðst til þess að leita sér hjálpar."

Sigríður segir það þung spor að leita hjálpar fyrir jólin. „Vanlíðunin á sér í raun tvær orsakir," segir hún. „Annars vegar kemur til vanlíðun vegna þess að fólk á ekki fyrir jólagjöfum og hins vegar upplifir fólk það sem ákveðna niðurlægingu að leita sér hjálpar."

Sigríður segir að á móti komi að þarna gefist kærkomið tækifæri til þess að eiga góðar samræður við fólkið. „Ég vonast til þess að þrátt fyrir að það sé erfitt að biðja um hjálp geti þetta orðið til þess að fólk fái einnig stuðning á annan hátt en bara mat, þó að það sé auðvitað afskaplega mikilvægt líka."

Sigríður segist hafa borið undir átta og níu ára gömul börn þá spurningu af hverju sumir hlökkuðu ekki til jólanna. Þá hafi lítil stúlka sagt að þegar fólk yrði fullorðið hætti það að hlakka til jólanna. „Hún taldi tilhlökkun til jólanna eitthvað sem eldist af okkur, eins og trúin á jólasveininn."

SIGRÍÐUR GUÐMARSDÓTTIR PRESTUR segir bæði börn og fullorðna leita mikið í ljósið sem fylgir jólunum.

Sigríður bendir þó á að margir fullorðnir fái jafnframt mikið út úr jólaundirbúningnum og upplifi gleði og fögnuð á þessum árstíma. „Maður vill oft hljóma svolítið eins og það sé tóm sorg í kringum jólin, en það er auðvitað alls ekki rétt," segir Sigríður. „Bæði börn og fullorðnir sækja afskaplega mikið í ljósið sem fylgir jólunum, vegna myrkursins sem hér ríkir í desember."

Börnin eru lykill Sigríðar að því að vera glöð og afslöppuð á jólunum. „Börnin eru mér leiðarvísir á aðventunni og ég reyni að taka mér þau til fyrirmyndar," segir Sigríður. „Það er svo gaman að finna hversu mikið börnin hlakka til jólanna og hvernig gleði þeirra á sér uppsprettu í sjálfri sér."

FRÉTTASKÝRING
HELGA TRYGGVADÓTTIR
helgat@frettabladid.is

Virkjun ákveðinna svæða í heilanum veldur fögnuði:

Gleði og fíkn skyldar tilfinningar

Tilfinningin um fögnuð á að mestu rætur að rekja til miðtaugakerfisins að sögn Þórs Eysteinssonar, dósents við Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands.

„Við vitum að virkni eykst á ákveðnum svæðum í heilanum þegar við finnum fyrir gleði," segir Þór. „Eitt þessara svæða kallast limbíska kerfið og er nátengt tilfinningum." Þór segir fíkn og gleði að mörgu leyti skyld fyrirbæri, en sömu heilastöðvar koma við sögu í báðum tilfellum. „Þessar heilastöðvar eru fremur gamlar í þróunarsögunni og hafa verið til lengi," segir Þór.

Taugar frá þessum svæðum liggja síðan til annarra svæða heilans, þar á meðal heilabarkar. Þau efni sem aðallega koma við sögu eru serótónín og dópamín.

Komið hefur í ljós að þeir sem glíma við þunglyndi og depurð hafa minni virkni á þessum svæðum heilans að sögn Þórs.

Mikilvægt að hugsa vel um eigin líðan á aðventunni:

Fögnuður og tilhlökkun mikilvæg

„Eitt af því sem skiptir mjög miklu máli við að stuðla að betri líðan er það að við höfum eitthvað til þess að hlakka til og getum fagnað ánægjulegum hlutum og tímamótum," segir Hörður Þorgilsson sálfræðingur.

Hörður segir hins vegar að allur gangur sé á því hvort fólk hafi tilefni til þess að fagna. „Í ljósi reynslu af tímamótum þegar sorglegir og erfiðir atburðir hafa komið upp hefur fólk minna tilefni til fagnaðar en aðrir," segir Hörður. Hörður segist leggja mikla áherslu á að fólk sé hins vegar frjálst til þess að skapa sitt eigið líf og hafa áhrif á eigin líðan. „Ég reyni að hjálpa fólki að taka mið af eigin forsendum og falli hvorki í klisjur um ofurfögnuð né mikinn dapurleika," segir Hörður.

HÖRÐUR ÞORGILSSON SÁLFRÆÐINGUR Hörður leggur mikla áherslu á að fólk sé frjálst til að skapa eigið líf og hafa áhrif á eigin líðan.

Hörður kveðst ekki verða var við að jólin hafi mikil áhrif á fólk sem leitar til hans. „Fólk er yfirleitt að vinna með mál sem eru alveg óháð jólunum. Hins vegar geta jólin auðvitað stundum gert það auðveldara eða erfiðara eftir því hvernig mál eru vaxin."

Heimiliskerrur

Létt og meðfærileg kerra með sturtum, opnanlegum gafli og ljósabúnaði.

Mál:
Heildarlengd 3,45 mtr.
Lengd á palli 2,50 mtr.
Breidd á palli 1,25 mtr.
Hæð frá jörð upp í pall 0,53 mtr.
Hæð á skjólborðum 0,50 mtr.

Verð aðeins
kr. 80.000- án vsk
(kr. 99,600- m/vsk)

VÉLAVER HF

Krókhálsi 16 • Reykjavík • sími 588 2600 • www.velaver.is

TILBOÐ DESEMBER

Komdu í Borgartún 29 og fáðu þér rjúkandi heitt kakó og ilmandi smákökur frá Korninu

1.299 kr.

Gott úrval af íslenskum geisladiskum á frábæru verði! Aðeins 1.499 kr.

Jólaspilin

Óþelló, Catan, Carcassonne og úrval annarra leikspila.

Verð frá 3.990 kr.

Geomag

Yfir 15 tegundir af þessum skemmtilega fjölskylduleik.

Verð frá 599 kr.

ODDI Hönnun M3507

ODDI

SKRIFSTOFUVÖRUR

Verslun Odda • Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opið virka daga 8-20
Verslun Odda • Höfðabakka 3 • Sími 515 5105 • Opið virka daga 8-18

Útgjöldin

> Kílóverð á grænum vínberjum í ágúst, miðað við verðlag á öllu landinu.

Heimild: Hagstofa Íslands



neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: JÓHANN FRIÐGEIR VALDIMARSSON TENÓR

Gengur undir nafninu Grilló

„Ég er mikil matmaður þannig að bæði þessi kaup snúa að því," segir Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór þegar hann er beðinn um að rifja upp sín bestu og verstu kaup.

„Verstu kaupin voru þau að ég var hafður að féþúfu í tvo mánuði þegar ég var að hefja minn námsferil í Mílanó á Ítalíu. Þá kom ég alltaf við á kaffihúsi á Loreto-torgi en kunni enga ítölsku á þeim tíma og fékk alltaf tvöfaldan espresso. Svo komst ég að því að þetta er lenska hjá þeim ítölsku að láta útlendingana hafa tvöfaldan og um leið eru þeir látnir borga jafnvel tvöfalt ef ekki þrefalt. Svo þegar ég pantaði þetta á ítölsku fékk ég svo kaffið á eðlilegu verði en þegar upp komst að ég væri tenór og syngi Verdi og Rossini fékk ég kaffið á sérstökum afslætti.

Bestu kaupin gerði ég svo í Þýskalandi, að mig minnir, þegar ég keypti grillpönnu en eftir að ég kom að utan hef ég verið ötull við að grilla nautalundir á svölunum hjá mér enda geng ég undir nafninu Grilló þarna í nágrenninu. Þessi stóra og fína grillpanna kostaði mig 200 krónur og hefur reynst hinn mesti gæðagripur. Ég hef oft séð slíkar pönnur í búðum hér og þá rándýrar."

GÓÐ HÚSRÁÐ

SALT Á RAUÐVÍNIÐ

■ *Hin landskunni sjónvarpsmaður Sverrir Þór Sverrisson hefur í tímans rás vanið sig á að hafa saltbauk við höndina þegar rauðvín er haft um hönd í gestaboðum.*

„Þegar þú ert með gesti í heimsókn og býður þeim upp á rauðvínsdreitil, er gott að taka fram saltbauk-inn þegar þeir eru aðeins búnir að fá sér í tána. Ef einhver hellir niður í teppið er salti dreift yfir og viti menn, saltið drekkur í sig rauðvínið og forðar því að blettur myndist". Sverrir hvetur fólk í rauðvínsinnkaupum til að grípa með sér saltbauk í verslunarferðinni. „Þegar fólk er búið að kaupa rauðvínið og það er að kaupa popp og snakk og svona er tilvalið að kaupa salt með, því að það eru miklar líkur á því að það hellist eitthvað niður".

■ **Hvað kostar... að hafa kveikt á jólaseríu í mánuð?**

Háð stærð ljósapera

Verðið fer eftir stærð seríunnar sem og stærð peranna. Tökum dæmi um tvenns konar jólaseríur, glóperuseríu þar sem perurnar eru um það bil þumlungur að stærð og díóðuseríur sem eru minnstar af jólaseríunum. Hver pera í glóperuseríu notar á milli 2,5 og 5 vött á klukkustund og því notar hefðbundin 30 peru sería um 210 vött á klukkustund. Samkvæmt verðskrá Orkuveitunnar nemur því kostnaðurinn við lýsinguna rúmlega einni og hálfri krónu á klukkutímann sem gerir um 40 krónur á sólarhring og því um 1.240 krónur fyrir mánuðinn.

Í minni seríunni notar hver pera 0,1 vött á klukkutímann og því kostar að hafa kveikt á 30 peru díóðuseríu í mánuð um 178 krónur. Eitthvað fer að auki í orkutap vegna straumbreyta og lengd rafmagnsleiðslu en það breytir ekki dæminu að ráði.

■ **Verslun og þjónusta**

Rúðuvökvi á bílinn úr sjálfsala

Sjálfsafgreiðslustöð EGO við Smáralind býður nú viðskiptavinum sínum að kaupa rúðuvökva af sjálfsala. Þessi þjónusta, sem er auðveld og þægileg í notkun, kemur frá Svíþjóð og hefur notið mikilla vinsælda þar í landi. Rúðuvökvinn verður á sérstöku kynningarverði fram til áramóta.

■ **Verslun og þjónusta**

Landsbankinn flytur Árbæjarútibú

Árbæjarútibú Landsbankans er nú flutt og hefur opnað í nýju húsnæði á Klettháls 1. Flutningurinn er liður í starfi Landsbankans að efla markvisst útibúanetið með það að markmiði að veita einstaklingum og fyrirtækjum heildstæða fjármálaþjónustu og segir Landsbankinn að flutningur Árbæjarútibús í hentugra húsnæði sé liður í þeirri vinnu.

Stafrænar myndavélar rjúka út fyrir jólin

Stafrænar myndavélar seljast vel fyrir jólin. Pixlafjöldi vélanna segir til um hvað hægt er að stækka myndirnar mikið. Flestar vélar hafa geymsluminni, en fólki er ráðlagt að kaupa minniskort sem getur geymt allt frá 50 upp í 300 myndir.

„Það er mikið tekið af þessum stafrænu myndavélum og greinilegt að menn eru að skipta gömlu filmuvélunum út," segir Einar Magnús Einarsson, sölumaður í Elkó.

Tobías Sveinbjörnsson, sölustjóri hjá Beco, er sama sinnis. En hvað kosta svona tæki?

„Vinsælustu vélarnar eru á bilinu 22 til 30 þúsund en með slíkar vélar eru menn mjög vel settir," segir Tobías. Flestar eru með fimm megapixla upplausn en það þýðir að myndin samanstendur af fimm milljón punktum sem telst nokkuð góð upplausn. „Pixlafjöldinn segir ekkert um gæði myndanna," segir Tobías, „heldur er um að ræða stærð hennar. Þannig að ef þú tekur mynd á tveggja megapixla vél þá getur þú einungis stækkað myndina upp í 13 sinnum 18 sentimetra. Ef þú er með 5 megapixla vél getur þú hins vegar stækkað þær upp í A4 og með 8 megapixla getur myndin orðið A2 stærð með góðu móti."

Allar stafrænu vélarnar hjá Beco eru með innbyggða myndbandstökuvél. Þær eru einnig með innbyggt minni svo hægt er að geyma myndir inni á þeim. Það geymsluminni er þó ekki meira en svo að þar rúmast um 15 til 20 myndir í einu svo mönnum er ráðlagt að kaupa minniskort. Þau kosta á bilinu 2.500 til 5.500 og geyma allt frá 50 upp í 300 myndir.

„Svo ef menn eru að spá í fuglaeða landslagsljósmyndun þá fá menn sér dýrari vélar," segir Tobías. „Þá eru menn líka komnir með myndavél sem er með tólffaldan aðdrátt og einnig með hristivörn en það yrði annars erfitt að halda myndinni óhreyfðri með svona mikinn aðdrátt. Þá geta menn jafnvel tekið klukkustundar vídeó og svo jafnvel talað inn á það eftir á." Þessar vélar kosta um 65 þúsund og yfir.

Einar Magnús segir að hjá Elkó seljist einnig talsvert af handhægum stafrænum myndavélum sem kosta um það bil 15 þúsund en eru þó með sex megapixla upplausn.

jse@frettabladid.is

Leigubílar og ferðir strætisvagna um jólin:

Vagnstjórar fara líka í jólafrí

Leigubílar Hreyfils/Bæjarleiða og Bifreiðastöðvar Reykjavíkur verða á vakt allar hátíðirnar. Verðið verður þó með stórhátíðarálagi alla hátíðardaga svo startgjaldið sem venjulega er 470 krónur fer upp í 630 hjá báðum stöðvum, sem er hækkun um 34 prósent.

Strætisvagnar munu ganga samkvæmt helgaráætlun til klukkan fjögur á aðfangadag með þeirri undantekningu að stofnleiðir aka ekki á tuttugu mínútna fresti heldur á hálftímafresti. Klukkan fjögur fara vagnstjórar í tæplega sólarhings jólafrí. Ferðir stætisvagnanna hefjast svo aftur klukkan hálf fjögur á jóladag. Sams konar fyrirkomulag verður á ferðum strætisvagna á gamlársdag og nýársdag og munu þeir aka á sömu tímum og á aðfangadag.

Nánari upplýsingar um fyrstu og síðustu ferðir einstakra leiða er hægt að finna á vefsíðu Strætó bs, www.straeto.is. Einnig er hægt að hringja í síma 540 2700 til að fá upplýsingar um ferðir strætisvagna. Ekki hefur verið ákveðið að skreyta strætisvagnana á nokkurn hátt í tilefni hátíðarinnar.

- dac

GLEÐIGJAFAR

GÆÐA RAFTÆKI FYRIR HEIMILIÐ

PHILIPS

Disney

PHILIPS

Philips QC5010
Hárklippur fyrir rafmagn með SteelWave sjálfbrýnandi hnífum, 8 stillingum (1-21mm) og klippibreidd 32mm.

VERÐ **2.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Philips QT4060
Philipshave SKEGGSNYRTIR með hleðslu, bartskera, hársugu sem safnar klipptum hárum í box, Steel Wave sjálfbrýnandi hnífum, góðu gripi, 9 stillingum (1,5-18mm) klippibreidd 32mm.

TILBOÐ **6.995**
FULLT VERÐ **8.995**

Philips HQ5820
PHILISHAVE MICRO+ RAKVÉL með kömbum á sjálfstæðri fjöðrun, bartskera og 30 mín hleðslu.

TILBOÐ **4.995**
FULLT VERÐ **7.995**

Philips HQ6855
Philishave RAKVÉL með Reflex Action hnífum, stillanlegri fjöðrun á kömbum, bartskera og 30 mín. hleðslu.

TILBOÐ **10.995**
FULLT VERÐ **12.995**

Philips HP4881
1900w JetSet HÁRBLÁSARI með 3 hita- og hraðastillingum og köldu lofti. Dreifihaus fylgir.

TILBOÐ **2.995**
FULLT VERÐ **3.995**

Philips HP4648
Hágæða SLÉTTUJÁRN með Keramik húð og ION tækni sem afrafmagnar hárið. LCD skjár. Hitnar á 30 sek. Það allra besta sem völ er á.

TILBOÐ **4.995**
FULLT VERÐ **5.995**

Disney

Ariete DD011600
2ja sneiða 800w **Disney** BRAUÐRIST sem ristar **Mikka mús** mynd í brauðið. Spilar lag þegar brauðið er tilbúið.

TILBOÐ **4.995**
FULLT VERÐ **5.995**

Disney

Ariete DD019600
750w **Disney** VÖFFLUJÁRN sem bakar vöfflu sem er í laginu eins og **Mikki mús** og spilar lag.

TILBOÐ **4.995**
FULLT VERÐ **5.995**

Disney

Ariete DD019400
700w **Disney** SAMLOKUGRILL sem grillar **Mikka mús** mynd í brauðið.

TILBOÐ **4.995**
FULLT VERÐ **5.995**

ide line

Ideline 743090
SÚKKULAÐIPOTTUR til að bræða súkkulaði. Hentar vel til að búa til heimatilbúið konfekt, húða ávexti með súkkulaði eða sem súkkulaði fondú. Bræðir súkkulaði án þess að brenna og hentar fyrir allar tegundir af súkkulaði. Margir fylgihlutir og uppskriftarbæklingar fylgja.

TILBOÐ **3.995**
FULLT VERÐ **4.995**

ide line

Ideline 743158
Raklette STEIKINGARPANNA fyrir 8 manns.

TILBOÐ **3.995**
FULLT VERÐ **4.995**

DeLonghi

ÍTÖLSK HÁGÆÐA HÖNNUN

DeLongi býr að langri hefð í framleiðslu vandaðra kaffivéla

MELISSA

Melissa 646033
500w MATVINNSLUVÉL með 1,4l skál, 1,2l blandara, 2 hraðastillingum með púls, hnífur úr ryðfríu stáli og mörgum aukahlutum.

VERÐ **5.995**
FRÁBÆRT VERÐ

DeLonghi EAM3200
Fullkomin 1,8l Espresso kaffivél með kaffikvörn og Cappucino System.

TILBOÐ **49.995**
FULLT VERÐ **59.995**

ÍTÖLSK HÁGÆÐA HÖNNUN

DeLonghi EAM3400 RAPIDO
Með tveimur kötlum, stafrænum skjá og minni til að stilla mismunandi aðferðir og uppáhalds stillingar.

TILBOÐ **59.995**
FULLT VERÐ **69.995**

NÝ SENDING KOMIN!

DeLonghi EAM3500
Með tveimur kötlum, minni til að stilla mismunandi aðferðir, uppáhalds stillingar, AUTO Cappucino System - Flóar mjólkina sjálfvirkt og setur í bollann.

TILBOÐ **69.995**
FULLT VERÐ **79.995**

Ímyndaðu þér að til væri undratæki sem leysti af hólmi öll hin smátækin í eldhúsinu!

ALLT Í EINU
Multi Mixer - All in One

TILBOÐ **4.995**
FULLT VERÐ **7.995**

MELISSA

Melissa 646045
BLANDARI sem hakkar, blandar, hrærir, sker, mylur og svo margt fleira. Kemur í staðinn fyrir matvinnsluvélina, blandarann, safapressuna og kaffikvörnina.

Heimilistæki
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA! OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA! OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA!

OPIÐ TIL 23:00
á Þorláksmessu
í BYKO Breidd, Glerártorgi á Akureyri

4.990
~~5.999~~

BOSCH
Vnr65742004
Matvinnsluvél
BOSCH matvinnsluvél, 450W, hakkar, tætir, þeytir o.fl.

Vnr.41383188
Hnífaparasett
Hnífaparasett, 6 manna í fallegri tösku, 72 stk.

5.990
~~7.638~~

FRÁBÆRAR
jólagjafir í BYKO!

Vnr.49994380
Jólatrésfótur
Jólatrésfótur, 7 kg.

1.990
~~2.990~~

-50% afsláttur

Vnr.88861019-30
Jólakúlur
Jólakúlur á jólatré, margir litir og gerðir, 4 stk. í kassa. Fæst í BYKO Breidd, Hringbraut, Glerártorgi Akureyri og Selfossi.

245
~~490~~

-50% afsláttur

Vnr.88900180-3
Jólatréstoppur
Jólatréstoppur, rauður glans/mattur, eða gylltur glans/mattur.

245
~~490~~

Fisher-Price

-25% afsláttur

Vnr.88010558
Dúkka
FISHER PRICE dúkka, læknastofa. Fæst í BYKO Breidd, Glerártorgi á Akureyri og Selfossi.

3.750
~~4.990~~

Maggi

Vnr.88022000
Barnahrærivél
MAGGI barnahrærivél og fylgihlutir.

1.990
~~2.490~~

Vnr.88021705
Barnaverkfærasett
Barnaverkfærasett, 11 stk.

990
~~1.990~~

-50% afsláttur

| Breiddin-Verslun opið virka daga: 8-22 laug: 10-22 sun: 11-22 - Sími: 515 4200 | Timburverslun-Breidd opið virka daga: 8-18 laug: 10-16 - Sími: 515 4100 | Lagnadeild-Breidd opið virka daga: 8-18 laug: 10-16 - Sími: 515 4040
| LM BYKO opið virka daga: 8-19 laug: 10-18 sun: 11-17 - Sími: 515 4020 | Akranes opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 - Sími: 433 4100 | Akureyri, Glerártorg opið virka daga: 8-22 laug: 10-22 Sun. 12-22 - Sími: 460 4800 | Akureyri, Furuvöllum opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 Sími: 460 4860

2.490

BOSCH

Vnr.6574190

Handþeytari

BOSCH handþeytari.

4.990

Vnr.4226901

Blóðþrýstingsmælir

Sjálfvirkur blóðþrýstingsmælir fyrir upphandlegg. Mælir púls og sýnir efri og neðri mörk blóðþrýstings. Stór skjár. Getur geymt 2x50 mælingar (tvö minni). Getur tengst við tölvu (USB kapall fylgir). Rafhlöður og taska fylgja.

4.590

Vnr.5440091

Heyrnatól

KASSEL BLUETOOTH fyrir GSM. Þráðlaust Bluetooth heyrnatól. Fyrir alla GSM síma með Bluethooth. Fyrir hægra sem vinstra eyra. Lætur vita með hljóðmerki þegar þarf að hlaða raflhöðu. Hleðslutæki fylgir.

5.990

8.990

Vnr.7409116

Hleðsluborvél

SKIL hleðsluborvél 14,4V. 2 rafhlöður. Fjarstýrður bíll fylgir.

Verð frá 98

195

-50% afsláttur

Vnr. 8894962I-98

Innisería

Innisería 20, 35, 50 eða 100 ljósa margir litir af perum.

Vnr. 4980031-5

Jólasveinn

Jólasveinn sem spilar og dansar, 46 cm.

-50% afsláttur

1.495

2.990

SÉRVALIN TRÉ
Hvert einasta tré er sérvalið af starfsmönnum BYKO.

NORÐMANNSÞINUR
Hefur verið vinsælasta jólatré landsmanna um áratugaskeið.

ÖLL TRÉ INNI
Þú velur jólatréð þitt við bestu aðstæður. Þú ekur á bílnum inn í skýli og velur drauma tréð.

SUNNUHLÍÐ
Hluti söluandvirðis rennur til Sunnuhlíðar hjúkrunarheimilis aldraðra í Kópavogi.

BYKO

BYGGIR MEÐ ÞÉR

Hringbraut opið virka daga: 8-19 laug: 10-18 sun: 11-17 - Sími: 562 9400 | Hafnarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 555 4411
Reyðarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 - Sími: 470 4200 | Suðurnes opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 421 7000 | Selfoss opið virka daga: 8-22 laug 10-22 Sun. 11-22: - Sími: 480 4600

Einfalt að komast hjá barrnálahafinu

Blaðamaður brá sér í Blómaval að skoða jólatré og grennslast fyrir um hvernig best sé að meðhöndla þau.

Margir vildu eflaust fegnir komast hjá því að þurfa að ryksuga barrnálahaugana af stofugólfinu hjá sér á þrettándanum. Fréttablaðið leitaði til sérfræðings í jólatrjám til að komast að því hvernig mætti forðast það.

„Það er mjög mikilvægt að geyma trén úti alveg fram á síðustu stundu," segir Bjarni Ásgeirsson, yfirmaður jólatrjáadeildar Blómavals. „Það vill gleymast að tré eiga heima utandyra."

Bjarni segir að það sé í raun sáraeinfalt að komast hjá því að tréð felli nálarnar þegar verið er að koma því út í janúar. „Eitt sem verður að muna er að saga flís neðan af stofninum til að tréð geti drukkið í sig vatnið sem við höfum í fætinum. Það er yfirleitt liðið svo langt síðan tréð var höggvið að það hefur gróið fyrir sárið sem myndaðist þá."

Gott ráð er að stinga enda stofnsins, eftir að sagað hefur verið neðan af honum, í sjóðandi heitt vatn í nokkrar mínútur. „Með því að stinga trénu í sjóðandi heitt vatn opnast vatnsæðarnar í trénu betur og gerir vatnsupptökuna auðveldari."

Eitt af því sem Bjarni segir fólk gjarnan gleyma er að það er ekki nóg að setja bara vatn í fótinn þegar tréð er sett upp. „Fyrstu dagana þarf að hella daglega í fótinn. Þetta geta verið fleiri lítrar af vatni sem tréð drekkur í sig," segir hann og bætir við að þá hjálpi heitt vatn ekki og að ekki séu til nein næringarefni sem ráðlegt sé að bæta í vatnið. „Bara kalt, hreint, íslenskt vatn."

Bjarni segir þó trén misjöfn að þessu leyti eftir tegundum. „Það er mikilvægara að fylgja þessum reglum með íslensku trén, sérstaklega rauðgrenið, því það heldur barrinu síður en dönsku trén sem við seljum mest af."

Að sögn Bjarna fara trén stækkandi sem landsmenn taka með sér heim og slaga oft hátt í þrjá metra og fylla út í stofuna. „Við eigum orðið svo stórar stofur."

Vonandi verða leiðbeiningar fagmannsins Bjarna til þess að færri þurfi að eyða þrettándanum í að tæma barrnálar úr ryksugupokum og geti þess í stað skellt sér á brennu. ■

BJARNI ÁSGEIRSSON Yfirmaður jólatrjáadeild Blómavals gefur góð ráð til að halda jólatrjánum fallegum fram yfir þrettándann. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

AÐ HEFJA SÖGUN Best er að hafa góða sög til að saga neðan af trénu. Best er að saga ekki neðan af stofninum fyrr en tréð er sett inn. Tréð er best að geyma úti þar til á síðustu stundu. Ekki þarf að saga mikið af, heldur rétt að opna sárið svo tréð geti drukkið í sig vatnið sem sett er í fótinn.

SAGAÐ BEINT Ekki þarf að saga skáhallt í stofninn. Best er að saga bara beint. Þó getur verið, ef jólatrésfóturinn er þröngur, að það þurfi að saga, eða höggva stofninn svolítið til.

VÖKVA VEL Gott er að stinga nýsöguðum stofninum ofan í sjóðandi heitt vatn svolitla stund. Með því opnast vatnsæðarnar í trénu betur og það á auðveldara með að sjúga upp vatnið. Fyrstu dagana eftir að tréð hefur verið sett upp þarf að hella vatni daglega í jólatrésfótinn. Ekki þarf að hella heitu vatni og ekki eru til nein næringarefni sem ráðlagt er að bæta í vatnið. Best er að hella bara köldu vatni í jólatrésfótinn. Ef þessum ráðum er fylgt ætti jólatréð að standa vel fram á þrettándann og barrnálarnar ættu að haldast á trénu en ekki á dúknum.

ERTU AÐ LEITA?

Yfir 20.000 titlar af tónlist, DVD og tölvuleikjum

VINSÆLASTA TÓNLISTIN...

Baggalútur - Pabbi þarf að vinna

Megasukk - Hús datt

Sissel Kyrkjebo - Nordisk Vinternatt

Garðar Cortes - Cortes

Diddú - Hvert örstutt spor

Tónmilda Ísland - Ýmsir

Ancora - Il Divo

Sálin - Undir þínum áhrifum

Mugison - Little Trip

Írafár - Írafár

VINSÆLUSTU DVD MYNDIRNAR...

Desperate Housewives

The Polar Express

Mr. & Mrs. Smith

Die Hard Trilogy

Silvía Nótt - Ógesslega töff!

BaseCamp



MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Borgarstjórinn í Reykjavík er kjarnakona:

Steinunn Valdís á hrós skilið

Tvær ákvarðanir um launamál, sem Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri hefur nýlega tekið, eru henni til álitsauka. Hér er átt við ákvörðun hennar að afsala sér launauppbót og forystu hennar um verulega hækkun launa ófaglærðra starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Í fyrradag tilkynnti Steinunn Valdís að hún hefði ákveðið að afsala sér rausnarlegri launahækkun sem Kjaradómur úrskurðaði um. Laun borgarstjóra nema nú um 915 þúsund krónum á mánuði. Hækkun hefði fært henni 75 þúsund krónur til viðbótar á mánuði, en það er ríflega helmingur fastra mánaðarlauna ófaglærðra starfsmanna borgarinnar. Ljóst er að úrskurður Kjaradóms veldur uppnámi í þjóðfélaginu þar sem hækkanir til alþingismanna, ráðherra og embættismanna eru mun meiri en samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði að undanförnu. Borgarstjóri tekur þátt í að lægja þær öldur með ákvörðun sinni. Forvitnilegt verður að sjá hvort aðrir fylgja á eftir. Hvað segja til dæmis alþingismennirnir sem gagnrýna Kjaradóm? Ætla þeir að þiggja þennan jólabónus?

Ákvörðun Steinunnar Valdísar að afsala sér launauppbótinni frá Kjaradómi auðveldar aðilum vinnumarkaðarins að glíma við áhrifin af láglaunahækkun borgarinnar á aðrar launastéttir. Borgarstjóri á hrós skilið fyrir skjót og skynsamleg viðbrögð.

Fyrir aðeins nokkrum dögum hafði Steinunn Valdís forystu um að laun lágtekjufólks hjá borginni, einkum svokallaðra kvennastétta, yrðu hækkuð umfram aðra. Þetta fékk misjafnar undirtektir. Mikla athygli vakti hörð ádrepa Einars Odds Kristjánssonar alþingismanns, varaformanns fjárlaganefndar Alþingis, en hann fullyrti að hækkunin myndi hafa keðjuverkandi áhrif í þjóðfélaginu. Ekki væri hægt að hækka laun lágtekjufólks án þess að aðrir hópar launþegar fylgdu í kjölfarið. Hækkunin væri óábyrg og ávísun á aukna verðbólgu. Í sama streng hafa talsmenn Samtaka atvinnulífsins tekið.

Ekki er ástæða til að gera lítið úr sjónarmiðum Einars Odds og atvinnurekenda. Því miður sýnir reynslan á vinnumarkaði að í kjölfar hækkunar lægstu launa fylgja gjarnan kröfur frá launahærri stéttum. Þetta er raunar þegar komið fram með mótmælum leikskólakennara. En hér var úr vöndu að ráða fyrir borgarstjóra. Lægstu launin hjá borginni voru svo óviðunandi að flótti var brostinn á starfsfólk með tilheyrandi vandræðum á mörgum vinnustöðum. Starfsemi sumra leikskóla var til dæmis hætt að ganga fyrir sig með eðlilegum hætti. Athyglisvert er að þverpólitísk samstaða skapaðist um málið í borgarstjórn. Sjálfstæðismenn þar höfðu ekki uppi sama málflutning og flokksbróðir þeirra á Alþingi, Einar Oddur Kristjánsson. Þeir sýndu ábyrgð og horfðust í augu við að borgin varð að grípa til ráðstafana þótt þær skapi ákveðinn vanda á öðrum vettvangi á vinnumarkaðnum.

Ákvörðun Steinunnar Valdísar að afsala sér launauppbótinni frá Kjaradómi auðveldar aðilum vinnumarkaðarins að glíma við áhrifin af láglaunahækkun borgarinnar á aðrar launastéttir. Borgarstjóri á hrós skilið fyrir skjót og skynsamleg viðbrögð.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Í þriðja sinn
Kaup Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, á helmings eignarhlut í Blaðinu voru til umfjöllunar í Viðskiptablaðinu í gær. Fastapenni blaðsins, Óðinn, kemst svo að orði: „Svíki minnið ekki þá er þetta í þriðja sinn sem Árvakur fjárfestir í öðru fjölmiðlafyrirtæki. Fyrst lagði Árvakur fé í Ísfilm, ásamt fleiri aðilum, en markmiðið var að setja á stofn sjónvarpsstöð þegar einkaréttur Ríkisútvarpsins yrði afnuminn. Jón Óttar Ragnarsson „stal" hins vegar glæpnum af Ísfilm, sem koðnaði niður og sigldi að lokum í þrot, þrátt fyrir öflugan hluthafahóp. Árvakur, eins og raunar nokkrir aðrir hluthafar í Ísfilm, lögðu fram ábyrgðir fyrir skuldbindingum félagsins, sem þeir urðu síðan að leysa til sín."

Ekki til fjár
Óðinn heldur áfram: „Í annað sinn gekk Árvakur til liðs við Stöð 3 sem ætlaði sér stóran hlut í samkeppninni við Stöð 2. Þeirri samkeppni lauk með því að Jón Ólafsson og félagar keyptu Stöð 3 og hluthafarnir urðu fyrir minni skakkaföllum en útlit var fyrir. Raunar herma heimildir Óðins að þeir Árvakursmenn hafi verið ósáttir við söluna til Jóns Ólafssonar en verið stillt upp við vegg. Fjárfestingar í öðrum fjölmiðlum hafa því ekki verið til fjár fyrir hluthafa Árvakurs. Hvað með kaupin á Blaðinu? Óðinn skrifar: „En nú eru að líkindum nýir tímar með nýjum öflugum hluthöfum, sem líklega hugsa á öðrum nótum en áður. Hvort kaupin á Blaðinu verði til þess að styrkja Árvakur er of snemmt að segja til um, en ýmsar efasemdir eru um að skynsamlegt sé að reka saman og dreifa sameiginlega áskriftarblaði og fríblaði. En tíminn og reynslan munu leiða þetta í ljós."

Stórtíðindi!
Stefán Pálsson sagnfræðingur, sem virkur er í starfi vinstri grænna, skrifaði á blogg sitt daginn sem Dagur B. Eggertsson kynnti framboð sitt á vegum Samfylkingarinnar: „Stórtíðindi! Síðdegis boðaði Bjarni Fel til blaðamannafundar. Hann er víst genginn í KR." Getur þetta verið sneið til hins gamla samstarfsmanns úr röðum óháðra?

gm@frettabladid.is

Kristniboð, söngur og sjálfstæði

Í DAG
NÝJAR LEIÐIR TIL ÞRÓUNARHJÁLPAR

ÞORVALDUR GYLFASON

Við þetta vaknar þessi spurning: Væri ekki hægt að auka skilvirkni þróunarhjálparinnar með því að reiða hana fram í fríðu og beina henni að einhverju leyti um farvegi, sem leiða beint til ætlaðra viðtakenda?

Fátækt heimsins kallar á viðbrögð. Nærri helmingur jarðarbúa þarf að gera sér að góðu innan við tvo Bandaríkjadollara á dag; sú fjárhæð hrykki skammt hér heima, og hún hrekkur ekki heldur fyrir nauðþurftum í Afríku og Asíu. Ég hef lýst því áður á þessum stað, að fjárhagsaðstoð við fátæk lönd er ýmsum annmörkum háð, en hún er eigi að síður sjálfsögð og nauðsynleg. Einn helzti vandinn hér er sá, að þróunarhjálp skilar sér yfirleitt ekki til fulls til ætlaðra viðtakenda. Þetta á einkum við um beina reiðufjárstyrki: Þeir rata af ýmsum ástæðum ekki alltaf í réttar hendur. Ein ástæðan er sú, að leiðslurnar leka; féð rýrnar á leið sinni frá gefendum til þiggjenda.

Albert Schweitzer þurfti ekki að hafa áhyggjur af þessu. Hann var guðfræðingur, heimspekingur og organisti og skrifaði lærðar bækur og gerðist einnig læknir á miðjum aldri til að geta ásamt öðrum miðlað Afríkubúum boðskap Krists, tónlist og læknishjálp. Hann stóð sjálfur straum af starfinu framan af og fékk síðan styrki víðs vegar að til að halda starfseminni gangandi. Gagnið, sem hann gerði fátæku fólki, var trúlega margfalt meira en kostnaðurinn, sem hann stofnaði til. Málið er þetta: Þróunarhjálp í fríðu rýrnar yfirleitt ekki á leið sinni frá veitendum til þiggjenda. Hún getur þvert á móti margfaldazt.

Þessar vangaveltur leiða hugann að þróunaraðstoð Íslands við önnur lönd. Það er ekki auðvelt að meta afraksturinn af henni. Við vitum, hvað hún kostar okkur, og það er miklu minna miðað við fólksfjölda en önnur Norðurlönd reiða fram. Við vitum hins vegar ekki, hversu mikils virði hjálpin er viðtakendunum. Við vitum, að leiðslurnar leka, þær gera það alltaf, en umfang lekans er óþekkt. Við þetta vaknar þessi spurning: væri ekki hægt að auka skilvirkni þróunarhjálparinnar með því að reiða hana fram í fríðu og beina henni að einhverju leyti um farvegi, sem leiða beint til ætlaðra viðtakenda?

Þessir farvegir eru til. Þeir eru til í kristniboðsstöðvum Íslendinga í Afríku. Þar og víðar hafa tugir Íslendinga starfað í anda Alberts Schweitzer um margra áratuga skeið og unnið innfæddum ómælt gagn með félagsþjónustu, kristniboði, læknishjálp og söng. Þetta mikilvæga starf heldur áfram þrátt fyrir þröngan fjárhag. Íslenzku hjálparfé væri áreiðanlega vel varið til eflingar þessu starfi, sem virðist hafa gefið svo góða raun. Þetta fólk er vel til þess fallið að verja almannafé í þágu fátæklinga í fjarlægum löndum: Það hefur reynsluna og þekkir þarfirnar.

Utanríkisráðuneytið og Þróunarsamvinnustofnun Íslands þurfa að taka höndum saman við kirkjur og kristniboða og kanna möguleikana á því að efla hjálparstöðvar Íslendinga í Afríku og reisa nýjar stöðvar í þeim löndum, sem Íslendingar hafa ákveðið að styðja. Með því móti væri hægt að margfalda fjölda þeirra, sem njóta góðs af þjónustu kristniboðanna.

Ég nefndi söng. Söngur er snar þáttur í kristilegu starfi. Ég var ekki alls fyrir löngu kvaddur til Þórshafnar í Færeyjum til skrafs og ráðagerða við landsstjórnina þar, og væri ekki í frásögur færandi nema fyrir það, að ég er ekki að skipta um umtalsefni. Fundinn í Þórshöfn sátu ráðherrarnir sjö og sjö embættismenn auk mín. Samkoman hófst á því, að lögmaðurinn kvaddi sér hljóðs og sagði: Við skulum syngja. Allir stóðu upp og sungu Dýrð um vík og vog, öll fjögur erindin. Þetta þótti mér flott byrjun á svo fínum fundi. Síðan ræddum við sjálfstæðismál Færeyja. Við vorum nýbúin að syngja saman þennan dýrlega ættjarðaróð eftir Jens Dam Jacobsen, og áheyrendur mínir voru þá vonandi þeim mun móttækilegri fyrir boðskap mínum, sem var þessi: Takið ykkur sjálfstæði.

Söngur bindur menn saman. Asante (Þökk) heitir hljómdiskur, sem Kangakvartettinn hefur gert og gefið út til styrktar starfi íslenzkra kristniboða í Afríku. Þar eru flutt afrísk lög og evrópskir sálmar, m.a. fínn sálmur eftir Jean Sibelius, sem ég hafði ekki heyrt áður. Íslenzkur sálmasöngur með afrískum brag: það kalla ég víxlfrjóvgun í lagi. Mér kemur það ekki á óvart, að innfæddir flykkist á samkomurnar hjá þeim þarna suður frá. Ég hef það fyrir satt, að fólkið í þorpunum í sunnanverðri Eþíópíu hafi þá fyrst kynnzt kenískri tónlist, þegar íslenzkir kristniboðar komu þangað syngjandi. Íslendingar, sem færu til Afríku að syngja og spila fyrir innfædda, kæmu heim aftur með betri músík handa sjálfum sér og öðrum: betri menn. Það bezta, sem menn gera sjálfum sér, er að gera öðrum gott. ■

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Veldu það besta

NÝIR

Í SÉRFLOKKI

Heilsunuddstólar frá Inada

Ein besta tækniuppfinningin 2001 - 2005

Verð kr. 650.000.-

Verð kr. 490.000.-

Viðurkennt nuddmeðferðartæki

Nuddar í takt við tónlist

Nýr fjölstillanlegur Wallhugger

Jólatilboð Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm kr. **299.900.-** stgr.

Mest selda stillanlega rúmið

Frábær reynsla

Jólatilboð Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm kr. **199.900.-** stgr.

Konfektkassi fylgir hverjum heilsukodda

Vinsælustu jólagjafirnar

Large kr. **7.490.-** stgr.
Medium kr. **6.990.-** stgr.
Small kr. **5.990.-** stgr.

Silki-damask sængurverasett í gjafapakkningum

Frí heimsending á heilsudýnum á Stór-Reykjavíkursvæðinu og Akureyri

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150

Landsins n

Romanescu

Guave

Young coconut

Kaktusfíkjur

Limequats

Villisveppir

Passion

Dverg aspars

Laos galangarót

Ferskar fíkjur

Granatepli

Curuba

Ferskur pipar

Maracuya

Durian

Zucciniblóm

Feijoa

Jack fruit

Grenadilla

Dragon

nesta úrval

Héri

Kengúra

Dúfa

Kanína

Kálfasteik

Dádýr

Andabringur

Kalkúnaskip smjörsprautað

Fasani

Lynghænur

Rjúpa skosk

Akurhæna

Villiönd

Einiberja hátíðarlambalæri

Marineraðar kjúklingabringur

Krónhjörtur

Aligæs

Hreindýrasteik

Fasana bringur

Önd

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

BRÉF TIL BLAÐSINS

Björn Þór skrifar:
Það þarf ekki að spyrja að því að Íslendingar eru komnir í sitt alíslenska jólaskap. Á þriðjudagskvöld lagði ég leið mína niður á Laugaveg eins og margir gera á aðventunni. Eftir langa göngu fram og til baka, upp og niður, þvers og kruss fannst mér ekki úr vegi að tylla mér niður á kaffihúsi til að hvíla lúin bein. Það er skemmst frá því að segja að á öllum kaffi- og öldurhúsum var troðið út úr dyrum og gat ég ekki betur séð en margir væru vel við skál. „Þarf þetta fólk ekki að mæta í vinnu," hugsaði ég með mér og ákvað að koma mér bara fyrir í eldhúsinu heima. Þar var nóg af lausum sætum enda ekkert áfengi í boði.

Á braut fríverslunar

UMRÆÐAN
AFNÁM VIÐSKIPTAHINDRANA

BIRGIR TJÖRVI PÉTURSSON

Við stöndum óhikað í fremstu víglínu þegar kemur að frjálsum viðskiptum með iðnvarning, sjávarafurðir og þjónustu. En þegar íslensk stjórnvöld heyra minnst á landbúnað kemur annað hljóð í strokkinn.

„Ísland ætti því að stefna að því að aflétta viðskiptahindrunum eins fljótt og unnt er án tillits til hvort aðrar þjóðir geri slíkt hið sama. Slík stefna myndi stuðla að auknum hagvexti og þjóðfélagslegri velferð til langs tíma litið og stuðla að því að íslenskt hagkerfi geti blómgast enn frekar fyrir atbeina þekkingar og sérhæfingar - til hagsbótar öllum þorra manna [...]"

Þetta segir í nýlegri ritgerð Tryggva Þórs Herbertssonar prófessors og hagfræðinganna Halldórs Benjamíns Þorbergssonar og Rósu Bjarkar Sveinsdóttur, sem þau unnu fyrir RSE, rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál. Í ritgerðinni lögðu þau m.a. til að Íslendingar yfirgæfu G10 hópinn svonefnda, sem stæði hvað mest á bremsunni í viðræðum um landbúnaðarmál innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Íslenskir ráðamenn hafa undanfarna daga sagst reiðubúnir til að lækka tolla og draga úr viðskiptahindrunum, en bundið það því skilyrði að aðrar þjóðir geri það líka. Í áðurnefndri ritgerð er rakið að frá sjónarhóli stærstu Evrópusambandslanda, Bandaríkjanna og Japan geti skipt máli að „[...]samstíga sé dregið úr innflutningshindrunum til að lágmarka áhrifin á viðskiptakjör". Á hinn bóginn gildi þetta ekki um minni lönd. Ekki liggi nein hagkvæmnisrök að baki því að Íslendingar haldi til streitu viðskiptahindrunum þar til aðrir dragi úr þeim. Er þá ekki bara fyrirsláttur, að við þurfum að bíða eftir þeim stóru?

Það liggur fyrir að Íslendingar hafa verið framarlega í hópi baráttuþjóða fyrir fríverslun í heiminum, enda höfum við af henni ríka hagsmuni. Við stöndum óhikað í fremstu víglínu þegar kemur að frjálsum viðskiptum með iðnvarning, sjávarafurðir og þjónustu. En þegar íslensk stjórnvöld heyra minnst á landbúnað kemur annað hljóð í strokkinn. Þá sitjum við í hópi þeirra sem eru „mest hikandi við að leyfa frelsi með landbúnaðarafurðir", sbr. orð Aðalsteins Leifssonar, dósents við Háskólann í Reykjavík í laugardagsþætti Rásar 1 um helgina. Hann benti á að ekki væru háar álögur á t.d. kókoshnetur og ananas sem ekki eru framleidd hér. Hins vegar séu háir tollar á þær vörur sem við framleiðum, kjöt og mjólkurafurðir, eins og allir þekkja.

Í ljósi afstöðu okkar á öðrum sviðum getum við ekki skýlt okkur á bak við lítinn skilning á mikilvægi frjálsra viðskipta. Geir H. Haarde utanríkisráðherra sagði í viðtali við Morgunblaðið í síðustu viku að viðskiptafrelsi væri mjög mikilvægt mál, „[...] ekki síst fyrir þjóðir eins og okkur Íslendinga, sem eigum allt undir utanríkisviðskiptum", og kvaðst sjálfur mikill fríverslunarmaður. Meirihluti Íslendinga er áreiðanlega sammála Geir, en svo er ekki um alla í ríkisstjórninni. Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra sagði í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í síðustu viku að hagfræði Tryggva Þórs, Halldórs Benjamíns og Rósu Bjarkar væri „[...] hagfræði sem ekki standi mikil vísindi á bak við að margra mati. Hún gangi ljósum logum um heiminn og boði að menn og þjóðir eigi engöngu að fást við það sem þeir eru samkeppnishæfir í. En markmið flestra þjóða er að brauðfæða sig".

Látum liggja á milli hluta að Guðni skuli velja að nota orð kommúnistaávarps Marx og Engels - og einhvern veginn rænghvolfa þeim. Ef málið er bara skoðað út frá staðreyndum, þá hefur sjálfsþurftarbúskapur lítið gengið við að brauðfæða heilar þjóðir. Hér á landi hefur ekki orðið til samfélag góðra lífskjara vegna framleiðslugreina sem ekki bera sig í alþjóðlegri samkeppni, heldur þrátt fyrir þær. Það hefur mikinn fórnarkostnað í för með sér að sóa auðlindum, vinnuafli og fjármagni í óarðbær verkefni; framleiðsluþættirnir verða ekki notaðir í annað á meðan. Með hvaða rökum er það réttlætt að arðbærar atvinnugreinar styðji þannig óarðbærar atvinnugreinar? Aðrar atvinnugreinar eru ekki þær einu sem þurfa að greiða gjald, heldur líka sú sem nýtur verndarinnar. Í stað þess að skapa skilyrði fyrir sterkustu stofnana til að vaxa og dafna er öllum haldið niðri.

Verðlag á Íslandi er hátt. Landfræðilegar ástæður, lítill markaður, mikill kaupmáttur og almenn velmegun hafa áhrif til hækkunar á verði vara hvort sem þær njóta verndar eða ekki. Á hinn bóginn er óhugsandi að afnám hárra tolla og mikilla hindrana muni ekki hafa nein áhrif á verðið, eins og stundum er gefið í skyn. Að því marki sem tollar og innflutningshindranir hér á landi hækka vöruverð, er verið að millifæra ábata til fámenns þrýstihóps frá almenningi. Fæstir eru svo vel í sveit settir - allra síst hinir efnaminnstu - að þeir geti látið sér í léttu rúmi liggja hvað nauðsynjavörur kosta.

Málið liggur alveg skýrt fyrir. Við höfum tækifæri til að slá margar flugur í einu höggi: renna fleiri stoðum undir íslenskt atvinnulíf, bæta kjör almennings á Íslandi, skapa skilyrði fyrir öflugan arðbæran landbúnað, styrkja stöðu okkar sem fríverslunarþjóðar, og leggja góðum málstað lið á alþjóðavettvangi.

Ef það er ekki eftir neinu að bíða, hvers vegna að bíða aðeins?

Tekið ofan fyrir Steinunni

STEINAR IMMANÚEL SÖRENSEN
FRAMKVÆMDASTJÓRI SKRIFAR UM KJARABÆTUR.

Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með launaumræðu undanfarna daga og óhætt að segja að sumir framámenn samfélagsins ættu að skammast sín. Þar með taldir bæjarstjórinn í Kópavogi og Einar Oddur Kristjánsson. Ég hef nú hingað til ekki verið mikill aðdáandi borgarstjórans í Reykjavík, Steinunnar Valdísar, en ef ég gengi með hatt þá tæki ég hiklaust ofan af fyrir henni í dag. Hún hefur sýnt þor og styrk með því að hækka laun þeirra lægst launuðu, hún framkvæmir eitthvað sem aðrir vesælir sjálfshyggjupólitíkusar sem hana hafa gagnrýnt ættu að sjá sóma sinn í að gera einnig og það er að afneita hækkun kjaradóms.

Það er kominn tími á að prósentuhækkanir líði undir lok því í þeim felst lygi sem blindar augu okkar, almúginn á rétt á að fá sömu krónutöluhækkun og stjórnmála- og ráðamenn þjóðarinnar. Verkalýðshreyfingin er því miður dauð og orðin að handbendi stjórnvalda og til þess eins notuð að heilaþvo hinn almenna borgara.

SENDIÐ OKKUR LÍNU
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Þorláksmessu-
skatan
Hvernig vilt þú hana??
Kæst skata, þurrkuð skata, söltuð skata, tindaskata o.fl.
Verð frá: 399.-
Ekta góður saltfiskur
Hnoðmör hamsatólg kartöflur

Fiskbúðin Hafrún
Skipholti 70
Sími 553 0003

Fiskbúðin Árbjörg
Hringbraut 119
Sími 552 5070

Fiskbúðin Vör
Höfðabakka 1
sími 587 5070

TILBOÐ

VEFMYNDAVÉL
QuickCam Fusion

Vertu þú sjálfur

Eða Óli prik

Piparkökukall?

Eða geimvera

Hákarl er málið!

1.3 MEGAPIXLAR
Ein fyrsta myndavélin með 1.3MP upplausn, stóraukin myndgæði og skerpa miðað við eldri vélar

ÓTRÚLEG NÝ TÆKNI
Breyttu útliti þínu í Video Effects, verið t.d hákarl eða geimvera sem lagar sig að þínum hreyfingum og tali

RIGHT LIGHT
Mögnuð tækni frá Logitech sem tryggir að vélin stillir sjálfkrafa birtu og rétta liti



VERTU ALLTAF Í MYND
QuickCam Fusion er útbúin skynjurum sem sjálfakrafa fylgja þér eftir þannig að þú sért alltaf í mynd

HLJÓÐNEMI
Innbyggður hljóðnemi með RightSound tækni kemur í veg fyrir bergmál og hljóðtruflanir

ALLIR KOMAST AÐ
Óvenju vítt sjónarhorn leyfir allri fjölskyldunni að vera í mynd í einu, face tracking heldur síðan öllum í fókus

VERÐ 12.900

VÍRUSVÖRN

TREND MICRO

ÖRUGG VÍRUSVÖRN
- Fullkomin vírusleitarvél
- Bætt vörn gegn Spyware
- Stöðvar upplýsingaþjófnað
- Stjórnun á heimaneti
- Vörn gegn netinnbroti
- Öflugur eldveggur
- Sjálfvirkt öryggismat

VERÐ 4.990

SÚPERTURN 3

- 3000+ AMD Sempron 64Bit HT
- 512MB DDR 400MHz minni
- 160GB 7200RPM WD - 8MB
- 128MB Radeon X300 skjákort
- Dolby Digital 5.1 EAX2 hljóðkerfi
- 10/100 netkort, USB2 og FireWire
- Medium Tower með 300W aflgjafa

VL6 • Samtals kr. 41.302 **6.650**

VERÐ 39.900

HEYRNARTÓL

Altec Lansing AH502i, stór og þægileg, lokuð heyrnatól með hljóðstilli á snúru og hljóðnema, silfur og svart

VERÐ 5.990

LOGITECH MX518

Logitech MX518 gaming-grade optical mús, langflottust í leikina, 1600dpi, silfurgrá og svört, PS2/USB

VERÐ 5.490

THX HLJÓÐKERFI

Altec Lansing MX5021, 2.1 THX certified kerfi, með stóru öflugu bassaboxi, fjarstýringu, 90W RMS, flygils svart

VERÐ 24.900

CANON iP4200

5 stök hylki fyrir hámarks nýtingu, 9600 dpi, full blæðing allt að A4, 29 bls/mín í SH, 19 bls/mín í lit

VERÐ 14.900

512MB DDR400 CL2.5 minni m/lífstíðarábyrgð
VERÐ 4.990

Labtec Webcam, vefmyndavél, USB tengd
VERÐ 1.990

Nec 3550A 16x8x16 Dual Layer RW DVD skrifari
VERÐ 5.990

Frábær NX20 lítil og nett fartölvumús frá Logitech
VERÐ 2.990

Magnaður Logitech Attack3 forritanlegur stýripinni
VERÐ 2.990

Flottur Logitech þráðlaus Rumblepad USB stýripinni
VERÐ 5.990

Sennheiser HD 202 heyrnatól, létt og þægileg
VERÐ 2.990

Fislétt Sennheiser RS 110 þráðlaus heyrnatól
VERÐ 4.990

Birt með fyrirvara um breytingar, myndabrengl og innsláttarvillur

MasterCard VISA

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántöku-gjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

ICEX-15 5.361 **+0,14%** **Fjöldi viðskipta:** 249 **Velta:** 2.522 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
Nýherji	+1,49%	Flaga	-0,82%
FL Group	+1,40%	Íslandsbanki	-0,59%
Atlantic Petroleum	+1,09%	Mosaic Fashions	-0,56%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 49,80 +1,00% ... Bakkavör 51,70 +0,40% ... FL Group 18,15 +1,40% ... Flaga 4,86 -0,80% ... HB Grandi 9,50 -0,50% ... Íslandsbanki 16,90 -0,60% ... Jarðboranir 24,50 +0,00% ... KB banki 702,00 +0,30% ... Kögun 59,80 +0,00% ... Landsbankinn 24,90 -0,40% ... Marel 65,70 +0,00% ... SÍF 4,18 +0,50% ... Straumur-Burðarás 15,70 +0,00% ... Össur 112,00 +0,50%

Tölur miðast við 21.12.2005 kl. 14:39

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Mörg andlit Símans

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, sagði á hluthafafundi í fyrradag að það væri kannski viðkvæmt fyrir marga hluthafa að breyta nafni fyrirtækisins. Samþykkt var að breyta nafni Landssíma Íslands í Síminn, en það nafn hefur verið notað í auglýsingum fyrirtækisins undanfarið. Brynjólfur sagðist þó ætla að halda nafninu Landssími Íslands ehf. sem á hundrað ára afmæli á næsta ári. Rifjaði hann upp að upphaflega hét fyrirtækið Landssíminn, síðan Póst- og símamálastofnun, Póstur og sími, Landssíminn hf. og núna Síminn. Sagði hann að það ætti ekki að koma neinum á óvart að það nafn, sem gæti fleytt þeim best fram í framtíðina, væri valið.

Skattmann vill vita

Núningur er alltaf nokkur á milli Ríkisskattstjóra og bankanna um hversu miklar upplýsingar hinir síðarnefndu eigi að gefa til skattsins um viðskiptavini sína. Bankarnir halda fast í það sjónarmið að meðan lagaóvissa sé um það hvaða upplýsingar megi láta af hendi, þá muni þeir hvergi hreyfa sig til að létta Indriða Þorlákssyni ríkisskattstjóra lífið við netvæðingu skattframtala landsmanna. Innan KB banka hafa menn verið harðir á þessu sjónarmiði og þar innanbúðar gætir nokkurrar furðu yfir því að Indriði hafi sagst hafa spurt að því hvers vegna KB banki neitaði að láta upplýsingar af hendi hér á landi sem látnar væru af fúsum og frjálsum vilja í Noregi og Svíþjóð, þar sem dótturfélög bankans störfuðu. Fór í taugarnar á sumum að skattstjórinn dró fram eitt fyrirtæki umfram annað, auk þess sem bankinn rekur ekki enn sem komið er lánastarfsemi í Noregi og hefur því ekki sent norskum skattayfirvöldum upplýsingar um lánastöðu viðskiptavina.

MARKAÐSPUNKTAR

Gengið var frá kaupum Landsnets á flutningsvirkjum Landsvirkjunar. Það er liður í gefa raforkusölu frjálsa um áramót.

Eignarhlutur Atorku Group stendur í 65,7 prósent af virku hlutafé í Jarðborunum

SÍF hf. hefur selt 40% eignarhlut sinn í sölufyrirtækinu Icebrit Ltd. í Bretlandi. Við það eignast Páll Sveinsson og fjölskylda fyrirtækið að fullu.

Telja Íbúðalánasjóð traustan

„Niðurstaðan kom okkur dálítið á óvart. Könnunin var gerð í síðustu viku þegar margir voru að gagnrýna starfsemi Íbúðalánasjóðs. Við erum að vonum mjög ánægð með þetta," segir Hallur Magnússon, sviðstjóri hjá Íbúðalánasjóði, um könnum Gallups á viðhorfi fólks til sjóðsins.

Spurt var í könnuninni: „Hversu traustan eða ótraustan telur þú Íbúðalánasjóð vera." Niðurstaðan sýnir að 84 prósent svarenda telja Íbúðalánasjóð traustan, en tæp fjögur prósent töldu sjóðinn ótraustan. Tólf prósent svöruðu því til þeir teldu Íbúðalánasjóð hvorki traustan né ótraustan.

Lítill munur var á svörum eftir kyni, þeirra sem eru eldri en 24 ára, búsetu og menntun. Tekjulægri fjölskyldur treysta Íbúðalánasjóði heldur minna en þær tekjuhærri. Þó töldu 75 prósent þeirra Íbúðalánasjóð vera traustan. **- bg**

HVERSU TRAUSTUR ER ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR*

Mjög traustur	38,8%
Frekar traustur	45,4%
Hvorki né	12%
Frekar ótraustur	2,6%
Mjög ótraustur	1,2%

*Könnun IMG Gallup í desember 2005

Avion Group hóflega verðlagt

Greining Íslandsbanka telur verðlagningu á bréfum Avion Group vera hæfilega. Í dag hefst sex milljarða hlutafjárútboð til fagfjárfesta í tengslum við skráningu félagsins í Kauphöllina.

Þar sem rekstur félagsins er ólíkur rekstri annarra skráðra félaga er líklegt að það henti vel inn í hlutabréfasöfn fjárfesta vegna áhættudreifingar að mati Íslandsbanka.

Avion Group fær tímabunda undanþágu vegna skráningarinnar þar sem fyrirtækið uppfyllir ekki skilyrði um dreifða eignaraðild. Ætlunin er að Straumur-Burðarás greiði öllum hluthöfum sínum í arð hluta af bréfasafni Straums í Avion.

MAGNÚS ÞORSTEINSSON Hlutafjárútboð Avion Group tiil fagfjárfesta hefst í dag. Íslandsbanki álítur að Avion sé á hóflegu verði.

Bankinn reiknar með að Avion Group verði komið í úrvalsvísitölunna um mitt næsta ár. **- eþa**

Raunávöxtun yfir tíu prósent þriðja árið í röð

Lífeyrissjóðirnir njóta góðs af miklum hækkunum innlendra hlutabréfa. Eignir sjóðanna vaxa hratt. Framtíðarskuldbindingar aukast þrátt fyrir góða ávöxtun.

Allt stefnir í það að raunávöxtun lífeyrissjóðanna fyrir árið í heild verði mjög góð.

„Það eru allar líkur á því að ávöxtunin í ár verði yfir tíu prósent. Þannig gæti þetta orðið þriðja árið í röð sem lífeyrissjóðirnir fara yfir tíu prósenta markið en auðvitað er erfitt að spá," segir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

Þetta stafar einkum af hagstæðri þróun á íslenskum hlutabréfamarkaði, þar sem sjóðirnir eru umsvifamiklir, en úrvalsvísitalan hefur hækkað um 60 prósent á árinu. Úrvalsvísitalan hækkaði um 23 prósent á fyrri hluta ársins en hefur hækkað um 30 prósent á þeim seinni. Einnig hafa erlendir hlutabréfamarkaðir verið hagfelldir en á móti kemur styrking á gengi krónunnar.

Þá bendir allt til þess að raunávöxtun síðustu fimm ára hækki talsvert þar sem árið 2000 dettur út en þá var ávöxtun lífeyrissjóðanna neikvæð. Hrafn býst við að þegar árið 2005 verði tekið inn þá hækki fimm ára ávöxtunin úr þremur prósentum í yfir fimm.

LÍFEYRISSJÓÐIRNIR VAXA HRATT Raunávöxtun lífeyrissjóðanna stefnir í að verða yfir tíu prósent þriðja árið í röð. Þrátt fyrir það hafa skuldbindingar sjóðanna verið að aukast.

„Allt hefur þetta í för með sér að það er mikil aukning í eignum sjóðanna," bendir Hrafn á. Þannig fóru hreinar eignir lífeyrissjóðanna upp fyrir eitt þúsund milljarða króna í febrúar síðastliðnum og voru komnar í 1.110 milljarða í lok ágúst.

Milliuppgjör lífeyrissjóðanna sýndu mjög góða ávöxtun. Þannig nam til dæmis raunávöxtun Gildis lífeyrissjóðs, eins af stærstu lífeyrissjóðunum, um fimmtán prósentum á fyrstu sex mánuðum ársins og ellefu prósentum hjá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Á síðasta ári nam raunávöxtun lífeyrissjóðanna 10,5 prósentum en 11,3 árið 2003. Ekki er þó víst að metárið 1999 falli en þá var raunávöxtunin tólf prósent.

Lífeyrissjóðir miða við að þeir verði að ná 3,5 prósenta ávöxtun umfram verðbólgu til að geta staðið við framtíðarskuldbindingar sínar. Þrátt fyrir góðan árangur á síðustu tveimur árum hafa skuldbindingar sjóðanna aukist vegna hækkandi örorkubyrði og lífsaldurs fólks. Tryggingafræðileg staða stærstu lífeyrissjóða landsins versnaði á síðasta ári þrátt fyrir góða ávöxtun. **eggert@frettabladid.is**

SKATA
saltfiskur,
siginn fiskur og kinnar.
OPIÐ Í DAG
10-22
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

Tapaði 400 milljónum á hálfu ári

Skjár einn tapaði 400 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Uppsafnað tap var í lok júní rúmir 1,3 milljarðar.

Íslenska sjónvarpsfélagið, sem rekur meðal annars Skjá einn, tapaði um 400 milljónum króna á fyrri helmingi þessa árs. Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins í lok júní var uppsafnað tap rúmir 1,3 milljarðar króna. Allt árið í fyrra tapaði Skjár einn 182 milljónum króna.

Þegar Síminn var enn í eigu ríkisins var ákveðið að kaupa 90 prósent hlutafjár í Íslenska sjónvarpsfélaginu. Það var gert með kaupum á tveimur félögum; Íslensku sjónvarpi og Fjárfestingarfélaginu Bröttubrú fyrir samtals 183 milljónir króna. Mánuði áður en Síminn var seldur í sumar var 750 milljón króna skuld Skjás eins við Símann breytt í hlutafé.

Á hluthafafundi Símans á þriðjudaginn var samþykkt að Skjár einn myndi renna saman við Símann. Fengu hluthafar Skjás eins hlutabréf að nafnverði 173 milljóna króna í Símanum fyrir tíu prósenta hlut sinn.

SKJÁR EINN Mikið tap var af rekstrinum á fyrrihluta ársins.

„Síminn átti fyrir í þessu félagi rúmlega 90 prósent og þetta er samkvæmt samkomulagi sem var í gildi við þessa eigendur áður en við keyptum Símann," sagði Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Símans, á hluthafafundinum. Aðspurður sagðist hann ekki geta, vegna trúnaðarsamnings, greint nákvæmlega frá verðmæti tíu prósenta hlutar í Íslenska sjónvarpsfélaginu.

365 miðlar, sem gefur út Fréttablaðið, rekur einnig Stöð tvö og NFS sem eru í samkeppni við Skjá einn á sjónvarpsmarkaðnum. **- bg**

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.22	13.26	15.31
Akureyri	11.38	13.11	14.44

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er fimmtudagurinn 22. desember, 356. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

visir

„Það er ágætt að komast að því hvort betra er að vera heima eða heiman um jólin," segir Gyða og hlakkar til að prófa eitthvað nýtt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LIGGUR Í LOFTINU

[JÓL MATUR HEIMLI TÍSKA]

Landslið matreiðslumanna verður í verslunum Hagkaups í Skeifunni, Smáralind, Kringlu og á Akureyri og aðstoðar fólk við val á jólamatnum. Landsliðið ætlar að ausa úr viskubrunni sínum um hvaðeina sem jólamatnum tengist. Liðið verður á ferð í Skeifunni, Smáralind, Kringlunni og Akureyri milli klukkan 15 og 18 í dag.

Gáttaþefur ætlar að líta inn á Þjóðminjasafnið í dag og þefa af gestum og gangandi. Jólasveinninn mun gera sitt besta til að skemmta börnum og þeim sem eldri eru og fræða gesti um aldarlanga menningu jólasveinanna.

Reykskynjarar eiga að vera á öllum heimilum. Sérstaklega á hátíð ljósanna. Allir eru hvattir til að athuga hvort reykskynjarinn sé í lagi, skipta um rafhlöður og þeir sem ekki eiga reykskynjara eru hvattir til að kaupa einn slíkan sem allra fyrst.

Hlakkandi, er annað nafn á 22. desember, því börnin eru farin að hlakka svo til jólanna á þessum degi.

Ghost, bresk tískukeðja, hefur verið seld Kevin Stanford, sem er einn af lykilmönnum í Karen Millen, og íslenskum fjárfestum. Tískukeðjan var seld fyrir um fimm milljónir punda. Hönnuður vörumerkisins Ghost mun áfram eiga 32 prósent hlut og stýra áfram straumum og stefnum í framleiðslunni. Með þessum viðskiptum er vonast til að Ghost nái nýjum hæðum í tískuheiminum.

Rómantískt jólafrí í Róm

Gyða Haraldsdóttir sálfræðingur ætlar að lenda í Rómaborg á aðfangadag ásamt eiginmanninum Steingrími Steinþórssyni.

„Þetta er í fyrsta skipti sem við förum í burtu um jólin. Fengum þá hugdettu í október að gaman gæti verið að prófa eitthvað nýtt og áður en við vissum af vorum við byrjuð að bóka á netinu. Þá varð ekki aftur snúið," segir Gyða glaðlega þegar hún er spurð um aðdraganda þess að hún og eiginmaðurinn halda í ferðalag á Þorláksmessu til að verja hátíðardögunum á fjarlægum stað. Þau ætla með Iceland Express til London, gista á hóteli í nágrenni flugvallarins og halda áfram til Rómar að morgni aðfangadags. „Róm hefur verið á óskalista hjá okkur. Ég hef aldrei komið þangað en hef lengi látið mig dreyma um það. Við byrjuðum hins vegar á að velta fyrir okkur löndum með hærra hitastigi en höfðum ekki áhuga á Kanaríeyjum. Enduðum á að fara milliveginn og ákváðum að vera í Evrópulandi þar sem jólin væru haldin hátíðleg og heimsækja spennandi borg. Það er að minnsta kosti nóg að skoða og gera í Róm. Við tökum bara hlýju fötin okkar með og regnhlífarnar!"

Gyða kveðst ekki ætla með jólamat með sér. „Við gerum ráð fyrir að það verði nægur matur til á Ítalíu," segir hún hlæjandi. „Höfum aðeins verið að skoða veitingastaði á netinu og einhverjir eru opnir á aðfangadagskvöld. Erum að vinna í því að panta borð á hugguleg um stað í nágrenni íbúðarinnar sem er í hjarta borgarinnar. Við getum líka byrjað á því þegar við komum út að birgja okkur upp af hugguleg um ítölskum jólamat þannig að við sveltum ekki."

Gyða og Steingrímur ætla að vera í Róm fram yfir áramót en Gyða er samt ekki viss um að þau hlusti á nýársávarp páfans. „Við ætlum að láta það ráðast hvað við gerum. Planið er bara að hafa fríið ljúft og huggulegt," segir Gyða og leynir ekki tilhlökkuninni. Hún segir bóndann starfa við bókaútgáfu og hafa mikla þörf fyrir að komast úr stressinu og börnin séu uppkomin. „Reyndar eru mín börn að koma heim frá útlöndum en ég er búin að ræða þetta við þau og þau gáfu grænt ljós," segir hún brosandi og bætir við. „Þau hafa þá íbúðina fyrir sig."

gun@frettabladid.is

Ermahnappar eru alltaf klassískir og eiga mjög vel við um jólin. Til þess að geta notað ermahnappa þarf sérstakar skyrtur, en þær eiga að fást í flestum herrafataverslunum.

GÓÐ JÓLAGJÖF
Flott náttföt.
Buxur, hlýrabolur og flíspeysa.
Verð aðeins 3990.-
Mikið úrval af náttfatnði, sloppum og undirfötum.
Sjáumst!
Cos
s. 588-5575, Glæsibær

Góðar gjafir gleðja
VERIÐ
Glæsibæ, s. 552 0978
www.damask.is

Nýtt - Jólagjöfin í ár
Þægilegir leðurskór
með fleecefóðri,
Bæði fyrir hann og hana,
sem inniskór,
sem innlegg í skíðaskó,
eða leikfimi.
Falleg gjöf
TÍSKUVERSLUNIN Smart
Opið til 22 í kvöld • Opið til 23 á morgun
Hafnarstræti 106, Akureyri, s: 462 4010
Ármúli 15, Reykjavík, s: 588 8050 • Grímsbæ v/Bústaðaveg • s: 588 8488

Íslensk hönnun
HÚFUR SEM HLÆJA
Laugavegi 70
www.hsh.efh.is

Tröllafell
Barna- og unglingabókin í ár
Grípandi saga um spennandi tröll, hugaða krakka og skemmtilega illkvittna þrjóta ì The Guardian
www.stilbrot.com/trollafell

HELENA RUBINSTEIN CLARINS PARIS LANCÔME PARIS
Glæsileg jólatilboð
í þessum snyrtivörumerkjum
Silkisjöl og slæður ásamt annarri gjafavöru fyrir dömur og herra
Gullbrá Nóatún 17 s. 562-4217

Þennan kjól fékk Auður í Kolaportinu á aðeins 1.500 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Spútnik, 4.500 kr.

Kristín í fallegum blómakjól. Kolaportið, 1500 kr.

Ódýrir jóla- og áramótakjólar

Fyrir jólin og áramótin er algjör óþarfi að eyða tugum þúsunda í kjóla. Það sanna þær Kristín og Auður sem iðulega kaupa sér kjóla fyrir um fimm þúsund krónur.

Stelpurnar Kristín María Stefánsdóttir og Auður Ösp Valdimarssdóttir stunda nám á hönnunabraut í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Þær segja að það sé auðvelt að finna ódýra kjóla í Reykjavík. Hið eina sem þarf er smá þolinmæði. Einkum er hægt að finna flotta kjóla í búðum bæjarins sem selja notuð föt, til dæmis í Spútnik, Illgresi og í Kolaportinu. Kristín bætir þó við að verslanir eins og Vero Moda og Zara bjóði oft upp á kjóla á viðráðanlegu verði. Báðar telja þær samt að helsta vandamálið við slíkar búðir sé að þar séu til margir kjólar af sömu gerð en í hinum búðunum megi finna einstaka kjóla. „Það er mjög pirrandi að vera búin að kaupa sér kjól og vera mjög ánægð með hann en fara síðan niður í bæ og sjá aðrar stelpur í eins kjól," segir Auður og Kristín tekur undir með henni.

Auður segist oft hafa gert góð kaup i Kolaportinu og Kristín bætir við úrvalið sé oftast mjög gott í flest öllum þessum búðum. Stelpurnar segja að kjólarnir séu ekki bara fyrir jólin og áramótin heldur megi nota þá við nánast hvaða tækifæri sem er. „Við reynum helst að sleppa við að kaupa kjóla sem kosta meira en 5 þúsund krónur og persónulega finnst mér auðvelt að finna ódýrari kjóla. Ef maður er duglegur að skoða þá má oftast finna eitthvað við sitt hæfi og sem má nota við mörg mismunandi tilefni," segir Auður að lokum.

steinthor@frettabladid.is

Rokk & rósir, 5200 kr.

Next 4.900 kr.

Handsmíðað armband.
Gull, hvítagull
og tansanít
ANNA MARÍA DESIGN GULLSMIÐUR
Skólavörðustíg 3
Sími: 551 0036

allt tilboð
Alla föstudaga

Frakki úr Kjörgarði

Ófeigur Sigurðsson á gamlan frakka frá Eimskipafélaginu sem hann notar mikið. Fólki bregður við þegar það sér hnappana á yfirhöfninni en þar má sjá þórshamarinn, merki Eimskipafélagsins.

Rithöfundurinn Ófeigur Sigurðsson á frakka sem er í miklu uppáhaldi. „Þetta er sennilega um 80 ára gamall skipstjórafrakki frá Eimskipi. Hann er alíslenskur og framleiddur í Kjörgarði í Reykjavík. Hann skartar forláta gullhnöppum með gamla merki Eimskipafélagsins, þórshamrinum.“ Ófeigur keypti frakkann í Fríðu frænku síðastliðið sumar. „Það vantar nokkra hnappa á hann en Fríða ætlaði að finna fleiri fyrir mig svo ég á eftir að smíða frakkann aðeins betur til.“

Yfirhöfnina notar Ófeigur dagsdaglega en kveðst þó einungis klæðast henni á Íslandi. „Fólki bregður dálítið við þegar það sér þórshamarinn og áttar sig ekki strax á því að merkið sé frá Eimskipafélaginu. Ég myndi ekki klæðast frakkanum í Þýskalandi enda væri það ólöglegt þar sem svastikan er bönnuð. Mér yrði ekki hleypt inn í landið í honum,“ segir Ófeigur hlæjandi og bætir því við að hann sjái eftir merkinu á gamla Eimskipafélagshúsinu. „Ég tel algjör mistök að hengja yfir merkið. Það verður aldrei hægt að afhjúpa það aftur því það yrði of mikið sjokk.“

Ófeigur kveðst yfirleitt ganga í notuðum fötum. „Ég fer nú eiginlega aldrei í búðir en þau fáu föt sem ég kaupi verða að duga lengi. Ég er yfirleitt alltaf í sömu fötunum sem ég nota þar til þau hverfa.“

Ófeigur hefur nóg að gera þessa dagana en hann var að gefa út bókina Áferð hjá forlaginu Traktor og hefur fengið frábæra dóma. „Ég er að lesa upp hér og þar og reyna að kynna bókina vegna þess að Traktor hefur ekki efni á auglýsingum,“ segir hann að lokum.

„Það eru aðallega útlendingar sem fá nett sjokk þegar þeir sjá frakkann. Þegar betur er að gáð þá stendur Eimskipafélag Íslands kringum merkið,“ segir Ófeigur um hnappana á frakkanum.

mariathora@frettabladid.is

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

Demantar
Demantaskartgripir
Gull & Silfur
Laugavegi 52 • Reykjavík

GJAFAKORT Í JÓLAPAKKANN HENNAR
Guðrún
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Hinn gyllti þríhyrningur

Dýrasta gata Parísar er Avenue Montaigne sem liggur frá miðri Champs-Elysée breiðgötunni og niður að Ölmugöngunum, þar sem Díana prinsessa lést í bílslysi. Avenue Montaigne og Champs-Elysée mynda, ásamt Avenue George V (með samnefndu hóteli og tískuhúsi Jean-Pauls Gaultier), hinn svokallaða gyllta þríhyrning. Reyndar er Champs-Elysée breiðgatan sú fallegasta í heimi, að sögn Frakka. Í það minnsta er hún ótrúlega falleg með jólaljósum sínum.

Á Avenue Montaigne eru öll flottustu tískuhúsin í París samankomin á einum stað. Þessi gata er ómissandi viðkomustaður hjá efnuðum útlendingum og reyndar öðrum sem láta sér nægja að berja dýrðina augum og anda á rúðurnar.

Þarna eru, svo dæmi séu tekin, aðalstöðvar Dior-veldisins í húsi númer þrjátíu sem Christian Dior keypti á sjötta áratugnum. Jólagjöfin í ár er úrið „Cristal“ eftir John Galliano sem hægt er að kaupa á litlar 1500 evrur í stálútgáfu en verðið er líklega ekki það sama með 48 demöntum og safírarmbandi. Á número 27 er skartgripabúð Bulgari, Louis Vuitton á 54, Emmanuel Ungaro á 2, Chanel á 42, Calvin Klein 45, Nina Ricci, Prada, Dolce og Gabbana og svo mætti lengi telja. Ekki má heldur gleyma einu flottasta hóteli Parísar, Plaza Athénée sem þarna er. Daglegt brauð er að sjá svartan Mercedes Benz, Rolls Royce eða Jagúar með bílstjóra stoppa fyrir utan tískuhúsin og út stíga Nicole Kidman, Söru Jessicu Parker eða Brad Pitt. Prinsessur eru oft á ferð, hvort sem þær eru evrópskar eða arabískar og blæjum huldar. En lúxusheimurinn hefur breyst og nú gerist það einnig að meðaljóninn kemur og kaupir sér eina tösku eða flík. Þegar ég var hjá YSL fyrir ein jólin seldi ég manni forláta krókódílatösku, jólagjöf eiginkonunnar sem borguð var í tvennu lagi.

Japanir eru einstaklega hrifnir af frönskum merkjum og safna sér oft árum saman fyrir ferð og þá er hápunkturinn að fjárfesta í lúxusvarningi á Avenue Montaigne. Oft er Asíubúum reyndar aðeins selt að hámarki fimm eintök af því sama til að koma í veg fyrir að þeir braski með vöruna þegar heim er komið.

Það merkilega er þó að fræga fólkið sem er búsett í París kýs oft heldur að rölta um St. Germain des Prés-hverfið, til dæmis um götu sem heitir Rue de Grenelle, án bílstjóra og lífvarða. Þar er allt eins líklegt að mæta Monicu Belucci, Charlotte Gainsbourg eða Kylie Minogue með hundinn sinn.

Síðasta sunnudag fyrir jól og á aðfangadag, því þá eru tískuhúsin opin til klukkan 18.00, er viðskiptavinum svo gjarnan boðið upp á kampavín eða heitt súkkulaði.

Glæsileg nærfatasett á dömur og herra
Fallegur barnafatnaður
Sparitoppar og silkibolir
15% afsláttur af öllum vörum til jóla
CARO
Ásnum - Hraunbæ 119 - Sími 567 7776

Arkitektúr í fatahönnun

Það eru ekki allir sem vita að við Slippinn í Reykjavíkurhöfn má finna verslun sem selur hátískuvörur. Verslunin heitir Guerrilla Store og byggir hún á mjög sérstakri markaðshugmyndafræði.

Guðríður Inga Ingólfsdóttir, oftast kölluð Gurrý, og Birna Reynisdóttir eru tvær af fjórum stelpum sem sjá um rekstur verslunarinnar hér á landi en hinar tvær eru Sonja Bent Þórisdóttir og Anna Koskinen. „Verslunin gengur út á það að hún má ekki vera á verslunargötu heldur á óhefðbundnum stað í borginni. Við megum ekki auglýsa og ekki breyta rýminu sem verslunin er í. Við þurfum því að finna rými og nýta það eins og það er. Hún má líka bara vera á sama stað í eitt ár og svo er hún horfin. Hugmyndin er sú að koma með nýja vídd inn í nýja staði í borginni. Engu á heldur að eyða í umbúðir því hún að standa fyrir sér sjálf. Það er ekki verið að lokka einn eða neinn inn í búðina, allir eru velkomnir og verslunin er fyrir hvern sem er," útskýrir Gurrý.

Guerrilla Store er ákveðið markaðskonsept út frá japanska hátískufyrirtækinu Comme de Garçon sem stofnað var af Rei Kawakubo. Þau hjá Comme de Garçon vildu koma vörum sínum meira til almennings og má nefna að engar Guerrilla Store-verslanir eru í þeim borgum þar sem Comme de Garçon er selt í fínum hátískuverslunum. „Það er verið að taka glanspappírinn af vörunum og búðunum sjálfum og færa vörurnar til annarra viðskiptavina," segir Birna.

Þegar Gurrý og Birna eru spurðar um hvert sérkenni verslunarinnar sé segja þær báðar að það sé nærveran við Slippinn og höfnina. „Það er þessi tenging okkar við land og þjóð, sem er fiskurinn og Slippurinn," segir Birna. „Það er líka mælst til þess að staðsetningin tengist eitthvað landi og þjóð og því er þetta fullkomin staðsetning," bætir Gurrý við.

Þegar spurt er um einkenni hönnunarinnar í versluninni lýsir

Birna henni sem anti-fashion avant-garde, þar sem verið er að taka týpísk snið og brjóta þau upp. Aðalhönnuðir Comme de Garçon fá oft súrrealískar hugmyndir og þær eru þá framkvæmdar. Ilmvatnslína fyrirtækisins er gott dæmi um það. Hún býður meðal annars upp á ýmsa ólykt ef svo mætti kalla eins og tjörulykt, bílskúrslykt og fleira.

Oft er talað um arkitektúr í fatahönnun þegar reynt er að útskýra fatahönnun Comme de Garçon. Einn aðalhönnuður Comme de Garçon, Junya Watanabe, er gott dæmi um það. Hann virðist brjóta allar reglur hvað varðar snið og form en svo þegar fólk klæðist fötum frá honum virðist allt smella saman. „Þetta er merkjavara sem stendur fyrir sínu. Hönnuðirnir eru að gera það sem þá langar til að gera og það virðist ganga," segir Birna að lokum og Gurrý jánkar því.

steinthor@frettabladid.is

belladonna
Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is
Belladonna fer líka í bæinn!
Ný verslun á Laugavegi 66 2. hæð
Opnunartilboð 15% afsláttur
af öllum vörum á Laugavegi 66
til áramóta
Opnunartímar til jóla:
Hlíðarsmára 11 til kl. 19 öll kvöld. s. 517 6460
Laugavegi 66 til kl. 20 öll kvöld. s. 578 6460

allt tíska
Alla fimmtudaga

Ljós með dúskum, kr. 46.000.

Svört og stór, kr. 47.000.

Hringur með skotti, kr. 28.500.

Með rebbahaus, kr. 47.000.

Loðnar lúxushúfur

Höfuðföt eru í tísku í vetur.

Málið er sem sagt að vera duglegur að skella á sig húfu eða hatti og á þessum árstíma er um að gera að hafa stóra og góða loðhúfu sem oftast á hausnum, bæði til þess að verjast veðrinu og svo er það líka alveg afskaplega smart.

Ekta skinn er líka eitt af því sem fer inn og út úr tískuheiminum en það hefur sótt verulega á undanfarin ár og nú skarta tískulínur velflestra hönnuða í heiminum einhvers konar flíkum úr loðfeldum, húfum, treflum, jökkum og kápum.

Hjá Eggerti feldskera á Skólavörðustígnum er gasalega girnilegt úrval af alls kyns loðnum og girnilegum flíkum og húfurnar eru alveg æðislegar.

Refir, minkar og þvottabirnir eru þar á meðal og skotthúfurnar í Davy Crockett-stíl eru svakalega svalar.

Fæst allt hjá Eggerti feldskera.

Leðurhúfa með bleikum loðkanti, kr. 28.000.

Vinsælasti undirfatnaðurinn

Tískuspekúlantar víða um heim eru sammála um að nýja undirfatalínan frá Schiesser sé það sem sker sig úr í hinum harða heimi karlmannsundirfata.

Allir karlmenn hljóta að vilja klæðast þægilegum undirfötum. Nýjasta línan frá svissneska fyrirtækinu Schiesser, Revival, þykir ákaflega vel heppnuð og hefur notið gífurlegra vinsælda víða um heim. Línan þykir góð blanda af gæðum, einfaldleika og flotts stíls. Auk þess þykja flíkurnar nosturslega unnar og einstaklega þægilegar. Einfalt og gott er sem fyrr alltaf best.

Nærföt frá Schiesser fást víða hér á landi en nýjasta línan, Revival, er ekki enn fáanleg. Þó er möguleiki á að hún komi í íslenskar verslanir á næsta ári.

Nýja línan frá Schiesser þykir einföld og flott.

TEXTÍLGALLERY

SKIPHOLTI 21 (NÓATÚNSMEGIN)
SÍMI 561 0847

LEÐURSTÍGVÉL

Verð 9.900.-

Litir svart og brúnt.

4 dot....

Laugavegi 100 og sími 561 9444

Moppur eru þægilegar til að halda öllu í horfinu eftir að jólahreingerningunni er lokið. Það er fljótlegra að strjúka yfir gólfin með moppunni en að draga fram ryksuguna í hvert einasta skipti sem þarf að fjarlægja smá ryk.

ÍBÚÐARHÚS - FRÍSTUNDAHÚS
BYGGÐ ÚR NORSKUM KJÖRVIÐI - NÁTTÚRUVÆN FÚAVÖRN

Rc Hus Grensásvegi 22. Sími. 511 5550. Veffang. www.rchus.is

Mikið úrval af burstasettum og neistahlífa, ásamt ýmis konar aukahlutum.

Opið laugardaga kl. 10-16 og sunnudaga kl. 12-16 til jóla.

Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)
Sími 567 2133 · www.arinn.is

Mikið úrval af fallegum húsum!
Skoðið gjafahugmyndir á vefnum virka.is
Sjón er sögu ríkari!
VIRKA Húsgögn
Mörkin 3, sími 568 7470
www.virka.is



Kolurnar sem hér sjást eru með því nýjasta í framleiðslu Koggu. Þær eru skreyttar af eiginmanninum Magnúsi Kjartanssyni, myndlistarmanni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Engir tveir hlutir eins

Leirlistamaðurinn Kogga er löngu orðin þekkt af verkum sínum enda búin að vera með verkstæði neðst á Vesturgötunni í tuttugu ár. Hönnunin er samt síbreytileg.

Margt fallegt ber fyrir augu þegar stigið er inn i litlu verslunina hennar Koggu á Vesturgötu 5. Sumt af því hefur maðurinn hennar, Magnús Kjartansson myndlistarmaður, skreytt, svo sem glös, skálar, bjöllur og skartgripi, þannig að samstaða hjónanna er sýnileg. Jöklarnir eru sýnilegir í sumum gripanna, mislitur snjór og sprungur. Svört lína í glösum og skálum er sótt í sandinn og hraunið. „Allt er unnið út frá íslenskri náttúru sem gefur óþrjótandi hugmyndir og innblástur,“ segir listakonan. Fallegar kolur fanga líka augað. Ljós frostálfanna heitir ein línan og önnur er skreytt af Magnúsi. Snjófuglseggið hennar Koggu er líklega hennar þekktasti gripur enda búinn að fljúga víða því eggin hafa verið til sölu um borð í Flugleiðavélunum síðustu þrettán árin. Engin tvö egg eru samt eins og engir tveir hlutir eru eins. Kogga býr ekki aðeins til skrautgripi heldur eru nytjahlutir liður í framleiðslunni. Súpuskálar og saltbátar eru dæmi um það.

Vasi, kola og ljósker með nýuppfundinni jöklaáferð og fjórar súpuskálar.

Kogga hóf að búa til þessa saltbáta í haust og segir þá renna út. „Það eru svo margir sem nota bara þetta náttúrusalt og þá passar að hafa það í náttúrlegu íláti,“ bendir hún á.

Byrgjum brunninn áður en hann brennur

Nú er sá tími árs sem flestir brunar verða vegna kertaskreytinga. Síðastliðin ár hafa flestir slíkir brunar orðið á gamlárs- og nýársdag og hafa nú þegar nokkrir kertabrunar orðið á aðventunni.

Þrátt fyrir að kertabrunum hafi fækkað undanfarin ár má reikna með að 60 til 90 íbúðir skemmist vegna kertabruna um áramótin. Einnig reikna tryggingafélög með að um 13 til 15 prósent heimila séu með ótryggt innbú. Helstu ástæður þess að fólk tryggir ekki heimili sín er að íbúðareigendur halda að þeir séu tryggðir eða telja sig geta verið án innbústryggingar.

Reykskynjarar, slökkvitæki og eldvarnarteppi eiga að vera á hverju heimili en þar að auki er nauðsynlegt að gera viðeigandi ráðstafanir. Hafið aldrei logandi kerti í mannlausu herbergi. Sum kerti geta brunnið niður á skömmum tíma og þá er voðinn vís. Ekki láta kertaljós loga við opinn glugga. Dragsúgur getur haft áhrif á brunatíma kertanna og eldur getur komist í gluggatjöldin. Hægt er að húða jólaskreytingar með eldtefjandi efni, nota sjálfslökkvandi kerti sem hefur kveik sem nær ekki alla leið niður, nota kramarhús eða annað sem varnar því að kertaloginn nái niður í eldfimar skreytingar. Sjáið til þess að kertin standi tryggilega svo þau velti ekki um koll og hafið eldfasta undirstöðu undir skreytingunni.

Enginn vill að heimili sitt verði kertabruna að bráð. Nauðsynlegt er að vera meðvitaður um notkun kertanna og skilja þau aldrei logandi eftir í mannlausu herbergi.

Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

Jólatré

Siðurinn að setja upp „lifandi“ jólatré inni er ekki ýkja gamall hér á landi. Hins vegar voru lítil gervitré, oft heimasmíðuð, algengari á heimilum framundir og jafnvel fram yfir 1960. Um það bil hófst innflutningur jólatrjáa í stórum stíl. En „ekta“ jólatré munu samt hafa verið orðin fastur siður hjá mörgum fjölskyldum og í flestum skólum og félagasamtökum strax á fyrstu árum liðinnar aldar. Þá hófst líka sá siður að fara með börnin „á jólatré“ – og þótti mikill viðburður.

Menn greinir á um það, hvar og hvenær siðurinn að skreyta og lýsa jólatré hófst. Samt eru allir á einu máli um það að hann er evrópskur og á sér rætur í frum-evrópskri vættatrú, tengdri vetrarsólstöðum og blíðkun náttúruaflanna til að tryggja það að uppskera hins nýja árs brygðist ekki. Í norðurhluta Evrópu tíðkaðist frá öndverðu að festa upp greni- eða einigreinar við útidyr húsa til að bægja myrkravættum frá í skammdeginu. Af þeim sið er talið að „jólatréð“ sé sprottið.

Fyrsta jólatréð með ljósum, skrauti og kristilegu ívafi er talið að Dórótea Sybilla, hertogafrú í Slésíu, hafi sett upp í salarkynnum sínum á jólunum 1611. Þetta þótti góð hugmynd, sem breiddist út um þýska ríkið. En jólatré hertoga¬frúarinnar átti sér dýpri rætur, því að um aldir höfðu tíðkast helgileikir í þýskum kirkjum, þar sem eplum skreytt grenitré gegndu hlutverki skilningstrésins um jólaleytið, líklega til að afheiðna hinn forna sið.

Um 1700 var jólatréð búið að ávinna sér það form sem það hefur enn í dag meðal Evrópumanna, bæði austan hafs og vestan. Um 1800 voru jólatré orðin vel þekkt á Norðurlöndum og til Íslands bárust þau fyrst um miðja nítjándu öld. Í lok þeirrar aldar vissu líklega öll íslensk börn að jólatré væru til!

Rauðgreni

Á Íslandi eigum við val um þrjár aðalgerðir jólatrjáa. Í fyrsta lagi má nefna rauðgreni. Það hefur fremur smágerðar, dálítið gulgrænar og stingandi barrnálar. Af því leggur viðkunnanlega skógarangan, en það hefur þann ókost að vera ekki mjög barrheldið þegar inn í heitt og þurrt stofuloftið kemur. Gegn því má vinna með því að saga ögn neðan af trénu, svo að barkaræðarnar opnist og eigi auðveldara með að soga upp vatn. Síðan þarf að sjá til þess að sárið standi ávallt í vatni, gjarna með „blómanæringu“ út í, allan tímann sem það er inni í stofu hjá okkur. Af öðrum grenitegundum hefur verið boðið upp á íslenskt blágreni, sem eins er farið með. Sitkagreni hentar alls ekki sem jólatré í upphituðum húsakynnum.

Norðmannsþinur

Annar valkostur er norðmannsþinur. Hann er allur innfluttur frá Danmörku, þar sem hann er ræktaður í stórum stíl með þennan tilgang í huga. Norðmannsþinurinn er með breiðar, mjúkar og dökkgrænar barrnálar og afar barrheldinn. Hann heldur barri og lit þótt ekki sé haft vatn í jólatrésfætinum. Aðrar þintegundir hér á markaði, af og til, eru fjallaþinur og síberíuþinur. Báðar ræktaðar í íslenskum skógum og jafnfallegar og barrheldnar og norðmannsþinurinn, en því miður of hægvaxta til að geta keppt við hann, hvort sem er í verði eða magni.

Stafafura

Þriðji kosturinn, sem sífellt vinnur á, er íslensk stafafura. Hún myndar afar formfalleg og snotur jólatré sem venjast vel, þótt áferðin sé mun grófari en á þin og greni. Stafafuran hefur fallega greinasetningu og er opnari en greni og þinur. Barrnálarnar eru langar,

fagurgrænar og mynda einskonar „flöskubursta“ umhverfis hverja grein. Barrinu heldur furan, hvað sem á dynur, út öll jólin. Og jafnvel lengur, ef út í það er farið. Hún þarf ekki að fá vatn í fótinn og þornar bara fallega. Stafafuran angar langar leiðir og fyllir húsið jólailmi. Hún er án efa jólatré framtíðarinnar hér á Íslandi.

Fyrir – og eftir!

Algengast er að afgreiða jólatrén í nethólkum sem þjappa greinunum að bol og minnka fyrirferð. Best er að geyma trén í netinu á skjólgóðum stað utanhúss og oftast borgar sig að spúla þau nokkrum sinnum með kröftugri vatnsbunu úr garðslöngunni, einkum ef frostvindur er og líka svo sem tveim tímum áður en þau eru tekin inn, þá sígur vel af þeim og þau koma frísk og hress í hús. Ef frost er úti þegar það stendur til, er ráðlegast að láta þau þiðna hægt, t.d. í frostlausum bílskúr. Það er gott ráð að halda netinu utan um trén meðan verið er að festa þau í fótinn, þá er minna bras að fá þau til að standa rétt.

Eftir jól þarf svo að fylgjast með auglýsingu frá umhverfisdeildinni í sveitarfélaginu um hvenær áætlað er að hirða upp jólatrén til förgunar eftir jólin – og setja þau þá út í tilteknum degi. Sé ekki um slíkt að ræða, má brytja trén niður með sög og ef til vill merja greinarnar rækilega með slaghamri, og setja þau svo í moltubinginn.

Fjölnota teglös

Tyrkir drekka gríðarlegt magn af tei daglega. Drykknum er hellt er lítil, falleg glös sem hægt er að nota í ýmsum tilgangi.

Víða leynast í hérlendum búðum lítil glös ætluð fyrir tedrykkju. Þessi glös eru ættuð frá Tyrklandi þar sem teið er þjóðardrykkur en Tyrkir neyta um 160.000 tonna af svörtu tei árlega.

Tyrkir kjósa að hafa teglösin lítil þar sem teið er of sterkt fyrir stóra bolla. Drykknum er hellt mjög sterkum í glasið og er síðan þynntur með vatni eftir smekk. Bæta má sykurmolum út í teið en aldrei sítrónu eða mjólk.

Þessi litlu glös þarf þó ekki endilega eingöngu að nota til tedrykkju. Hægt er að nota þau sem vatns- eða vínglös, blómavasa eða sprittkertastjaka.

Glös frá Te og kaffi. Kosta 580 krónur stykkið með undirskál og skeið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Glös frá Kaffitári á 590 krónur stykkið.

Fást í Tiger í nokkrum litum. Þrjú glös á 400 krónur.

20% afsláttur
af öllum ljósum og gjafavörum fram til jóla

local
Húsgögn og gjafavara
Skeifan 3A við hlið
Atlantsolíu 108 Reykjavík
Sími: 517 3600 • Fax: 517 3604
mylogo@mmedia.is
www.local1.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Steikarskúffa með grind og spaða
Tilboðsverð 5.990 kr

Villeroy & Boch
Kringlunni



Guðrún Öyahals

Íslensk list
er góð gjöf
Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg
LISTMUNASALA fold
Opið til kl. 22.00 og
á þorláksmessu til kl. 23.00
Sjáumst í Gallerii Fold
Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Lætt 96,7
Jólastöðin þín!

KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND ehf.

allt tilboð
Alla föstudaga

Hangikjöt er ágætt að sjóða daginn áður en það er borðað ef það á að vera kalt. Margir sjóða hangikjötið á Þorláksmessu hvort sem þeir hafa það á aðfangadag eða jóladag.

PUJOL: *Njótum þess að drekka lífrænt um jólin*



Verðlaunavín frá Pujol bregst ekki með hátíðarmatnum. Gert úr fjórum þrúgum og gefur okkur sól og hita frá frönsku Katalóníu úr hverjum dropa! Lífræn ræktun frá búgarðinum La Rourede sem hefur verið í eigu sömu fjölskyldu frá 1785. Sumar plönturnar eru orðnar 95 ára gamlar og gefa vín með frábæra fyllingu. Þroskun í eikartunnum í eitt ár gefur enn meiri karakter. Vín með sólberja- og skógarilmi. Í munni er það kryddað, með svörtum berjum og plómum. Það passar með villibráð og grilluðu sem steiktu kjöti, rauðu sem hvítu, einnig gott með saltfiski og frábært með mjúkum ostum. Bragðmikið, fíngert, mikil lengd. Flott vín með alvöru mat. Verð í vínbúðum 1.490 kr.

MARQUES DE CÁCERES: *Vinsælasta vínið fjórða árið í röð!*

Marqués de Cáceres er eitt þekktasta vínhús frá Rioja á Spáni. Þeirra þekktasta afurð er Marqués de Cáceres Crianza sem er frægt fyrir að vera uppáhaldsvín Spánarkonungs. Tímaritið Wine & Spirits velur á hverju ári vinsælasta vínið frá Spáni og sigraði Marques de Cáceres fjórða árið í röð með miklum yfirburðum. Vín sem svíkur engan og er löngu orðið sígilt í vínheiminum. Vínið er framleitt úr 85% tempranillo- og 15% garnacha- og graciano-þrúgum og hefur verið í 15 til 18 mánuði í eik og 14 mánuði í flösku áður en það er sett á markað. Þurrt rauðvín með eik, reyk og mildri vanillu.

Verð í vínbúðum 1.290 kr.

Gerið sjálf ykkar gæðavín
aman
Skeifunni 11d
Sími 533 1020

allt atvinna
Alla sunnudaga

Sægreifinn Kjartan Halldórsson segir skötuna vera algjört lostæti. E.ÓL

Jólaskatan hjá Sægreifanum

Matgæðingar landsins eru löngu farnir að huga að jólaskötunni á Þorláksmessu. Kjartan Halldórsson, eigandi Sægreifans á Geirsgötu byrjaði að selja svöngum viðskiptavinum sínum skötu í síðustu viku.

Skatan er mörgum jafn mikilvæg á Þorláksmessu og jólagjafirnar á aðfangadag. Ein mest sjarmerandi fiskbúð landsins, Sægreifinn við Geirsgötu, byrjaði um síðustu helga að bjóða viðskiptavinum sínum upp á skötu. Sægreifinn sjálfur, Kjartan Halldórsson, segir skötuna alltaf vera jafn vinsæla. „Þessi hefð er alls ekki að deyja út, frekar að verða sterkari," segir Kjartan.

Hjá Sægreifanum er hægt að koma alla daga fram að jólum og fá sér skötu í hádeginu. Auk skötunnar býður Sægreifinn upp á fjölmarga aðra rétti, en humarsúpan hans er löngu orðin víðfræg sem og síldarbarinn hans sem er einn sá veglegasti sem hægt er að finna. Állinn er samt helsta ástríða Kjartans enda mikill áhugamaður um veiðar á honum og hjá Sægreifanum er meðal annars hægt að fá bragðgóðan reyktan ál. Hann segir að bændur og sjómenn ættu að vera duglegri að veiða álinn því hann finnist víða, meðal annars við Grindavík.

Kjartan segir að það sé afar einfalt að elda skötuna. „Hún er bara soðin í svona fimm til sjö mínútur. Svo er bara að fá sér rúgbrauð með smjöri með. Svo vilja menn náttúrulega líka alltaf fá hnoðmör og hamsatólg." Kjartan segir svo að í eftirrétt sé gott að fá sér Steingrím með rúsínum. „Gamli forsætisráðherrann, Steingrímur Hermannsson, hvatti fólk til þess að borða mikinn grjónagraut því hann væri hollur."

Kjartan telur að hann geti tekið á móti um 25 manns á Sægreifanum og eins og áður segir er þar hægt að fá skötu alla daga fram að jólum auk fjölbreytts úrvals fiskrétta.

Hnetusteikin er þannig krydduð að hægt er að borða allt með henni sem haft er með öðrum steikum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hnetusteik á hátíðaborðið

Landsmenn kunna æ betur að meta hnetusteik sem jólamat.

„Eftirspurn eftir hnetusteikinni eykst ár frá ári og það er hver sem er sem kaupir, ekki bara fólk í einhverjum sértrúarsöfnuðum," segir Helga Mogensen hjá Manni lifandi. Hún segir æ fleiri viðurkenna að þótt reykt kjöt sé yndislega gott þá sé það erfitt fyrir líkamann. „Margir eru farnir að feta aðrar leiðir og finna að jólin eyðileggjast ekkert," segir hún, nýbúin að selja eldri hjónum væna hnetusteik þegar spjallað er við hana. „Hjónin ætla að hafa hnetusteikina með hinum hefðbundna jólamat til tilbreytingar. Það finnst mér skemmtileg leið. Konan var hugrökk og reiðubúin að sleppa því sem þau höfðu vanist, en manninum fannst það svolítið frjálslega farið með jólahefðir og kaus að hafa hnetusteikina sem valkost. Hnetusteikin er svo skemmtilega krydduð að það er gaman að hafa hana á borðunum og hægt að borða allt með henni sem haft er með öðrum steikum, svo sem rauðkál, rauðrófur og slíkt," segir Helga og bætir við. „Ég er búin að búa til hnetusteik í mörg ár. Það er bara partur af jólahefðinni."

Jólasalat með hangikjötinu

MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR SEGIR EPLASALAT MÓÐUR SINNAR VERA ÓMISSANDI MEÐ HANGKJÖTINU Á JÓLADAG.

40 g smjör
40 g hveiti
40 ml mjólk
150 g rauðbeður
175 ml safi
3 epli
1 tsk. sinnep
1/4 tsk. salt
2 tsk. sykur

Eplin afhýdd og skorin í fínar ræmur. Sama með rauðbeðurnar, sett til hliðar.
Smjörið brætt í potti og hveitinu jafnað saman við, þynnt með hitaðri mjólk og rauðbeðusafanum, sem má vera kaldur. Sósan soðin í nokkrar mínútur, hrært vel í á meðan, en gott er að taka pottinn af hellunni meðan hrært er í.
Sinnepi, sykrinum og saltinu bætt í, og segir María að ef fólk vilji rauðari lit í sósuna megi bæta ávaxtalit út í á þessu stigi. Þegar sósan er orðin köld er eplum og rauðbeðum bætt út í og salatinu svo hrært varlega saman.
Salatið er síðan borið fram kalt með hangikjötinu á jóladag.

Sólveig Pétursdóttir í jólaskapi.

Jólaísinn vinsælastur

Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, heldur, eins og aðrir landsmenn, upp á jólin með pomp og prakt. Fjölskylda hennar hlakkar alltaf sérstaklega mikið til forréttarins og eftirréttarins sem Sólveig ber fram hvert aðfangadagskvöld.

„Jólin eru yndislegur tími og mikilvægt að eiga góðar stundir með fjölskyldunni við kertaljós og greniilm. Það eru margvíslegar hefðir sem hafa skapast á mínu heimili sem mitt fólk er fastheldið á. Eitt af því er jólamaturinn," segir Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis.

Sólveig ber fram heimalagaða aspassúpu á aðfangadag, sem í felst mandlan, auk hefðbundins hamborgarhryggs. Í eftirrétt býr hún svo alltaf til ís eftir uppskrift Sjafnar Kristinsdóttur heitinnar, tendgamóður Sólveigar.

Aspassúpa Sólveigar

„Ég bý til aspassúpuna úr soði af heilu lambalæri sem ég steiki síðan og nota sem kalt álegg yfir jólin. Súpan er bökuð upp með smjöri og hveiti, þessu soði og aspassoði, og síðan bragðbætt með kjötteningum, rjóma og þurru sérríi, og ber ég hana svo fram með súpurúnnstykkjum," segir Sólveig og bætir við að hún býr alltaf til ríflegan skammt af súpunni, því hún er góð upphituð í hádeginu á jóladag við lestur jólabókanna.

Jólaís Sjafnar

2 pelar rjómi
150 grömm sykur
4 eggjarauður
3 egg
vanilludropar eftir smekk

1-2 stykki suðusúkkulaði saxað

Egg, eggjarauður og sykur eru hrærð vel saman, og vanillan sett út í. Rjóminn þeyttur og blandað varlega saman við. Suðusúkkulaðinu bætt út í og hrært saman með sleif. Svo er ísinn settur í form og frystur.

Sólveig nýtir oft eggjahvíturnar fjórar til þess að búa til marengskökur sem hún ber fram með ísnum.

smk@frettabladid.is

JP CHENET: *Mest seldu frönsku vínin í heiminum*

Sérstakt útlit JP Chenet-flöskunnar vekur óneitanlega mikla athygli. Hún sker sig úr í hillum vínbúðanna þar sem háls flöskunnar hallar ofurlítið til hliðar.

Þótt útlit flöskunnar sé það sem fyrst vekur athygli er það innihaldið og verð vínsins sem ræður úrslitum um vinsældir þess. JP Chenet-vínin þykja einkar mild, þægileg og hentug við flest tækifæri. Vínið JP Chenet Cabernet/Syrah var fyrsta vín fyrirtækisins sem kom á markað og það sem fallið hefur íslenskum neytendum hvað best í geð. Vínið er fáanlegt í flestum vínbúðum og er til í þremur stærðum. Þetta vinsæla rauðvín er gert úr þrúgunum cabernet sauvignon 60% og syrah 40%. Liturinn er ríflega meðaldjúpur og plómurauður. Vínið er meðalbragðmikið og ljúft. Helst má greina kirsuber, dökk ber, pipar og krydd í bragði þessa heillandi víns. Hentar vel með flestum mat en ekki síst lambakjöti, kalkúni og ostum.

Verð í vínbúðum 397 kr. í 250 ml flöskum, 1.070 kr. í 700 ml flöskum og 3.440 kr. í 3 lítra kössum.



uppskrift }

Gljáðar gulrætur og parísarkartöflur

MEÐLÆTI MEÐ VILLIBRÁÐ

500 g gulrætur
salt
500 g parísarkartöflur
75 g smjör
4 msk. hlynsíróp
1-2 tsk. sætt sinnep

Gulræturnar flysjaðar eða skafnar, skornar í 1 cm þykkar sneiðar og soðnar í saltvatni þar til þær eru rétt meyrar. Þá er látið renna af þeim í sigti og þeim blandað saman við kartöflurnar. Smjörið brætt á pönnu og kartöflur og gulrætur látnar krauma í því í 2-3 mínútur. Hlynsírópi og sinnepi blandað saman, hellt jafnt yfir, hrært vel og látið krauma í nokkrar mínútur í viðbót. Hrært oft á meðan.

Svínakjöt og sérstakt salat

Friðrik Ómar Hjörleifsson söngvari fer ávallt norður til mömmu og pabba um jólin. Í ár verður hamborgarhryggur en Friðrik segir að iðulega sé svínakjöt haft í matinn á jólunum.

„Það er alltaf svín en bara spurning hvernig það er matreitt," segir Friðrik en hann segist ekki alveg viss um hvort búið sé að kaupa jólasteikina enda fer hann ekki norður fyrr en á Þorláksmessu. Friðrik segist ekki ætla að breyta þeirri hefð að fara norður til fjölskyldu sinnar um jólin, að minnsta kosti ekki í bráð. Auk Friðriks koma til mömmu hans og pabba, tvær systur hans og börnin þeirra. „Þannig að það verður mikið stuð."

Það sem Friðriki finnst uppáhalds á jólunum er salat mömmu hans. „Hún býr alltaf til salat á aðfangadag með jólasteikinni sem er hryllilega gott. Þetta er reyndar mjög venjulegt salat en það er bara eitthvað svo sérstakt við það. Það er svo sérstakt að ég hef gefið út plötu sem heitir Jólasalat og er skírð eftir þessu salati," segir Friðrik og hlær.

Friðrik Ómar segir að það skemmtilegasta við að fara heim til fjölskyldu sinnar sé að koma norður. „Þar eru hvít og falleg jól, ekki svona rauð eins og í Reykjavík. Ég hef reyndar ekki verið í Reykjavík á aðfangadag en mér finnst miklu skemmtilegri jólastemning úti á landi. Hún er einhvern veginn meira sönn. Það er samt bara mín tilfinning," segir hinn brosmildi Friðrik Ómar að lokum.

steinthor@frettabladid.is

Friðrik Ómar Hjörleifsson hlakkar til að kíkja norður yfir jólin þar sem dýryndis jólahamborgarhryggur verður væntanlega á boðstólnum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Góð með kjúklingi, svínakjöti, reyktum laxi, graflaxi, sem salatsósa og í kalt pastasalat hverskonar.

Ekkert blað í morgun?
Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.
FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn

Jólasímtöl eru alltaf skemmtileg. Það getur verið notalegt að eyða síðustu kvöldunum fyrir jól í það að hringja í vini og ættingja sem maður heyrir kannski ekki oft í og gefa sér smá tíma til þess að spjalla um leið og maður óskar þeim gleðilegra jóla.



NJARÐARSKJÖLDUR FERÐAMANNAVERSLUN ÁRSINS 2005
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
www.michelsen.biz

Kallý og Ella hittast í síðasta skipti fyrir jól. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Talað um allt mögulegt

Katrín Dagmar Jónsdóttir og Elínborg Lorens eru þátttakendur í Mentor-verkefninu vináttu. Fyrr í haust sögðu þær frá því hvernig það fór af stað hjá þeim en þær eru búnar að gera ýmislegt síðan þá.

Þann fyrsta desember var jólastund Velferðarsjóðs barna haldin í húsnæði Íslenskrar erfðagreiningar. Kallý og Ella fóru þangað og hittu aðra mentora og börn. „Þetta var rosalega skemmtilegt," segir Kallý. Eftir að skipulagðri dagskrá lauk var öllum gestum boðið upp á veitingar. „Heilsuleikskólinn var með atriði og þess vegna var líka boðið upp á grænmeti," segir Kallý. „Svo voru bekkjarbræður mínir, sem við köllum tvíburana, þarna," segir Ella. „Það eru tveir strákar sem eru með sama mentorinn. Þeir eru vinir og eru jafnstórir og alltaf með eins húfur. Þess vegna köllum við þá tvíburana," útskýrir Kallý.

Kallý og Ella bökuðu síðan piparkökur um miðjan desember og skemmtu sér konunglega við það. Þá hitti Ella bróður Kallýjar sem er að verða sautján ára og þau náðu strax mjög vel saman. „Hann er svo skemmtilegur," segir Ella. Þegar þær voru búnar að baka piparkökurnar kom hann og hjálpaði þeim að skreyta þær. „Hann gerði svona E á jólasvein," segir Ella og hlær. „Hann sagði að hann ætti þessa köku því hún væri merkt honum en hann heitir Eyjólfur," segir Kallý. „Þá sagði ég að ég héti Elínborg svo þetta gæti alveg eins verið mín kaka," segir Ella.

Kallý og Ella á jólastund Velferðarsjóðs barna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kallý og Ella baka piparkökur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kallý og Ella segjast alltaf vera að verða nánari. „Það er oft ekkert eins og það séu þrettán ár á milli okkar og hún er bara eins og besta vinkona mín," segir Kallý. „Við getum talað um allt mögulegt," segir Ella. „Við tölum um lífið og tilveruna, hvernig gengur í skólanum hjá okkur báðum og vinina," bætir Kallý við.

Kallý og Ella hittast ekki aftur fyrr en eftir áramót en þær eru búnar að gefa hvorri annarri jólagjafir. Þær vilja samt alls ekki gefa upp hvað er í pökkunum og segja að það komi bara í ljós.

emilia@frettabladid.is

MORELLATO
Ítalskir stálskartgripir

Með jólin í hárinu

Ljósaserían gengur fyrir batterí um og fékk Kolbrún hana að gjöf frá móður sinni. Aðspurð að því hvort hún ætli að setja upp seríuna fyrir þessi jól segir Kolbrún að svo sé. Líklegast þó bara á Þorláksmessu og kannski eitthvað örlítið meir, en hún segist ekki tíma frekari pening í batterí því ljósaserían sé mjög frek á þau, hún þurfi að skipta um rafhlöður á þriggja tíma fresti.

„Viðskiptavinirnir tóku framtakinu bara mjög vel og einhverjir sögðu mér að þeir væru ánægðir með þetta hjá mér," segir Kolbrún. Aðspurð að því hvort nokkur óþægindi svo sem hausverkur eða ofhitnun fylgi því að bera seríuna segir hún að svo sé alls ekki, það hafi að minnsta kosti ekki borið á því hingað til.

Kolbrún er þó mikið meira en stúlka með jólaseríu í hárinu, hún er í fornámi við Myndlistarskólann í Reykjavík og segist vera mjög ánægð þar. Aðspurð segist hún vel geta hugsað sér að reyna frekar fyrir sér í listnámi, þá helst erlendis. Hún hefur starfað í rúm tvö ár á Kaffitári Í Kringlunni og því liðtækur kaffibarþjónn. „Það er mjög gaman að vinna um jólin, kannski fyrir utan sjálfan aðfangadaginn en þá er fólk í miklu stressi eftir að hafa uppgötvað að það hefur gleymt öllum jólagjöfunum, en hins vegar er mjög gaman að vinna á Þorláksmessu. Þá er góð stemning í Kringlunni og fólk er í jólaskapinu, svo drekkum við púrtvín saman á meðan við lokum það kvöldið. Það er mikið partí hérna í Kringlunni á Þorláksmessu," segir Kolbrún eiturhress.

jonragnar@frettabladid.is

Kolbrún Ýr með seríuna góðu.

„Þetta er ekki fuglaflensan, þetta er bleika flensan," segir Helga og hagræðir einni kúlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bleika blíðan í Blómálfinum

Bleiki liturinn er í hávegum hafður í Blómálfinum á Vesturgötu 4, hjá Helgu Thorberg kaupkonu.

„Femínistarnir frelsuðu bleika litinn," sagði kona nokkur og keypti sjö jólatré. Ætlaði að gefa öllum stelpunum í kringum sig," segir Helga ánægð og sannfærir blaðamann um að bleikt sé að slá í gegn. „Þú sérð að meira að segja karlmenn eru að byrja að klæða sig í bleikt," bendir hún á og kveðst meira að segja hafa séð Clinton með bleikt slifsi. „Bleiki liturinn er svo yndislegur og fallegur og blíður. Nú er það blíðan sem fer sigurför um heiminn enda veitir ekki af," segir Helga og brosir sínu blíðasta. ■

Það er samt ekki allt bleikt í Blómálfinum. Hér er sýnishorn af gamaldags og dásamlegu jólaskrauti.

Glæsilegir skartgripir

Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
Laugavegi 15 • sími 511 1900 • www.michelsen.biz

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Ef maginn fer í ólag þá getur Silicol hjálpað.

Silicol bindur bakteríur og önnur skaðleg efni í maga og gerir óvirk.

Silicol fæst í apótekum um allt land.



Verð nú aðeins kr. 59.000.-
Verð áður kr. 75.000.-

Verð nú aðeins kr. 59.000.-
Verð áður kr. 79.000.-



Verð nú aðeins kr. 49.000.-
Verð áður kr. 65.000.-
Með leðri kr. 65.000.- Verð áður kr. 89.000.-

Hvíldarstólar
Jólatilboðsverð
Vandaðir hvíldarstóll,alklæddir leðri með skemli, ruggu og snúning.

www.valhusgogn.is
Valhúsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Opið til kl. 19:00 Sími 581-2275 ■ 568-5375

Acer 17" 1716 S
Flottur á skrifborðið!
3 ÁRA ÁBYRGÐ
Verð: 24.900
Acer 19" 1916 Verð: 34.900

Acer 17" 1751 - GAMERS LINE
8ms svartími
Sérhannaður í leikina!
3 ÁRA ÁBYRGÐ
Verð: 29.900
Acer 19" 1951 Verð: 39.900

acer
MEST SELDU SKJÁIR Í EVRÓPU!
svar tækni
SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS

Gullfaxi
Saltskrúbb
Náttúrulegt saltskrúbb sem hreinsar húðina og gefur fallegan gljáa og mýkt.

JURTAAPOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR
Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is

Verslun
Lágmarks álagning
Miklð úrval
Búsáhöld- jólavörur- klukkur
ljós- leikföng- sjöl- skartgripir
slæður- úr- verkfæri- veski ofl. ofl.
Flottur fatnaður á alla fjölskylduna á sama verði og erlendis!
Allt í jólapakkann fæst hjá okkur
B.MAGNÚSSON
Austurhrauni 3,Gbæ/ KAYS (nóg af bílastæðum)
www.bmagnusson.is bm@bmagnusson.is sími: 5552866
Opið virka daga 10-18 Þorláksmessa 10-19
Aðfangadag 10-12

OPIÐ TIL KL. 22
MIÐBORGIN
JÓLALEGA
Sölustaðir
Penninn
Mál og menning
Bókabúðin Hlemmi
Skífan
Iða
MIÐBORGAR GJAFAKORTIÐ
305 verslanir
Næg bílastæði

www.kokkarnir.is
Osta- og gjafakörfur
hátíðlegar og nýtilegar jólagjafir af öllum stærðum og gerðum

ART.AD.IS 12.2005
KOKKARNIR
VEISLUÞJÓNUSTA
Í OSTA- OG SÆLKERABORÐINU HAGKAUPUM, KRINGLUNNI
Pantanir: kokkarnir@kokkarnir.is

Ljósadýrðin ræður svo sannarlega ríkjum í Glóey. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fáar verslanir bjóða upp á jafn fjölbreytt úrval jólasería og ljósa.

Fjölbreytt úrval ýmissa vara má finna í Glóey.

Persónuleg ljósadýrð

Verslunin Glóey í Ármúlanum er mörgum að góðu kunn. Jólin eru háannatími hjá verslun-inni en þar er geysilega gott úrval jólasería og ýmiss konar jólaskrauts.

Elín Hannesdóttir, verslunarstjóri Glóeyjar, segir að sala jólaljósa aukist með hverju árinu sem líður. Hún segir að nýrri og fínni jólaseríur seljist ekkert endilega betur. „Mér finnst mjög mikið af fólki sem heldur í gömlu seríurnar og við erum með aukaperur sem margir stórmarkaðir eru ekki að bjóða upp á. Það er líka mjög góð sala í skrautseríum og útiseríur er líka mjög vinsælar. Það má eiginlega segja að það sé góð sala á öllum gerðum sería, ekkert eitt sem sker sig úr.“

Elín segir að fólk byrji að streyma í búðina í lok nóvember og í byrjun desember. Straumnum linnir svo ekki fyrr en eftir jólin og er verslunin alltaf troðfull af fólki.

Fólk kemur ekki í Glóey einungis til þess að finna jólaljós. „Við erum með ýmiskonar raftæki og mikið úrval af hlutum sem hægt er að gefa. Svo erum við með ofboðslega mikið úrval af lömpum og ljósum. Við höfum eitthvað fyrir alla, ekki bara eitthvað nýtískulegt heldur mikið af gamaldags hlutum.“

Elín segir að mikill jólaandi ríki í versluninni, bæði á meðal starfsmanna og viðskiptavina. „Fólkið sem kemur hingað er ánægt og virðist hafa gaman af því að koma. Við erum nefnilega öll svo spennt og alltaf á hlaupum. Fólk hlær því bæði að okkur og með okkur. Við fáum líka mikið hrós frá kúnnunum. Við erum fjölskyldufyrirtæki og fólk kemur hingað aftur og aftur.“ segir Elín að lokum í góðu jólaskapi. ■

Jón í jólaskapi með miðann góða.

Jólaengill kom mér heim fyrir jólin

Jón Stefán Sigurðsson, leiklistarnemi í London, er nýkominn heim til að eyða jólunum með fjölskyldunni. Hann segist geta þakkað heimkomuna óvæntum jólaengli.

„Ég fékk nýtt debetkort sent frá bankanum mínum á Íslandi og hélt að pin-númerið væri það sama,“ segir Jón. „Það kom á daginn að svo var ekki þannig að ég gat ekki tekið pening út neins staðar.“ Jón örvænti ekki því hann var á leið heim og þar gæti hann fengið númerið sem hann vantaði. „Svo þegar ég ætlaði að borga lestarmiðann út á flugvöll fékk ég þau svör að þeir tækju ekki við svona kortum,“ segir Jón. Nú voru góð ráð dýr og Jón ekki með neinn pening til að borga.

„Þarna stóð ég með kortið í höndunum en enga leið til að nota það. Þá skyndilega kom að mér kona sem bauðst til að borga miðann fyrir mig,“ segir Jón. Þessi verndarengill hafði þá heyrt hvað fram fór og bauðst til þess, í tilefni jólanna, að borga miðann svo Jón kæmist heim. „Hún lét mig fá símanúmer og tölvupóstfang og sagði mér bara að borga sér seinna,“ segir Jón.

Það er gott að vita að hin margrómaða breska kurteisi er ekki útdauð, en betra er að vita að þegar við lendum í vandræðum fjarri heimahögum sé fólk, sem af einskærri góðsemi, er boðið og búið til að hjálpa fátækum Íslendingum að komast heim í hangikjöt og uppstúf. ■

jólasveinar }

MYND/PJÓÐMINJASAFNIÐ

Ketkrókur

Ketkrókur, sá tólfti,
kunni á ýmsu lag. –
Hann þrammaði í sveitina
á Þorláksmessudag.

Höf. Jóhannes úr Kötlum

Í kvöld er það Ketkrókur sem leggur leið sína til byggða til að gefa börnunum í skóinn. Hann eyðir svo Þorláksmessudegi í að ráfa um mannabyggðir og krækir sér í tutlu hér og þar. Karlinn er sólginn í ket og í gamla daga rak hann langan krókstaf niður um eldhússtrompinn og krækti sér í hangiketslæri sem héngu uppi í rjáfrinu eða hangiketsbita upp úr pottinum, en í þá daga var hangiketið soðið á Þorláksmessu. Í dag reynir hann hins vegar að sitja um hús í bænum í von um að einhver láti hangikjötið út á stétt til kælingar. Um leið og það er gert er Ketkrókur horfinn með það á braut.

Samvera býr til góðar minningar

Fjölskylduráð hefur hrint af stað átaki til að hvetja fólk að minnast þess hvað gerir jólin sérstök. Eru það gjafirnar, maturinn eða samverustundirnar? Höfum við tapað okkur í neyslu og gleymt innihaldi jólanna?

„Það kom upp umræða í fjölskylduráðinu að það þyrfti að breyta íslensku jólahaldi," segir Björg Kjartansdóttir, vefstjóri vefs fjölskylduráðs www.fjolskylda.is. Í kjölfar þess ályktaði fjölskylduráð að fjölskyldan ætti að njóta jólanna á eigin forsendum í stað þess að taka þátt í neyslukapphlaupinu. Í það var ráðist að hvetja fólk til að hugsa til þess hverju það man best eftir frá fyrri jólum. „Við héldum málþing undir yfirskriftinni Að neyta eða njóta jólanna? og opnuðum síðu á vef okkar þar sem hægt er að skrá niður jólaminningar," segir Björg.

Jólatilboð Brimborgar. Lægra verð. Betri kjör.
Tugþúsundir í aukabúnað án aukakostnaðar.
Verðmæti jólatilboðs Brimborgar allt að 195.000 kr.,
ásamt frábæru verði á sjálfskiptingu.

LÝSING *Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Focus í tilefni jólanna.*

Þú færð án aukakostnaðar fjölstillanleg Comfort framsæti með mjóbaksstillingu og rafdrifinni hæðarstillingu á ökumannssæti veljir þú nýjan Focus. Aðgengi um Focus er auðveldara og þægilegra, bæði fyrir ökumann og farþega.

Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu veljir þú nýjan Focus. Þú þarft ekki að skafa framrúðuna í vetur þar sem framrúðan öll er upphitanleg. Ath. öll upphituð!

Nú er rétti tíminn til að kaupa nýjan Ford Focus. Fáir bílar á jólatilboði Brimborgar. Tilboðið gildir aðeins til aðfangadags 24. desember eða á meðan birgðir endast. Skoðaðu www.ford.is

Jólatilboð Brimborgar

Samfélagsleg ábyrgð Brimborgar er veruleiki. Við bjóðum þér enn lægra verð á Ford Focus. Bílaframleiðendur og fjármálafyrirtæki þekkja nú orðið kröfur Brimborgar um lægsta verð og bestu kjör fyrir íslenskar fjölskyldur sem velja Ford. **Kynntu þér greiðslukjörin.** Nýttu þér jólatilboð Brimborgar. Komdu á öruggan stað. Veldu Ford.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita sölurádgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: Álfelgur og þokuljós.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

HEIMILISLEGAR OG VANDAÐAR

Pioneer

PIONEER heimabíókerfi DCS–333
Kr. 49.900
12 mánaða vaxtalausar raðgreiðslur

Pioneer

PIONEER heimabíókerfi DCS–232
Kr. 29.900

KOMIÐ OG GERIÐ HLJÓÐSAMANBURÐ

QONIX

QONIX RDA-4730
Ferðatæki – útvarp, CD og segulband
Kr. 5.990

SHARP

SHARP XLMP10H
hljómtækjastæða
Kr. 9.900

SAMSUNG

SAMSUNG V5450
Sambyggður VHS
og DVD spilari
Kr. 16.990

SHARP
SHARP LC-15SH2E
15 " Svartur
TFT LCD skjár,
Kr. 49.900

Pioneer

PIONEER DVD spilari DV–380
Kr. 12.900

QONIX
QONIX PRA2000
Útvarp
Kr. 6.990

COBY CX-CD240
Ferðageislaspilari
Kr. 3.990

QONIX
QONIX
Útvarpsvekjaraklukka
Kr. 2.390

SAMSUNG

SAMSUNG MP3 spilari
Kr. 22.900
SAMSUNG MP3 spilarar
frá kr. 6.990

Nintendo®

Allir bestu tölvuleikirnir!

Nintendo Micro
Leikjatölva
Kr. 8.900

Nitnendo DS
Leikjatölva
Kr. 12.900

Heimsins bestu tónleikar heim í stofu!

TÓNLEIKAR Á DVD

Æðislegt úrval!

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Við seljum merkjavöru. Merkjavara þýðir gæði.

LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
Heimilistæki, raftæki ofl.

SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800
Hljómtæki, sjónvörp ofl.

SMÁRALIND
SÍMI 530 2900
Allt vöruúrvalið

ORMSSON

GAMAN AÐ SJÁ YKKUR!

JÓLAGJAFIR

SOLIS Expresso-kaffivél
Verðlaunakaffivél
Kr. 54.900

SOLIS Palazzo
Rapid Steam
Kr. 64.900

TEFAL
Raclette grill
Kr. 4.900

AEG
Handryksuga
Kr. 2.990

AEG
Brauðrist
Kr. 4.990

AEG
Blandari m/gleri
Kr. 6.990

Örbylgjuofn
Kr. 9.900

TEFAL
Mínútugrill
Kr. 7.990

TEFAL
Hraðsuðukanna
Kr. 2.990

AEG
Kaffivél
Kr. 3.990

AEG
Handþeytari m/skál
Kr. 7.990

AEG
Matvinnsluvél
Kr. 13.900

TEFAL
Straujárn
Kr. 4.790

Uppþvottavél,
íslenskt stjórnborð
TILBOÐ:
Kr. 69.900
Kr.79.900 (stál)

Þvottavél -1200 sn.
íslenskt stjórnborð
Kr. 69.900

EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

Þvottavél -1600 sn.
íslenskt stjórnborð

Þurrkari - 6 kg.
íslenskt stjórnborð

JÓLATILBOÐ: Kr. 149.900

Ryksuga Turbo T2
1600 W
Kr. 8.900

AEG
Hárblásari
Kr. 2.690

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

Umboðsmenn um land allt.

STUÐ MILLI STRÍÐA Herra Jameson og herra Carlsberg

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR „HITTI ÞAR EINN DRYKKJUMANN“

Um þetta leyti fer ég venjulega að kaupa nokkrar gjafir fyrir vini og vandaða menn í tilefni af misskildri jólahátíð. Í kaupferðinni minni ráfaði ég um verslunarmiðstöðvar og rambaði inn í eina af dýrustu gjafavörubúðum bæjarins. Þar inni fann ég minnsta hlutinn til að kaupa, sem var 1x1 sentimetri á stærð, og nógu dýr var hluturinn þrátt fyrir fátæklegt rúmmál.

Meðan ég rótaði í ódýrustu hillunni, fann ég hvernig einkennilegur ilmur, eða fnykur, nálgaðist mig. Svo áttaði ég mig á því að ilmandi fnykur þessi var blanda af bjór-, vodka- og Jamesonlykt. Og með lyktinni fylgdi maður, vel til hafður, í miklu jólastuði og með breitt bros á andlitinu.

Maðurinn stillti sér við hlið mér, vaggaði lítið eitt, og sagði „flyrjirgefðu en sérfðu nokkð svonna vaff einhverrsstjaðar?“ og benti um leið á rekka sem bar glitrandi stafalyklakippur. Ég sá vaffið vissulega, það var á sínum stað á eftir u-inu. Ég rétti glaða manninum vaffið sem varð gríðarlega þakklátur og óskaði mér „gleðlir jóhl“. Svo vaggaði hann í áttina að búðarborðinu, þar sem annar maður, alveg jafn vaggandi glaður og sá fyrri, beið meðan sveitt og andlitsrauð afgreiðslustúlka pakkaði inn sex risastórum gjöfum fyrir herra Jameson og herra Carlsberg. Svo rölluðu þeir og riðuðu meðan afgreiðslustúlkan krullaði borða af mikilli áfergju. Að lokum drógu þeir báðir upp kreditkortin og kvittuðu undir háa fimm stafa tölu, með gleði í hjarta og áfengi í æð og héldu svo hlæjandi á braut með jólagjafirnar.

Vissulega verða jólin gleðileg hjá þessum herramönnum, en ég veit ekki með janúar þegar visareikningurinn kemur. Mín gjöf kostaði bara þúsundkall.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Överli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Pú og Pa

Eftir SÖB



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

		5	8		1			4
	2			9				
		9			2	1		6
8	6							2
	1						3	
4							7	5
3		6	4			2		
				6			4	
2			9		8	3		

Lausn á gátu gærdagsins

6	1	9	5	3	2	8	4	7
4	7	3	8	9	6	5	2	1
2	5	8	7	4	1	6	3	9
5	8	4	3	6	7	1	9	2
3	9	2	4	1	5	7	6	8
1	6	7	9	2	8	3	5	4
9	4	6	1	7	3	2	8	5
7	2	5	6	8	4	9	1	3
8	3	1	2	5	9	4	7	6

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ
SECURITAS

JÓLAPAKKAR OFFICE 1

Tilboðin gilda til jóla eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur. Umbrot: Basecamp.

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM JÓLABÓKUM

3 FYRIR* 2

af öllum jólapappír, pakkaböndum og jólamerkimiðum
gildir til jóla

Office 1 Superstore

Afgreiðslutímar verslana!

Office 1 Smáralind
22. desember 10-22
23. desember 10-23
Aðfangadag 10-13

Office 1 Skeifunni 17
22. desember 9-20
23. desember 9-23
Aðfangadag 9-12

Office 1 Akureyri og Ísafirði
22. desember 10-22
23. desember 10-23
Aðfangadag 10-12

Egilsstöðum
22. desember 10-22
23. desember 10-23
Aðfangadag 10-12

Póstkröfusími: 550 4100 eða á pontun@office1.is

*Kaupir þrjár vörur á 3 fyrir 2 tilboði. Ódýrasta varan fylgir frítt með.

Verð geta lækkað án fyrirvara

! **Kl. 21.00**

*Síðustu kertaljósatónleikar kammerhópsins **Camerarctica** í ár verða í Fríkirkjunni í Reykjavík. Gestur á tónleikunum er **Stefán Jón Bernharðsson** klarinettuleikari.*

menning

menning@frettabladid.is

Kyrrð og ró fyrir jólin

Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona og Steingrímur Þórhallsson orgelleikari halda kyrrðar- og íhugunartónleika í Neskirkju. Áhersla verður lögð á íslenska tónlist, bæði aðventulög og maríukvæði, en einnig flytja þau verk eftir Bach, Händel og Mozart.

„Það verður kannski svolítið alvarlegra yfirbragð yfir þessum tónleikum heldur en mörgum jólatónleikum," segir Hallveig. „Þetta verður allt á fallegum og trúarlegum nótum, engar gloríutrillur. Það verður ekki klappað og aðeins kertaljós í kirkjunni. Hingað geta allir komið til að finna hinn sanna jólaanda í hjartanu."

Tónleikarnir eru hugsaðir sem mótvægi við hinn mikla hraða sem

einkennir jólahald á okkar dögum og er þetta tilvalið tækifæri fyrir fólk að koma í miðjum jólaundirbúningi, setjast niður í kirkjunni sem verður aðeins lýst með kertaljósum, hlusta á fagra tónlist og komast í snertingu við hinn sanna anda jólahátíðarinnar og kristninnar.

Hallveig Rúnarsdóttir og Steingrímur Þórhallsson eru listamenn af yngri kynslóðinni sem hafa vakið mikla athygli undanfarin ár fyrir tónlistarflutning sinn. Þau hafa starfað saman við Neskirkju síðastliðin tvö ár, þar sem þau stofnuðu ásamt fleirum tónlistarhópinn Rinascente.

Tónleikarnir í Neskirkju hefjast klukkan 21.

> Ekki missa af ...

... sýningunni **Hellvar - ekki Helvar** í sýningarrýminu Suðsuðvestur í Reykjanesbæ, þar sem hljómsveitin Hellvar hefur komið sér fyrir með tæki sín og tól og semur efni á nýjan geisladisk meðan sýningin stendur yfir.

... **Túskildingsóperunni** eftir Bertolt Brecht og Kurt Weill, sem frumsýnd verður í Þjóðleikhúsinu á annan í jólum.

... tenórunum þremur sem syngja á svölum Kaffi Sólon á Þorláksmessu. Þeir eru að þessu sinni **Gunnar Guðbjörnsson, Jóhann Friðgeir Valdimarsson** og **Þorgeir Kjartansson**, en píanóleikur er í höndum **Steinunnar Birnu Ragnarsdóttur**.

Narníu-bækurnar komnar aftur

Í tilefni þess að kvikmynd hefur verið gerð eftir fyrstu bókinni í Narníu-bókaflokknum vinsæla, eftir breska rithöfundinn C.S. Lewis, hefur Fjölvi samið við Harper Collins-útgáfuna í London um að gefa út bækurnar sem eru sjö talsins. Fyrstu tvær bækurnar í flokknum, Ljónið, nornin og skápurinn og Frændi töframannsins eru nú fáanlegar og Fjölvi stefnir að því að gefa út hinar fimm bækurnar á komandi ári. Kristín Thorlacius þýddi þær yfir á íslensku og þær innihalda upprunalegu myndskreytingarnar úr fyrstu bresku útgáfu bókanna sem eru eftir listakonuna Pauline Baynes. Höfundur bókanna, C.S. Lewis fæddist árið 1898 í Belfast á Írlandi og lærði og kenndi við Oxford háskólann í Bretlandi þar sem hann kynntist rithöfundinum J.R.R. Tolkien. Þeir höfðu báðir brennandi áhuga á norrænni goðafræði og miðaldabókmenntum sem báðir notuðu sem innblástur fyrir verk sín. Lewis gerðist mjög trúaður og hægt er að finna

margar samlíkingar með Narníu-bókunum og píslarsögu Krists. Ljónið, nornin og skápurinn er ein vinsælasta barnabók heims og hefur komið út á yfir fimmtíu tungumálum. ■

Strengjadúett á Populus Tremula í kvöld

Dean Ferrell, kontrabassaleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands, og Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir, sellóleikari í Kammersveitinni Ísafold, bjóða til ævintýralegrar kvöldskemmtunar í Populus Tremula í kvöld kl. 21.30. Þau sameina klassíska músik og nútímamúsik í eigin útsetningum, þylja ljóð eftir sjálf sig, Ginsberg o.fl. og fara með raunatölur Tómasar Hume á meðan þau leika píanókonsert á kontrabassa og undarlegustu útsetningar ýmissa verka á bassann, línubala, þvottabretti, selló, gítar,

kontrabassa og trompet. Populus Tremula býður alla unnendur gríns og tónlistar velkomna. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis. ■

FYRIR UTAN FRÍKIRKJUNA Þau Sólrún Bragadóttir og Kári Þormar efna til tónleika í Fríkirkjunni þar sem fólk getur dregið sig í hlé frá erli jólaundirbúningsins um stund. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Syngur um Maríu mey

Sólrún Bragadóttir syngur nokkrar fallegar maríubænir á tónleikum í Fríkirkjunni í Reykjavík síðdegis í dag. Hún ætlar þó að sleppa þeim allra frægustu.

„Mér hefur alltaf þótt gaman að syngja kirkjulega tónlist. Maður nær oft svo sterkt til áheyrendanna í gegnum hana," segir Sólrún Bragadóttir sópransöngkona, sem í dag heldur tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík ásamt Kára Þormar organista.

Þau ætla að flytja þar tónlistarbænir helgaðar Maríu mey, Ave Maríur svokallaðar því flestar byrja þær á orðunum Ave María.

„Við höfum verið að tína saman fallegar maríubænir," segir Sólrún og bætir því við að sá draumur hafi lengi verið að bærast með henni að flytja saman tónverk helgað Maríu mey.

„Að vísu er þetta frekar kaþólsk hefð en lútersk, en við horfum bara fram hjá því. Einhvern veginn finnst mér að tónlistarflutningur sé hafinn yfir öll trúarbrögð og pólitík. Aðalatriðið er að ná inn í hjörtu fólks."

Á tónleikunum ætlar hún að syngja verk eftir Camille Saint Saens, Hans Nyberg, Cesar Franck, Giuseppi Verdi, Atla Heimi Sveinsson og fleiri góða höfunda. Auk þess leikur Kári tvö orgelforspil að sálminum Það aldin út er sprungið.

„Ég hef reyndar sleppt þessum allra frægustu, þær eru svo mikið sungnar."

Sólrún hefur búið í Danmörku í sex ár, en áður en hún flutti þangað bjó hún í Þýskalandi og þar áður í Bandaríkjunum. Býsna langt er því síðan hún bjó hér á landi, en hún hefur engu að síður reglulega komið hingað heim til þess að syngja á tónleikum eða í óperusýningum.

„Núna upp á síðkastið hef ég verið eins og jójó, farið fram og til baka," segir Sólrún, sem síðast kom fram hér á landi með söngsveitinni Fílharmoníu á aðventutónleikum í Langholtskirkju 12. desember síðastliðinn.

Hún verður á landinu fram yfir áramót, en kemur næst til þess að syngja í Salnum í Kópavogi á Tíbrártónleikum í lok janúar.

„Í sumar tók ég þátt í mjög skemmtilegu verki um H.C. Andersen undir berum himni í Danmörku," segir Sólrún, sem fór þar með hlutverk sænsku sópransöngkonunnar Jenny Lind, þeirrar sem ævintýraskáldið elskaði svo heitt.

„Í Salnum verður fókusinn bara á henni, ég syng lög sem hún söng og gerði fræg á sínum tíma."

Undanfarið hefur Sólrún einnig staðið í undirbúningi dagskrár fyrir Listahátíð í vor ásamt Sigurði Flosasyni saxófónleikara. „Það er allt saman íslensk tónlist, alveg æðislega gaman."

Í dag eru það hins vegar maríubænirnar sem eiga hug hennar allan.

„Okkur fannst tilvalið að hafa svona tónleika skömmu fyrir jól þegar fólk hefur þörf fyrir að kúpla út í öllum önnunum. Þá er svo gott að geta komið inn í kirkjuna, lagt frá sér pjönkur og pinkla og slappað af."

Tónleikarnir í Fríkirkjunni hefjast klukkan 18 og standa í um það bil eina klukkustund.

Jólavaka í Selfosskirkju

Árleg jólavaka Samkórs Selfoss er haldin í Selfosskirkju í kvöld og hefst hún klukkan tíu. Gestir jólavökunnar eru að þessu sinni Elísabet Waage hörpuleikari og Magnús Baldvinsson bassi. Stjórnandi Samkórsins er Keith Reed. Aðgangseyrir er 1500 krónur og boðið verður upp á heitt súkkulaði og smákökur. Það verður því sannkölluð jólastemning í Selfosskirkju í kvöld og Samkórsfélagar lofa góðri og fjölbreyttri tónlist.

SONY

Harður jólapakki

Sony PSP
Hágæða leikjavél
- Hágæða heyrnatól með stillingu fyrir hljóðstyrk
- Hlífðartaska
- 32 MB minniskort
- UMD geisladiskur með tónlistar-, kvikmynda- og leikjasýnishornum
- Charlie's Angels UMD kvikmynd
- SSX On Tour leikur

27.950 krónur

Þetta fylgir með...

BaseCamp

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY www.sonycenter.is

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

hagstæðustu h

Gleðil

KEA

Úrbeinað hangilæri

Úrbeinaður hangiframpartur

30%
afsláttur v. kassa - 1699 kr/kg
KEA Hangilæri úrbeinað

30%
afsláttur v. kassa - 1249 kr/kg
KEA Hangiframpartur

hvergi betra verð!

BAUTABÚRIÐ
- fullt búr matar

40%
afsláttur v. kassa - 898 kr/kg
Hamborgarahryggur Bautabúrið

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur - www.netto.is
Tilboðin gilda 22. desember.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

eildarinnkaupin

leg jól

499 kr.pk.
4. pk coke

99 kr.stk.
Náttúra rauðkál

59 kr.stk.
Náttúra maískorn

39 kr.stk.
Ora grænarbaunir

Meðlæti á frábæru verði

Jólahumar í nettó

Humar 2 kg

2.995 kr.2 kg.
Humar

nettó

hagstæðustu he

meira fy

Emmess klikkar ekki!



Frábært verð á jólaísnum í nettó

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur - www.netto.is
Tilboðin gilda 22þ desember.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

eildarinnkaupin

rir minna

99 kr.ds.
Ferskjur 820 gr.

59 kr.ds.
Mandarínur 31 gr.

59 kr.ds.
Ananasbitar 567.gr

99 kr.ds.
Bl. Ávextir 825 gr.

99 kr.ds.
Perur 825 gr.

99 kr.ds.
Ananassneiðar 3.pk

199 kr.ds.
Göteborg piparkökur

369 kr.pk.
Merrild Caf'é Noir

DVD

1.299 kr.stk.
Annie DVD mynd

netto

Sigga & Timo
GULLSMIÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
Fim. 29. des. örfá sæti laus
Fös. 20. jan.
Lau. 21. jan.
Gleðileg jól!
Hafnarfjarðarleikhúsið
Miðapantanir í sima 555 2222 og á midi.is

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR
ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR – Kammersveitin Ísafold og Ágúst Ólafsson baritón flytja Vínartónlist í útsetningum eftir Schönberg og Webern.
Sunnudaginn 8. jan. kl. 20
ÖSKUBUSKA - La Cenerentola - eftir ROSSINI
Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20
GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður! Verð við allra hæfi.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin kl. 14-18, símasala kl. 10-18. Lokað 24. des.-2. jan. Netsalan alltaf opin.
Íslenska óperan óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári!
ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ
Carmen · Salka Valka · Belgíska Kongó · Woyzeck

Stóra svið	Nýja svið/Litla svið
SALKA VALKA	**MANNTAFL**
Mi 28/12 kl. 20 Su 8/1 kl. 20	Mi 28/12 kl. 20 Su 8/1 kl. 20
Su 22/1 kl. 20 Fi 26/1 kl. 20	SÍÐUSTU SÝNINGAR!
WOYZECK	**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fi 29/12 kl. 21 Fö 30/12 kl. 21	Fi 29/12 kl. 20 AUKASÝNING UPPSELT
Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 20	Fö 30/12 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 21/1 kl. 20 Su 29/1 kl. 20	**BELGÍSKA KONGÓ**
KALLI Á ÞAKINU	SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í JANÚAR. MIÐAVERÐ 2.500- KR.
Má 26/12 kl. 14 Su 8/1 kl. 14	Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 20
Su 15/1 kl. 14 Lau 21/1 kl. 20	Fö 20/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20
Su 22/1 kl. 20	
CARMEN	**GJAFAKORT**
Fi 12/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr	GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST
Fö 13/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr	MIÐASALAN ER OPIN:
Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT	23.12. 10-20, 24.12. 10-12
Fi 19/1 kl. 20 Fö 20/1 kl. 20	
Fö 27/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20	

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
Frumsýning mán. 26/12 uppselt, 2. sýn. þri. 27/12 uppselt, 3. sýn. mið. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 29/12 örfá sæti laus. 5. sýn. fös. 30/12 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 5/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 6/1 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 7/1 nokkur sæti laus.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 22/1 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Frumsýn. fim. 29/12 uppselt, fös. 30/12 örfá sæti laus, fös. 6/1, lau. 7/1 kl. 17:00, sun. 8/1.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN
LEITIN AÐ JÓLUNUM
Fim. 22/12 kl. 13:00 uppselt, aukasýningar þri. 27/12 kl. 15:00 og 17:00, mið. 28/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 15:00 uppselt og kl. 17:00 uppselt. Síðustu sýningar.

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.
Miðasala við inngangin. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Örlög þjóðar

BÆKUR

[UMFJÖLLUN]

Öðru hverju berast okkur hingað til lands bækur úr öðrum heimshlutum sem bera með sér sætkenndan ilm kryddjurta fjarlægra slóða, reyk frá framandi hlóðum, skuggamyndir átaka sem við þekkjum í besta falli úr fréttum; í stuttu máli bækur sem birta okkur í svip örlög annarra þjóða, og um leið annan skilning á hlutverki bókmennta en við eigum nú að venjast. Þetta eru skáldsögur einsog Hús andanna eftir Isabel Allende, sem hafði hljómbotn sinn ¿ dýpri og sterkari en í seinni verkum höfundar ¿ úr sögu Chile á 20. öld; eða The Famished Road eftir nígeríska höfundinn Ben Okri. Flugdrekahlauparinn eftir Khaled Hosseini er slík saga. Sögusvið hennar er Afganistan síðustu þrjátíu ára og samfélag afganskra útlaga í Bandaríkjunum, saga hennar sótt í brunn þjóðar sem hefur mátt þola öldungis yfirgengilegar hörmungar.

Afganistan, segir í bókinni, er land þar sem er svo mikið af börnum og svo lítið af bernsku og kannski er það leiðarstef verksins. Sagan á upphaf sitt í bernsku aðalpersónunnar, Amir, snemma á áttunda áratugnum, á þeim tíma þegar enn var hægt að eiga bernsku í Afganistan, hvað sem harðri stéttaskiptingu og trúarbragðaátökum leið. Ósjálfrátt kemur lesandanum á óvart að ungir drengir í Kabúl skuli hafa horft á myndir Clints Eastwood, þyrpst á fótboltaleiki og flogið flugdrekum. Bókin segir frá Amir og besta vini hans Hassan, vináttu þeirra og svikum og dramatískum örlögum fjölskyldna þeirra meðan stjórnarbyltingar fara einsog farsóttir yfir landið: Konunginum er steypt 1973, kommúnistar ræna völdum fimm árum síðar, Sovétmenn gera innrás og hrekjast svo á brott og þá hefst grimmúðlegt valdaskeið talíbana, en síðustu kaflar bókarinnar gerast undir lok þess.

Flugdrekahlauparinn er hvergi nærri gallalaus skáldsaga, setji menn sig í krítískar stellingar vestrænnar bókmenntafræði. Hún ber þess reyndar merki að höfundurinn fór ungur í útlegð til Bandaríkjanna og hefur búið þar síðan; hún er ekki laus við klisjur og melódrama og fléttan er næstum of úthugsuð. En það fellur allt í skugga þess að bókin er hreint ótrúlega áhrifamikil. Að nokkru leyti liggur það í möguleikum skáldsögunnar til að miðla okkur hversdagslífi fólks við erfiðustu aðstæður, til að komast handan við fréttamiðla og sagnfræðiverk. Höfundurinn sagði um þetta í viðtali við Morgunblaðið: Skáldsögur „geta tekið lesendur og stillt þeim upp á ákveðnum stað og tíma þannig að þeir geti nánast andað að sér andrúmsloftinu á staðnum“. Þetta gerist í Flugdrekahlauparanum: Við skynjum öngþveitið á basarnum í Kabúl og þess vegna líka raunalega endursköpun þess í samfélagi afganskra útlaga; við finnum dísellyktina í tanki olíubílsins sem flytur flóttafólk frá Afganistan, verðum bílveik með Amir þegar hann hossast yfir fjallaskörðin, við finnum nánast lyktina af þeirri botnlausu mannvonsku sem fjölskylda Hassans má þola.

Það er hinn áþreifanlegi bakgrunnur sem gerir þessa sögu um sammannlega þætti, vináttu, svik, sekt og fyrirgefningu, svona sterka. Og ljær henni líka táknigildi, því Vesturlönd brugðust þessu fátæka landi á örlagastundu rétt einsog Amir vini sínum, hér er líka komin dæmisaga um örlög smáþjóðar á öfgafullri öld.

Flugdrekahlauparinn er fyrsta skáldsaga Khaled Hosseini sem starfar sem læknir í Bandaríkjunum. Honum er augljóslega annt um að draga upp mynd af þjóð sinni, átakanlega en líka stundum grátbroslega og óneitanlega er gaman að sjá drætti sem minna sterkt á Íslendinga. Settu tvo Afgana í herbergi, segir á einum stað, og eftir tíu mínútur eru þeir búnir að rekja saman ættir. En umfram allt opnar þessi saga okkur eitt andartak sýn á fólk sem mest af öllu þráði bara eitt: að fá að vera í friði.

Þýðingin er áferðarfalleg og læsileg að því undanskildu að enskan gægist stöku sinnum fram („Hvaða gagn hafði enda þjónn fyrir hið ritaða orð?“ segir á bls. 27). Frummál sögunnar er enska, en mörg orð úr farsí eða persnesku, einu útbreiddasta tungumálinu í Afganistan, fá að fljóta með og ljær það textanum skemmtilegan svip.

- Halldór Guðmundsson

FLUGDREKAHLAUPARINN

Höf: Khaled Hosseini
Þýð: Anna María Hilmarsdóttir
Útg: JPV
Niðurstaða: Flugdrekahlauparinn er hvergi nærri gallalaus skáldsaga, setji menn sig í krítískar stellingar vestrænnar bókmenntafræði. En það fellur allt í skugga þess að bókin er hreint ótrúlega áhrifamikil.

ÞÚ GETUR VALIÐ ÚR FJÖLBREYTTRI DAGSKRÁ
Carmen · Ronja Ræningjadóttir · Woyzeck · Salka Valka · Manntafl · Kalli á þakinu · Lífsins tré · Mein Kampf · alveg brilljant skilnaður · Belgíska Kongó · Íd
GJAFAKORT!
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
ÞÚ FINNUR VARLA GLÆSILEGRI GJÖF!
Gjafakort í Borgarleikhúsið gilda endalaust
568 8000 www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

HILMIR SNÆR GUÐNASON
ÉG ER MÍN EIGIN KONA

þriðjudagur 27.12 uppselt
miðvikudagur 28.12 örfá sæti laus
fimmtudagur 29.12 uppselt
fimmtudagur 05.01 laus sæti
föstudagur 13.01 laus sæti
laugardagur 14.01 laus sæti
50. sýning
GJAFAKORT - TILVALIN JÓLAGJÖF
MIÐASALA: www.midi.is og í lðnó s. 562 9700
Landsbankinn
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.

MARKAÐURINN

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

LEAVES Hljómsveitin Leaves heldur jólatónleika á Gauknum í kvöld. Dikta hitar upp.

Jólatónleikar Leaves í kvöld

Jólatónleikar hljómsveitarinnar Leaves verða haldnir á Gauki á Stöng í kvöld. Hljómsveitin Dikta mun hita upp og hefjast tónleikarnir stundvíslega klukkan 22.00. Aðgangseyrir er 500 krónur.

Leaves kom í nóvember heim af mánaðarlöngu tónleikaferðalagi um Bretland. Að sögn Halls Más Hallssonar úr Leaves gengu þeir upp og ofan. „Arnar söngvari var veikur og við þurftum að fresta þrennum tónleikum. Síðan bilaði rútan og við misstum af einum tónleikum. Þetta var svolítið fyndinn túr," segir Hallur Már.

Arnar Ólafsson gítarleikari hætti jafnframt í hljómsveitinni skömmu fyrir tónleikaferðina til að sinna eigin efni. Leaves ætlar ekki að fá annan gítarleikara í staðinn og verður því fjögurra manna band framvegis.

Sveitin er um þessar mundir að byrja að semja efni á nýja plötu, sem verður líklega gefin út á næsta ári. Síðasta plata Leaves hét The Angela Test og kom út fyrr á þessu ári. ■

Lokað
23-27. desember
vegna jólafrís

Opnum 28/12 kl. 18.00



Mundu! Veistu hvað við notum?

Við notum:
Vel valið hráefni t.d.
- kjúklingabringur
- nauta fillet
- svína fillet
- lamba fillet
- ferskt grænmeti
- gæða krydd (innflutt af okkur)
- litla olíu
og fleira

Við notum ekki:
- MSG
- frosið grænmeti
- aukaefni
- fitu af kjöti
og fleira

na na thai
Thai Restaurant & Store

BANTHAI
Laugavegi 130

Reyklaus jólastemning

Í jólaundirbúningnum fer fjölskyldan gjarnan saman á kaffi- eða veitingahús. Öllum líður betur í reyklausu umhverfi.

Ak-inn Akureyri
American Style Hafnarfj., Kópavogur, Reykjavík
Á næstu grösum Reykjavík
Ábær-veitingar Sauðárkrókur
Bautinn Akureyri
Bláa kannan Akureyri
Blómaskálinn Vín Eyjafjörður
Gallerý fiskur Reykjavík
Greifinn Akureyri
Café Konditori Copenhagen Reykjavík
Carpe Diem Reykjavík
Draugasetrið Stokkseyri
Espressóbarinn Seltjarnarnes
Faktorshúsið Ísafjörður
Flugterían Reykjavíkurflugvöllur
G. J. smurbrauðst. og netkaffi Hvammstangi
Galbi restaurant Reykjavík
Gullofninn Kópavogur
Grænn kostur Reykjavík
Hafið Bláa Þorlákshöfn
Heitt og kalt Reykjavík
Hlíðarendi Hvolsvöllur
Hótel Hamar Borgarnes
Hótel Holt Reykjavík
Hótel Reynihlíð Mývatnssveit
Hótel Saga Reykjavík
Hótel Valaskjálf Egilsstaðir
Kaffi Nilsen Egilsstaðir
Kaffi Róma Reykjavík
Kaffihúsið Gamli bærinn Mývatnssveit
Kaffihúsið Garðurinn Reykjavík
Kaffihús IÐU Reykjavík
Kaffi Hljómalind Reykjavík
Kaffi Nauthóll Reykjavík
Kaffi Tröð Akureyri
Kaffitár Reykjavík, Keflavíkurflugvöllur, Reykjanesbær
Kentucky Fried Chicken Reykjavík, Hafnarfj., Mosfellsbær
Kjartanshús – Essó Flateyri
Lagarfljótsormurinn Egilsstaðir
Leirunesti Akureyri
Lindin restorante Akureyri
Matur og menning Þjóðmenningarhúsinu, Reykjavík
McDonald's Reykjavík
Miðgarðar Grenivík
Múlakaffi Reykjavík
Nings Reykjavík, Kópavogur
Nonnabiti Reykjavík
Norræna húsið, kaffistofa Reykjavík
Núðluhúsið Reykjavík
Olsen Olsen og ég Keflavík
Peng's Akureyri
Pizza 67 Keflavík
Salatbarinn Reykjavík
Salatbarinn hjá Eika Reykjavík
Segafredos Reykjavík
Shellstöðin Borgarnes
SKG - Hótel Ísafirði Ísafjörður
Skógakaffi Byggðasafnið á Skógum
Siggi Hall á Óðinsvéum Reykjavík
Sporthúsið, Sportbar Kópavogur
Stjörnutorg Kringlunni, Reykjavík
Subway Reykjavík, Keflavík, Akureyri, Hafnarfj.
Súfistinn, bókakaffi Reykjavík
Söluskálinn Hvammstangi
Te og kaffi Reykjavík, Kópavogi
Tveir fiskar Reykjavík
Veitingastaðurinn Baulan Borgarfjörður
Veitingastaðurinn Jöklasel Vatnajökull
Veitingastaðurinn, Kjarvalsstöðum Reykjavík
Veitingastofan, Þjóðarbókhlöðunni Reykjavík
Ömmukaffi Reykjavík

Þetta er listi sem Lýðheilsustöð hefur yfir reyklaus veitingahús, athugið að listinn er ekki tæmandi.
Á stærri veitingastöðum eru reykingar stundum leyfðar á bar.

LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lifið heil

ENNEMM / SÍA / NM9283

The weather out there today is hot and shitty with continued hot and shitty in the afternoon. Tomorrow a chance of continued crappy with a pissy weather front coming down from the north. Basically, it's hotter than a snake's ass in a wagon rut.

Robin Williams fer hamförum sem hinn kolgeggjaði Adrian Cronauer í Good Morning Vietnam þegar hann hermir eftir fréttaþulnum Walter Cronkite.

bíó

bio@frettabladid.is

Huldumaðurinn í Hollywood

Bandaríski leikarinn Forest Whitaker hefur verið á barmi heimsfrægðar ansi lengi en einhvern veginn ekki kært sig um að fara alla leið. Nafnið þekkja ef til vill flestir en tengja það ekki við andlitið eða er það öfugt? Forest Whitaker er einn þeirra leikara sem eiga sér dyggan aðdáendahóp sem flykkist á næstum allt sem hann gerir. Whitaker hefur fjölda „vel metinna" mynda á bakinu. Nægir þar að nefna Good Morning Vietnam þar sem hann lék hundtryggan aðstoðarmann Robin Williams. Ekki var hann síðri sem Charlie Parker í leikstjórn Clints Eastwood. Þar að auki hefur hann leikið í myndum á borð við Smoke eftir Wayne Wang og Ghost Dog í leikstjórn Jim Jarmusch en sú mynd naut í raun fáránlegra vinsælda hér á landi ef miðað er við fyrri myndir Jarmusch.

JARED LETO OG WHITAKER Forest Whitaker styður yfirleitt mjög dyggilega við bakið á óháðri kvikmyndagerð.

Whitaker hefur ekki verið lengi að. Eitt af fyrstu hlutverkunum hans var í kvikmyndinni Fast Times at Ridgemont High á fyrri hluta níunda áratugarins. Síðan hefur leiðin legið hægt og bítandi upp án þess að ná einhverjum verulegum hæðum. Það hefur löngum verið lenska hjá leikaranum að stela senunni af sér frægari einstaklingum og nægir þar að nefna smáhlutverk hans í The Color of Money þar sem hann var einkar minnistæður á móti Paul Newman og ekki var hann síðri í Consenting Adults eða The Crying Game.

Forest Whitaker er huldumaður í Hollywood sem hikar ekki við að leika í kvikmyndum í óháða geiranum en hefur hlutverk í stórri Hollywood-mynd upp í erminni ef allt um þrýtur.

> Ekki missa af...

King Kong eftir Peter Jackson. Þessi kvikmynd nýtur sín langbest í stórum sal með góðu hljóðkerfi, stórum popp og meðalstórri kók. Það eru einhverjir sem eiga eftir að fá vægt samviskubit yfir að missa af þessari mögnuðu jólamynd frá manninum sem færði okkur Hringadróttinssögu. Magnaðar tæknibrellur, stórkostlegt umhverfi, skemmtilegur leikhópur og síðast en ekki síst er King Kong ótrúlega flottur. Svona eiga kvikmyndir að vera.

CHRIS BENDER Verður fyrir sárum vonbrigðum þegar draumastúlkan hans hafnar honum fyrir framan allan árganginn.

Martröð sérhvers manns

„Eigum við ekki bara að vera vinir," eru síðustu orðin sem strákur vill heyra þegar hann hefur loksins safnað kjarki til að tjá hug sinn í garð stúlku. Í þessu lendir Chris Bender þegar hann viðurkennir fyrir vinkonu sinni hvað honum býr í brjósti. Til að bæta gráu ofan á svart fylgist allur árgangurinn með þessum ógöngum Chris.

Hann flýr í ofvæni úr bænum og reynir eftir fremsta megni að gleyma þessu vandræðalega atviki. Árin líða og Chris kemst smám saman yfir þetta áfall og nær frama sem tónlistarframleiðandi. Á leið sinni til Parísar verður Chris þó fyrir undarlegu óhappi sem neyðir hann til að snúa aftur heim. Þar hittir framleiðandinn fyrir þá stúlku sem hann hafði lengi reynt að gleyma.

Það er ólátabelgurinn Ryan Reynolds sem leikur Chris Bender en hann ætti að vera einhverjum kunnur sem Berg úr Two Guys, a Girl and a Pizza Place en þættirnir voru sýndir á Skjá einum fyrir ekki margt löngu. Þá fer Chris Klein einnig með stórt hlutverk en hann skaust fyrst upp á stjörnuhimininn sem Oz í American Pie-myndunum.

Hið ótrúlega ævintýri Lewis

Það tók C.S. Lewis einungis þrjá mánuði að skrifa ævintýrið Ljónið, nornin og skápurinn. Góður vinur hans, J.R.R. Tolkien, sagði verkið vera algjört drasl. Á það hefur hins vegar verið bent að Tolkien gekk ekkert að klára sitt verk, Hringadróttinssögu, á þessum tíma. Tolkien hafði enda rangt fyrir sér. Þetta ævintýri hefur selst í 65 milljónum eintaka og það er ómögulegt að spá fyrir um hvaða áhrif þessi Disney-mynd á eftir að hafa á sölu bókanna.

Ljónið, nornin og skápurinn er ekkert venjulegt ævintýri. Lewis fékk aukinn áhuga á kristinni trú í gegnum Tolkien en sá síðarnefndi var sannfærður um að hinar heiðnu goðsagnir væru leið Drottins til að undirbúa mannfólkið fyrir fagnaðarerindið.

Lewis vildi með ævintýrunum ekki útskýra kristni fyrir börnunum heldur gerði sér vonir um að þau fengju tilfinningu fyrir trúnni í gegnum ævintýrið. Fáar persónur í barnabókum hafa verið drepnar á jafn hrikalegan hátt og Aslan en ljónið er líflátið þegar eitt barnanna svíkur hann. Með þessu vildi Lewis vekja börnin til umhugsunar um þá fórn sem frelsari kristinna manna færði samkvæmt Biblíunni. Hinar heiðnu goðsögur og persónur sem koma fyrir í ævintýrum C.S. Lewis eru heldur engin tilviljun heldur eiga að tákna leiðina í átt að kristnu hugrekki.

Þótt bókmenntafræðingar og aðrir fræðimenn þreytist seint á að greina ævintýrið er söguþráðurinn ekkert síðri, burt séð frá öllum táknmyndum. Ljónið, nornin og skápurinn segir sögu Lucy, Edmunds, Peters og Susan sem flutt eru út í sveit á meðan seinni heimsstyrjöldin stendur yfir. Þar komast þau í kynni við skáp sem virðist vera ósköp venjulegur við fyrstu sýn en reynist síðan vera dyr yfir í töfraveröld Narníu. Þar hefur hin illa hvíta norn lagt vetrarálög á landið þannig að það er alltaf frost en aldrei jól. Börnin fjögur neyðast því til að safna liði með íbúum Narníu til að landið losni undan þessum hrikalegu örlögum.

PEVENSIE-SYSTKININ Þau lenda í ótrúlegu ævintýri þegar þau stíga í gegnum fataskápinn og þau neyðast til að berjast gegn álögum hvítu nornarinnar.

Það eru margir kunnir leikarar sem ljá hinum mörgu goðsagnakenndu persónum myndarinnar rödd sína en þeirra frægastur er sennilega Liam Neeson sem talar fyrir ljónið Aslan en Tilda Swinton leikur illu hvítu nornina. Leikstjóri myndarinnar er Andrew Adamson en þetta er fyrsta leikna myndin sem hann stýrir.

Hve langt er til himna?

Það er mikil spenna í kringum kvikmyndin A Little Trip To Heaven. Það er enda ekki á hverjum degi sem íslenskum leikstjóra gefst kostur á að starfa með leikurum á borð við Forest Whitaker, Juliu Stiles og Peter Coyote.

Loksins er komið að stóru stundinni en myndin verður frumsýnd á annan í jólum. Baltasar Kormákur er allt í öllu, en hann leikstýrir, skrifar og er annar framleiðandi myndarinnar. Miklar vonir eru bundnar við Baltasar úti í hinum stóra heimi kvikmyndanna en fyrstu myndirnar hans tvær, 101 Reykjavík og Hafið, vöktu mikla athygli á honum. Sigurjón Sighvatsson er hinn framleiðandi myndarinnar en það þarf ekkert að fjölyrða um hversu glæsilegur ferill hans er í kvikmyndaborginni Hollywood.

Myndin var sýnd á hátíðinni í Toronto en síðan hefur farið lítið fyrir henni. Hún var aðeins fínpússuð eftir sýningarnar í Kanada og nýlega var tilkynnt að hún yrði sýnd í hinum virta premier-flokki á Sundance. A Little Trip verður frumsýnd í yfir hundrað kvikmyndahúsum á Spáni og hefur þegar verið seld til fjörutíu landa.

HOLT OG ISOLD Tryggingarannsóknarmaðurinn Holt er sendur til smábæjarins Hastings til að rannsaka dularfullt andlát.

Kvikmyndin segir frá tryggingarannsóknarmanninum Holt sem sendur til hins afskekkta bæjar Hastings. Þar er honum falið að rannsaka dularfullt andlát manns sem skilur eftir sig eina milljón í líftryggingu en hún á að falla í skaut Isoldar ef allt er sem sýnist. Fortíð stúlkunnar og mannsins hennar, Freds, gefur til þó til kynna að ekki sé allt með felldu. Holt lendir milli tveggja elda þar sem hann þarf að gera upp við sig hvort svik tryggingafélaganna séu mikið skárri en smáglæpir þeirra svikara sem hann fæst við.

Það er Mugison sem sér um tónlistina en hún er nú þegar komin út á geisladisk og Karl Júlíusson gerði leikmyndina. Fjöldi þekktra aðila úr kvikmyndaborginni komu að gerð myndarinnar og má þar nefna klipparana Virginiu Katz og Richard Pearson sem þykja mjög framarlega á sínu sviði.

SALT OG PIPAR UMBRA
VERÐ KR. 5.500

SALT OG PIPAR GJAFAKASSI
FRÁ SAGAFORM
VERÐ KR. 2.900

MYNDARAMMAR
FJÖLMARGAR GERÐIR

NÝKOMIN SENDING
AF GLÆSILEGUM PÚÐUM
VERÐ FRÁ KR. 1.100

ORIGO-STELL FRÁ IITTALA
20% AFSLÁTTUR

IITTALA ELDHÚSÁHÖLD
– FJÖLBREYTT ÚRVAL

MIKIÐ ÚRVAL AF
KERTUM OG SERVÍETTUM

GJAFAVORUR FRÁ SAGAFORM
Í MIKLU ÚRVALI

VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING

Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI - OG FYRSTA GREIÐSLA Í FEBRÚAR 2006*

FJÖLMÖRG JÓLATILBOÐ!

* TILBOÐIÐ STENDUR TIL ÁRAMÓTA OG GILDIR
EF VERSLAÐ ER FYRIR MEIRA EN 90.000 KR.

TEKK
COMPANY

OPIÐ TIL 10 - 22 TIL OG MEÐ 23.12.2005 - OPIÐ AÐFANGADAG 9 -12

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

Í HLUTVERKI RAY CHARLES Leikarinn Jamie Foxx, sem sló í gegn í myndinni Ray, hefur snúið sér að tónlistinni.

Foxx gefur út plötu

Leikarinn Jamie Foxx, sem vann óskarsverðlaunin fyrir hlutverk sitt í Ray, hefur gefið út sólóplötuna Unpredictable.

Þetta er önnur plata Foxx en hann gaf frumburð sinn út fyrir ellefu árum. Foxx var tilnefndur til Grammy-verðlaunanna fyrir lagið Slow Jamz sem hann syngur með Kanye West og Twista. Hann söng einnig hið vinsæla lag Gold Digger sem er að finna á plötu West, Late Registration.

Á plötu Foxx syngur West sem gestur ásamt Mary J. Blige, Ludacris og fleiri þekktum listamönnum.

Doherty handtekinn

Rokkarinn og eiturlyfjasjúklingurinn Pete Doherty, forsprakki hljómsveitarinnar The Babyshambles og áður The Libertines, var handtekinn á fimmtudag grunaður um að aka undir áhrifum lyfja og áfengis. Var Doherty stoppaður af lögreglu í London rétt fyrir miðnætti og handtekinn á staðnum. Lögreglan leitaði í bíl söngvarans og fann lítið magn af heróíni í bílnum. Reyndist það þó ekki vera nægjanlegt til þess að kæra hann. Var Doherty síðan fluttur á lögreglustöð í nágrenninu þar sem hann var yfirheyrður í um sex klukkustundir. Á meðan leituðu lögreglumenn að fíkniefnum á heimili hans en fundu engin. Honum var þá sleppt gegn tryggingu eftir að hafa gengist undir blóðprufu. Þegar Pete yfirgaf lögreglustöðina á hann að sögn að hafa sagt: „Gleðileg jól, ég mun án efa sjá ykkur aftur í nánustu framtíð.“ Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Doherty hefur verið handekinn. Þann 30. nóvember var hann handtekinn í London vegna þess að hann var fullur undir stýri. Þá komst hann aftur í kast við lögin viku seinna einnig vegna ölvunaraksturs. Ljóst er að söngvarinn verður að taka sig á ef ekki á illa að fara.

Dylan afhjúpaður

Bob Dylan hefur í meira en fjörutíu ár verið einhver dularfyllsta mýta rokksins. Á upphafsárunum var hann duglegur við að segja blaðamönnum gróusögur af sjálfum sér, meðal annars átti hann að hafa hlaupist á brott með sirkus og ferðast um gjörvöll Bandaríkin. Þó að hinum fjölmörgu ævisöguriturum hafi tekist að púsla saman nokkuð heildstæða mynd af ferli hans er þó eins og öll sagan sé ekki sögð. Á undanförnum árum hafa þó fleiri og fleiri púslbitar birst eftir því sem Dylan sjálfur hefur opnað flóðgáttirnar. Á síðasta ári kom út sjálfsævisagan Chronicles, sem er merkilega heiðarlegt og einlægt verk frá stórstjörnu. Þar fer hann þó þá leið að velja aðeins ákveðna kafla úr lífi sínu þannig að enn er margt óljóst. Í haust kom út bókin Bob Dylan Scrapbook, sem hefur að geyma ýmis gögn frá árunum 1956-66. Og ekki nóg með það, heldur hefur einhver mesti kvikmyndagerðarmaður samtímans, Martin Scorsese, gert fjögurra klukkutíma heimildarmynd um Dylan. Nefnist myndin No Direction Home og var fyrri hluti hennar sýndur á RÚV í gærkvöld og verður seinni hluti hennar sýndur á sama tíma að viku liðinni. Í myndinni er sjónum beint að árunum 1961-66.

Tími táranna

Á þessu fimm ára skeiði skapaði hann þau mót sem rokktextinn hefur meira og minna verið að vinna innan síðan. Fyrsta plata Dylans innihélt aðeins eitt frumsamið lag og var það tileinkað þjóðlagasöngvaranum Woody Guthrie. Platan vakti litla athygli en á þeirri næstu, The Freewheelin‘ Bob Dylan, sprettur hann fram fullmótaður með lög eins og Blowin‘ in the Wind, sem varð þjóðlag heillar kynslóðar, Masters of War og A Hard Rain‘s Gonna Fall. Þessi lög fjalla öll um hernaðarhyggju þá er brátt myndi leiða til Víetnamstríðsins. Með næstu plötu, The Times They Are a Changing, hélt hann áfram stríði sínu gegn stríði með With God on Our Side, gegn kynþáttahatri með The Lonesome Death of Hattie Carroll, og gegn stéttaskiptingu á Only a Pawn in Their Game. En ungi maðurinn á umslaginu var þreytulegur að sjá, aðeins 22 ára en gamall og vitur og við það að fá nóg af baráttunni við hin illu öfl heimsins. Næsta plata bar heitið Another Side of Bob Dylan, sem eins og titillinn gefur til kynna sýndi nýja hlið á lagahöfundinum. Hún innihélt stöku baráttusöngva, svo sem Chimes of Freedom, en einnig húmorísk lög eins og Motorpsycho Nitemare og ástarlög á borð við All I Want to Do og I Don‘t Believe You. Í laginu My Back Pages segist hann vera yngri en hann hafi áður verið og í laginu It Ain‘t Me Babe segist hann ekki vera sá sem hlustandinn er að leita að. Vissulega er lagið sett upp eins og ástarlag en hann gæti verið að segja að hann væri ekki lengur í fylkingarbroddi baráttunnar.

Tímarnir breytast

Baráttusöngvar Dylans á árunum 1962-63 hafa ekki verið betrumbættir af neinum síðan. Fáum hefur tekist að nota tungumálið til að tjá jafn mikið í dægurlagaformi. Svo virðist sem hann hafi orðið leiður á boðskapnum, eins og hann hefði þegar sagt allt sem hann hefði að segja og náð jafn mikilli færni með tjáningarmátanum og mögulegt var. Orðin höfðu hingað til miðlað málstað, en hvað annað gátu þau gert? Dylan hætti nú að nota þau til að útskýra umheiminn og beindi þeim þess í stað inn á við. Það var stundum eins og hann henti orðunum upp í loftið af handahófi og léti þau lenda þar sem þau vildu. Afraksturinn var oft á tíðum átakanlega fallegur: „Ain‘t it just like the night to play tricks when you‘re trying to be so quiet,“ stundum súrrealískur og nánast merkingarlaus: „He just smoked my eyelids and punched my cigarette.“

Tími byltingar

Samfara textunum breyttist tónlistin. Í stað þess að koma einn fram með kassagítar og munnhörpu var hann nú með hljómsveit að baki sér sem mörgum fannst minna um of á bítlahljómsveitir vinsældalistanna. Aðdáendur hans kölluðu hann Júdas og að nokkru leyti með réttu. Dylan steig niður af krossinum, kveikti sér í sígarettu og hélt niður þjóðveg 61. John Lennon hljómaði alltaf hálf kjánalega í samanburðinum og erfitt var að taka Jagger alvarlega, jafnvel þá. Ef einhver hefði orðið talsmaður kynslóðarinnar hefði enginn annar til greina komið, ef bylting var í aðsigi var hann náttúrulegur leiðtogi hennar. En Dylan hafnaði byltingunni. Eftir 1966 þegar gagnmenningin sem hann hafði átt svo ríkan þátt í að skapa óx fiskur um hrygg fluttist hann til Woodstock með konu sinni Söruh, lokaði sig af í niðri í kjallara með hljómsveit sinni og spilaði kántrílög á milli þess sem hann keyrði börnin í skólann. Blómabörnin urðu að komast af án hans.

Tími til að halda heim á leið

Blómabörnin fylgdu þó í kjölfarið og þegar þau veltu sér um í drullunni í nokkra kílómetra fjarlægð árið 1969 lét hann þau sig litlu varða. Við og við klifraði fólk upp á þak hjá honum og heimtaði að hann segði þeim allan sannleikann um lífið og tilveruna. Ágangurinn var að lokum svo mikill að hann fluttist aftur til New York um 1970, enda búinn að fá nóg.

Á næstu árum gaf hann út plötur eins og Dylan og Self Portrait, sem stefndu markvisst að því að brjóta niður þá ímynd óskeikulleika sem hann hafði öðlast. Hann lokaði sig af frá umheiminum og fór ekki í tónleikaferðalög. Það var ekki fyrr en að slitnaði upp úr sambandi hans við Söru 1974 að hann náði sér á strik aftur tónlistarlega, fór að spila opinberlega og gaf út meistaraverk eins og Blood on the Tracks og Desire.

Engin leið heim

Þó að margar bækur hafi verið skrifaðar um manninn er samt enn óljóst hvað leiddi til þess að hann dró sig í hlé á þessum miklu umbrotstímum, hann gaf út ágætar en metnaðarlitlar plötur og spilaði næstum aldrei á tónleikum. Myndin No Direction Home varpar nokkru ljósi á þessi týndu ár. Dylan var greinilega orðinn útkeyrður haustið 1966, hann hafði haldið sér gangandi á sköpunarkraftinum og amfetamíni í tvö og hálft ár. Mótórhjólaslys sem hann lenti í seinna það ár batt enda á þetta tímabil sem á sér enga hliðstæðu í rokksögunni. Mögulega varð það honum til happs að vera neyddur til að halda kyrru fyrir. Ef til vill bjargaði það geðheilsunni að binda enda á keyrsluna en lögin áttu aldrei eftir að flæða jafn áreynslulaust og áður.

valurg@frettabladid.is

Titraðu í takt við tónlistina

i-væðingin nær til kynlífsins.

Nýjasta kynlífstækið úti í hinum stóra heimi heitir i-Buzz, og tengist beint inn í i-Podinn þinn. Lítil silfurkúla er tengd í tækið og hún titrar í takt við uppáhalds tónlistina þína. Eins og þeir segja á vefsíðunni, „You can get off while you get down“, sem ætti að útskýra ýmislegt. Ef Barry White eða Birgitta koma þér til þá er þetta akkúrat rétta leikfangið. Svo eru líka fylgihlutir sem er hægt að smeygja yfir kúluna, gúmmíhringur og gúmmísokkur sem auka fjölbreytnina. Auk þess eru sjö stillingar á titringnum þannig að það ætti að vera auðvelt að finna það sem hentar hverjum og einum. Það er að segja, ef þetta hentar einhverjum yfirleitt. Frekari upplýsingar eru að finna á www.ibuzz.co.uk

Krefst hárra skaðabóta

Poppprinsessan Britney Spears hefur höfðað mál gegn bandaríska tímaritinu US Weekly fyrir að hafa birt grein um að Kevin Federline, eiginmaður Britney, hafi búið til kynlífsmyndband og óttist útbreiðslu þess. Krefst Britney tæplega 1,3 milljarða króna í skaðabætur, meðal annars fyrir að misnota nafn sitt og ímynd til að auka sölu blaðsins.

Britney lenti einnig í deilum við US Weekly í febrúar á þessu ári eftir að tímaritið birti myndir af henni í brúðkaupsferð á Fijieyjum. Gagnrýndi hún tímaritið harðlega fyrir að birta myndirnar, sem voru teknar af fólki sem vann á staðnum. Tímaritið brást við með því að segja að Britney hefði þegar selt fjölmiðlum ljósmyndir frá brúðkaupinu og af stjúpdóttur sinni. „Britney Spears á bara að stofna sitt eigið tímarit ef hún vill stjórna því hvernig fjallað er um hana,“ sagði í yfirlýsingu US Weekly.

BRITNEY OG KEVIN Britney krefst hárra skaðabóta vegna fregna um meint kynlífsmyndband.

www.hanspetersen.is

28-420mm 3,5” skjár

SAMSUNG Pro815

- 8,0 milljón punkta upplausn, D-SLR
- SCHNEIDER þýsk hágæðalinsa, með ljósopi F2,2-F4,6
- 15x optískur aðdráttur (28-420mm)
- 3,5” LCD 230.000 punkta litaskjár og minni upplýsingaskjár
- Alsjálfvirk - Hraði: 1/4000 – Manual fókus (Professional)
- Video m/hljóði eins og minniskort leyfir
- 64 MB CF minniskort og 1900mAh Li-ion hleðslusett fylgir, allt að 500 myndir á hleðslu
- PictBridge samskiptastaðall

3.121 kr. á mánuði*

- **Listaverð kr. 69.900,-**

Væntanleg aftur í búðir

DVD UPPTÖKUVÉL

3.971 kr. á mánuði*

Canon DC20, DVD upptökuvél

- 1/3,9" 2,2 megapixla CCD myndnemi, RGB litafilter og DiGiC DV örgjörvi • 10x optískur aðdráttur og 200x stafrænn • Hristivörn, sjálfvirkt “Easy” kerfi og næturkerfi • 2.4" skjár og lita “viewfinder” • Vandaðar kyrrmyndir • Háhraða USB 2,0 / AV og S-video með multicable / PictBridge • Li-Ion hleðslurafhlaða og innbyggt hleðslutæki

- **Listaverð kr. 89.900,-**

VAXTALAUS SPRENGJA Í KRINGLUNNI

Skerpa 10.000:1 HDTV ready

6.951 kr. á mánuði*

Lenco PL-4201

42” Plasma sjónvarp. Skerpa: 10.000:1.
Upplausn: 852x480. Birta: 1000cd/m2. HDTV ready.
Textavarp. Öflugt stereo hljóðkerfi. Tengi: S-Video, 2x Composite, VGA og 3x scart tengi (2x RGB & 1x S-Video).

- **Listaverð kr. 159.900,-**

2.990 kr. á mánuði**

EPSON litalaser C1100

- Fallegir og lifandi litir með Epson AcuBrite tonerum
- Búa má til vönduð litaskjöl með fríum easy-to-use hugbúnaði
- Hröð 25ppm prentun í svart/hvítu og 5ppm fyrir litaprentun
- Fyrsta síða í svart/hvítu tekur aðeins 9 sek.
- Margir tengimöguleikar, m.a. netkort, USB 2,0 o.fl.
- Auðveldur í notkun og viðhaldi

- **Listaverð kr. 39.900,-**

Canon EOS 350D

Hús með EFS 17-85 mm linsu og rafhlöðupakka (battery grip)

- 8,0 MP CMOS myndnemi
- Annarrar kynslóðar DIGIC II örgjörvi, skilar miklum hraða og frábærum myndgæðum
- 0,2 sek í fyrsta skot, 3 rammar á sek og 14 myndir í röð án tafar
- 7 punkta sjálfvirkur fókus með “auto focus tracking” kerfum
- 1,8" LCD skjár 115.000 punkta
- Öflugt innbyggt flass, E-TTL II flasskerfi sem skynjar stillingar linsu
- Vinnur samtímis RAW og JPEG format
- Hugbúnaður fylgir
- Lítil og nett SLR vél, aðeins 485 g án linsu
- Samhæfð öllum EF/EF-S linsum og EX Speedlite flössum
- USB 2,0 háhraða tenging og video út
- PictBridge prentun

5.671 kr. á mánuði*

- **Listaverð kr. 129.900,-**

Væntanleg í búðir

Canon EOS 350D

Hús með EFS 18-55 mm linsu, EF 55-200 mm linsu og rafhlöðupakka (battery grip)

- 8,0 MP CMOS myndnemi
- Annarrar kynslóðar DIGIC II örgjörvi, skilar miklum hraða og frábærum myndgæðum
- 0,2 sek í fyrsta skot, 3 rammar á sek og 14 myndir í röð án tafar
- 7 punkta sjálfvirkur fókus með “auto focus tracking” kerfum
- 1,8" LCD skjár 115.000 punkta
- Öflugt innbyggt flass, E-TTL II flasskerfi sem skynjar stillingar linsu
- Vinnur samtímis RAW og JPEG format
- Hugbúnaður fylgir
- Lítil og nett SLR vél, aðeins 485 g án linsu
- Samhæfð öllum EF/EF-S linsum og EX Speedlite flössum
- USB 2,0 háhraða tenging og video út
- PictBridge prentun

4.821 kr. á mánuði*

- **Listaverð kr. 109.900,-**

HANS PETERSEN

Kringlan • Laugavegur 178

MasterCard VISA RAÐGREIÐSLUR

* Verð miðast við raðgreiðslur Visa eða Euro til 24 mánaða

** Verð miðast við raðgreiðslur Visa eða Euro til 12 mánaða

Gefðu góða gjöf

Glymur hanskar
4.900 kr.

Flatey húfa
2.400 kr.

Langjökull skíðahanskar
6.900 kr.

Surtsey húfa
2.400 kr.

66° NORÐUR

www.66north.is

Skata fyrir byrjendur

Hinn alræmdi skötuilmur verður alltumlykjandi á síðasta degi jólaföstunnar á morgun. Bergsteinn Sigurðsson leitaði til sérfræðinga eftir fróðleik og hollráðum um ein umdeildustu matvæli Íslands.

Skatan sem margir Íslendingar leggja sér til munns á Þorláksmessu, nefnist upp á latínu Ditturus batis og er af ætt flatfiska og þvermunna. Samkvæmt orðsifjabók mun orðið skata komið af keltneska orðinu skate sem merkir hali.

Ekki er vitað með vissu hvenær þessi siður að borða skötu á Þorláksmessu hófst, en Árna Björnssyni þjóðháttafræðingi þykir langlíklegast að það hafi gerst þegar menn fóru að fasta fyrir jólin snemma eftir kristnitöku á Íslandi.

„Sá siður að borða skötu á Þorláksmessu helgast af því að áður var þetta síðasti dagur jólaföstu. Þá mátti ekki borða kjöt og menn lögðu sér því léleg-an mat til munns. Þeir hafa geymt lélegasta matinn þar til síðast og skatan hefur því líklega verið talin lélegur matur áður fyrr.“

Siðurinn var lengst framan af bundinn við Vestfirði sem Árni segir að hafi einfaldlega stafað af því að þar veiddist skatan. Á seinni hluta 20. aldar fóru skötuveislur á Þorláksmessu að dreifa úr sér um allt land.

„Það eru sjálfsagt ekki nema tveir til þrír áratugir síðan,“ segir Hallgerður Gísladóttir þjóðháttafræðingur. „Sjálf er ég að austan og man að fyrir 20 árum eða svo var það óþekkt að borða skötu þar á Þorláksmessu.“ Hallgerður er hins vegar ekki viss um að mönnum hafi þótt skatan lélegur fiskur í gamla daga. „Ég get vel trúað að fólk hafi kunnað að meta kæstan mat. Sjálf tók ég upp á því að borða skötu fyrir um fimmtán árum og reynsla mín er sú að hún er maganum afar vinsamleg. Það er þekkt að kæstur hákarl er notaður gegn magasári og öðrum magakvillum. Ég held því að skatan sé afskaplega hentugur undirbúningur fyrir átbrjálæði jólanna.“

Hallgerður veit ekki betur en að skatan sé holl og góð eins og annar fiskur og veit ekki um neinn sem hafi farið illa úr því að taka hraustlega til matar síns í skötuveislum. „Ég myndi hafa meiri áhyggjur af flotinu og gæta þess að neyta þess ekki úr hófi fram.“

Skatan úldnar ekki

Skatan er brjóskfiskur og hefur brjósk í stað beina. „Það er ýmislegt sem skilur að bein- og brjóskfiska,“ segir Jónbjörn Pálsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, „Brjóskfiskar eru til dæmis með nokkur tálknop, en ekki eitt allsherjarop sem lokar tálknin af, eins og beinfiskar. Þá er hátt hlutfall af þvagefnum í holdi brjóskfiska, sem er þeirra leið til að vega á móti saltinu í umhverfi sínu. Það gerir að verkum að þegar fiskur eins og skata er settur í kös úldnar hún ekki eins og til dæmis þorskur myndi gera, heldur kæsist. Efnin í líkamanum brotna niður og búa til þessa sterku lykt og bragð af ammóníum og þvagefnum.“

Jónbjörn telur að vegna þessa sé sú þjóðsaga sprottin að það sé algeng verkunarleið að pissa á skötuna. „Það er óþarfi út af öllum þvagefnunum sem eru í fiskinum. Þetta er sjálfsagt komið frá einhverjum körlum sem höfðu gaman af því að ganga fram af fólki með því að segja eitthvað svona.“

Skötu má þekkja frá öðrum tegundum, til dæmis tindabikkju, á því að hún er hvergi hvít á litinn. Að ofan er hún mórauð eða brún og að neðan grá.

Jónbjörn segir að skata sé víða um heim borðuð fersk en veit ekki til þess að hún sé nokkurs staðar kæst nema hér. Heimkynni skötunnar eru frá norðaustanverðu Atlantshafi, við Noreg, í Eystrasalti og Norðursjó og eitthvað í vestanverðu Miðjarðarhafi. Tindabikkjan er hins vegar mun útbreiddari. „Hún á sums staðar undir högg að sækja, til dæmis í Norðursjó þar sem viðkoman er lítil. „Skatan fjölgar sér hægt og aflinn þarf því ekki að vera mikill til að það hafi áhrif á stofninn, og í Norðursjó, þar sem sóknin er nokkuð þung, er hún jafnvel í útrýmingarhættu.“

ÚLFAR EYSTEINSSON Það er auðvelt að elda skötu og margar leiðir til að laða byrjendur að, til dæmis að nota hvítlauk í stöppuna.

Erfitt að klúðra matseldinni

Helgi Helgason í Fiskbúð Hafliða kann til verka þegar kemur að skötunni, enda selur hann um sjö tonn af henni fyrir Þorláksmessu, sem hann áætlar að dugi í hvorki meira né minna en 25 þúsund máltíðir. „Skötuna leggjum við í kör með fölskum botni því það kemur alltaf eitthvað slagvatn frá. Þannig liggur hún í um það bil þrjá mánuði við jafnan hita, sem er nauðsynlegt. Þá er hún tekin upp úr körunum, vöskuð upp og léttsöltuð og þá er hún tilbúin í pottinn. Sumar hengjum við reyndar upp og þurrkum í fimm til sex daga.“

Tindabikkjan er verkuð á svo til sama hátt, nema hún er líka roðflett en ekki næturseltuð. Skötuna fær Helgi aðallega af miðunum út af Suðurlandi og Breiðafirði en tindabikkjan kemur aðallega vestur af fjörðum.

Á Þremur frökkum eru að venju öll borð löngu upppöntuð á Þorláksmessu, en Úlfar Eysteinsson veitingamaður bendir á að það sé lítið mál að elda sér skötu sjálfur. „Það er í rauninni erfitt að klúðra henni. Maður sýður bara fiskinn í um fimm mínútur og lætur svo standa í soðinu í tíu mínútur. Það þarf hins vegar að gæta þess að bullsjóða hana ekki.“ Tindabikkjan er þynnri en skatan og segir Úlfar því nóg að láta suðuna kom upp í potti, slökkva undir, setja fiskinn í og lok ofan á í fimm mínútur.

Hörðustu unnendur skötunnar veigra það ekki fyrir sér að sporðrenna henni með brjóskinu. „Það er hins vegar ekkert mál fyrir vandláta að hreinsa brjóskið frá,“ segir Úlfar. „Á tindabikkjunni er til dæmis smá brjóskbrún sem maður stingur gafflinum í og skefur holdið varlega af. Svo stingur maður fingri undir brjóskið og lyftir því upp og þá er það komið.“

Úlfar mælir með að byrjendur í skötuáti byrji á skötustöppu sem er einfalt að útbúa; brjóskið er einfaldlega hreinsað frá og skötunni stappað saman við hráefni eftir smekk. „Ég sleppi reyndar kartöflunum í minni stöppu, en það er smekksatriði. Ég nota yfirleitt vestfirskan hnoðmör, en fyrir byrjendur er gott að ríða á vaðið með smjöri og hvítlauk áður en lengra er haldið.“

Húsráð við matseld

Ekki fellur öllum skötuilmurinn í geð, enda er hann með eindæmum þrautseigur komist hann í tæri við tau og klæði. Margrét Sigfúsdóttir, skólastýra Hússtjórnarskólans, bendir á að forvarnir séu mikilvægar við matseldina.

„Regla númer eitt, tvö og þrjú er að loka öllum skápum og fatahengjum og inn í svefnherbergi! Það verður líka að gæta þess að láta ekki bullsjóða í pottinum – það er nóg að það kraumi. Svo er gott að leggja blautan klút yfir pottinn því hann dregur lyktina svo vel í sig. Svo að lokinni máltíð þegar uppvaskið er frá er kjörið að opna allt upp á gátt og sjóða rauðkál og fylla húsið af yndislegri lykt.“

En gleymi maður að loka skápum og herbergjum og láti skötuna bullsjóða ofan í kaupið er fjandinn laus að sögn Margrétar. „Það er ansi vont að ná lyktinni út og ekkert sem blífur nema þvottahúsið eða efnalaugin. Þess vegna er um að gera að sýna fyrirhyggju eða að fara að dæmi helstu sérfræðinga og sjóða skötuna inni í bílskúr eða úti á tröppum ef veður leyfir.“

HELGI HELGASON Helgi selur þetta árið um sjö tonn af skötu sem hann áætlar að dugi í 25 þúsund máltíðir.

Frábært úrval af kvennfatnaði í öllum stærðum

Allar vörur á 500 krónur

Komdu og gerðu langbestu kaupin í bænum!



ZIKZAK OUTLET

MÖRKINNI 1 - REYKJAVÍK

GEFÐU SKEMMTILEGA
DVD JÓLAPAKKA!
WILL FERRELL ROBERT DUVALL
KICKING & SCREAMING
WHO'S DATE WITH TAD HAMILTON!
SCHINDLER'S LIST
BEN AFFLECK AARON ECKHART UMA THURMAN
PAYCHECK
Surviving Christmas
AMERICAN PIE BAND CAMP
KING KONG
Meet the Fockers
Meet the Parents
LAND OF THE DEAD
the ring two
BACK TO THE FUTURE
Joey
JAWS
GLADIATOR
JURASSIK PARK
SAM MYNDIR

VELKOMIN Í STÆRSTU HÚSGAGNAV

ZONE DENMARK bodum Frábær gjafavörudeild á 1. hæð



690 VERÐ ÁÐUR **980**
PÚÐI 45 x 45 , fleiri litir.

8 STK. 890 VERÐ ÁÐUR **1.280**
ZONE herðatré, rauð.

FRÁ 490 VERÐ ÁÐUR **690**
HAPPY COLORS handklæði 100x150 kr. **2.980** áður ~~4.980~~. 70x140 cm kr. **1.980** áður ~~2.980~~. 30x50 kr. **490** áður ~~690~~

1.280 VERÐ ÁÐUR **1.980**
SÁPUDÆLA margir litir.

5.980 VERÐ ÁÐUR **7.980**
LÉNE BERE Spegill með skrautramma

1.980 VERÐ ÁÐUR **2.880**
SKAFA fyrir sturtugler og baðherbergi

1.480 VERÐ ÁÐUR **2.780**
SÁPUDÆLA frá ZONE

2.490 VERÐ ÁÐUR **3.980**
BORÐI með jólaseríu, fæst rauður og orange.

OPIÐ TIL KL. 23 Á ÞORLÁKSMESSU

ERSLUN Á ÍSLANDI

HÚSGAGNAHÖLLIN

OPIÐ TIL KL. 22 Í KVÖLD

30%
AFSLÁTTUR

690 VERÐ ÁÐUR **980**
MÁLVERK á striga 17 x 17 cm.

690 VERÐ ÁÐUR **980**
MÁLVERK á striga 15 x 20 cm.

7.980 VERÐ ÁÐUR **11.980**
GIPSMYNDIR á striga 30 x 30 cm.

9.980 VERÐ ÁÐUR **14.500**
UNDERCOVER BASIC ljós frá LE KLINT, ljósið kemur með hvítu innleggi, hægt er að kaupa mismunandi munstur innan í og breyta til. 3 munstur í pakka kr. **4.980**

50%
AFSLÁTTUR

1.980 VERÐ ÁÐUR **3.980**
ZONE bakki fyrir 9 sprittkerti

2.790 VERÐ ÁÐUR **3.980**
KÖKUBAKKI á fæti.

FRÁ **1.390** VERÐ ÁÐUR **1.980**
SILFRUÐ SKÁL 2 Stærðir

KERTI Cube,
kr. **990** áður ~~1.480~~

1.980 VERÐ ÁÐUR **2.880**
KERTI í glerkrukku.

Er siðmenningin óhugsandi án bjórs?

Valur Gunnarsson skoðar sögu drykkjarins og uppgötvar að jólasveinninn er dýrlingur bjórsins.

Elstu heimildirnar um bjórdrykkju ná aftur til Súmera, en samkvæmt steintöflum sem varðveittar eru í British Museum var bjór bruggaður í Súmer fyrir 6.000 árum. Svo virðist sem hann hafi verið fundinn upp á sama tíma og brauðið. Mögulega er hann ein helsta ástæða þess að menn tóku sér fasta búsetu og byrjuðu að plægja akra.

Á dögum Babylóníumanna var hann bruggaður af konum, sem gegndu einnig hlutverki presta í þeirra samfélagi, löngu áður en Jesús breytti vatni í vín. Hammúrabí Babýlóníukonungur, sem fyrstur manna lét skrásetja lög, kom einnig með fyrstu áfengislöggjöfina. Í reglugerðinni var tekið fram að ef barþjónn skammtaði minni bjór í glas en lög gerðu ráð fyrir skyldi honum samstundis drekkt, eitthvað sem mætti vera til eftirbreytni á okkar dögum.

Samkvæmt vínlista sem varðveist hefur og er nú til sýnis í Metropolitan-safninu í New York sulluðu Babýlóníumenn ekki í hverju sem var, heldur buðu upp á margar tegundir af bjór. Á listanum er gerður greinarmunur á dökkum bjór og ljósum, og bjór með froðu og án, svo eitthvað sé nefnt. Bjórinn var drukkinn með rörum, og þegar konungurinn sjálfur kíkti í kollu átti drakk hann með gullröri sem náði frá hásætinu og yfir í risavaxið bjórílát.

Bjór í Biblíunni

Á assýrískri töflu sést að bjór hafi verið ein af þeim matvörum sem Nói tók með sér í örkina. Ætla má að hann hafi orðið vel hífaður einhverja þeirra 40 daga og nótta sem hann var staddur á sjó, því fyrsta Mósebók lýsir honum sem einkar drykkfelldum.

Það fyrsta sem hann gerði þegar hann kom í land var að rækta vínvið, og var hann þá væntanlega löngu búinn að klára allar birgðir á hafi úti. Þegar svo uppskeran varð tilbúin datt hann ærlega í það, og lá samkvæmt ritningunni afvelta og afklæddur í tjaldi sínu. Sonur hans, Ham, gekk inn á hann þar sem hann lá nakinn og kallaði til bræðra sinna. Þeir Sem og Jafet náðu í slopp handa föður sínum og gengu afturábak inn í tjaldið svo þær sæju ekki nekt karlsins þegar þeir komu honum í flíkina.

Þegar Nói svo rankaði við sér þunnur og úrillur og frétti af því sem gerst hafði bölvaði hann Ham og öllum afkomendum hans fyrir afskiptasemina, en Ham varð ættfaðir Kanaaníta. Ham skyldi samkvæmt boðorði föðurins verða þræll Sems, og þar sem Sem varð forfaðir Ísraela, og Kanaan er þar sem nú er Palestína, má kannski rekja átök Ísraela og Palestínumanna til þessa þynnkubömmers Nóa.

Bjór í gröfina

Forn-Egyptar drukku bjór stíft, bæði sem meðal, sem sakramenti og sér til ánægju. Af 700 lyfjauppskriftum sem varðveist hafa innihalda um 100 bjór. Og á kvöldin hittist fólk á bjórhúsum sem svo hétu til að þjóra.

Bjórdrykkjan endaði ekki með andláti drykkjumanns, því yfirleitt var bjór látinn fylgja með í gröf hins látna. Og þegar fólk skálaði á bjórhúsunum skálaði það gjarnan fyrir draug hins látna.

En það var ekki bara almúgafólk sem drakk bjór. Ef einhver vildi giftast dóttur Faraós var ætlast til þess að hann gæfi föðurnum tunnu af bjór til að fá hann til að hugsa málið. Þökk sé sigrum kvenréttindabaráttunnar er áfenginu nú hellt beint í dótturina frekar en í tilvonandi tengdaföður, svo eitthvað hefur nú breyst í þessum efnum.

Ekki einu sinni almættið hélst edrú. Guðirnir vildu líka fá sitt, og var yfir 100.000 lítrum af bjór fórnað til þeirra árlega. Náttúrugyðjan Ísis var einnig bjórgyðja, og hið opinbera skipaði starfsmann að sjá til þess að gæði bjórsins væru henni þóknanleg. Einnig er minnst á bjór í Bók hinna dauðu, sem innihélt helstu töfraþulur Forn-Egypta jafnt sem bjóruppskriftir.

Heilagur bjór

Forn-Grikkir lærðu að brugga af nágrönnum sínum, Forn-Egyptum. Þeir voru þó hrifnari af víni, og hinn forni bjórguð Díonýsis varð að vínguðinum Díonýsos. Sumir dásömuðu þó enn bjórinn, svo sem leikritaskáldið og hófsemdarmaðurinn Sófókles, en hann lagði til að undirstaða mataræðis væri brauð, kjöt, grænmeti og bjór.

Rómverjar lærðu svo brugglistina af Grikkjum. Þegar Sesar hafði farið hina örlagaríku ferð yfir Rúbíkonfljót og lýst því yfir að teningnum væri kastað skálaði hann við herforingja sína í bjór. Frá Rómverjum breiddist brugglistin til Bretlandeyja og Þýskalands, og var henni tekið fagnandi í báðum löndum, þó að bæði Germanir og Keltar tækju að öðru leyti hraustlega á móti innrásarliðinu.

HEILAGUR NIKULÁS Margfaldar byggbirgðir í Mýru. Hann var einn af dýrlingum bjórsins, en hefur seinna verið notaður til að auglýsa aðra drykki.

Með kristninni stórjukust vinsældir bjórsins. Þessa þróun mátti rekja til klaustranna. Samkvæmt reglunum máttu munkar einungis borða eina máltíð á dag, en drekka allt að fimm lítra, þannig að það var freistandi að ráðstafa þeim með því að drekka svo mettandi vökva sem bjór er. Munkarnir brugguðu því grimmt og ráku þar að auki nokkurs konar hótelþjónustu, þar sem ferðamönnum var boðið upp á mat, bjór og gistingu. Trúin og tárið urðu svo nátengt að allt að því 20 dýrlingar í kaþólsku hafa verið verndardýrlingar bjórsins.

Bjórdýrlingurinn Nikulás

Einn af þeim var Heilagur Nikulás frá Mýra, en hann er í dag kallaður St. Nick eða Santa Claus.

NÓI FULLUR Sem, Kam og Jafet reyna að forðast að sjá ölvun föður síns

Þjóðsaga nokkur segir frá því að hann hafi verið á ferð um hérað þar sem ríkti mikil hungursneyð. Hann stoppaði á krá þar sem var engu að síður boðið upp á kjöt. Þetta fannst honum grunsamlegt og fór inn í bakherbergið þar sem hann sá lík þriggja ungra manna liggjandi til maríneringar í bjór. Hann vakti þá aftur til lífsins og varð upp frá því dýrlingur bjórdrykkjumanna.

Annar dýrlingur bjórsins var írski munkurinn Columbanos, sem reyndi að breiða út kristna trú í Þýskalandi á 6. öld. Rakst hann á hóp af Óðinsdýrkendum, sem voru við það að fara að fórna tunnu af bjór til Guðs síns. Munkurinn stöðvaði þá og sagði þeim að Guð kristinna manna kysi frekar að bjórinn væri drukkinn í hans nafni. Tóku margir trú þar og þá. Hefur bjórinn því átt sinn hlut í að breiða út kristnina, jafnt sem siðmenninguna.

valurg@frettabladid.is

Skata Skata

Verð frá 399,-

Ekta góður saltfiskur
Hnoðmör hamsatólg
kartöflur

Fiskbúðin Hafrún
Skipholti 70
Sími 553 0003

Fiskbúðin Árbjörg
Hringbraut 119
Sími 552 5070

Fiskbúðin Vör
Höfðabakka 1
sími 587 5070

Áritun í dag

BT Smáralind - kl. 19
BT Kringlunni - kl. 20

Keyptu mig og taktu mig með þér heim svo að við getum orðið best frendo's.. en bara ef þú ert ógeðslega töff.. Ekki panikka því allir vinir þínir eiga eftir að grenja í þér að fá þetta lánað en þú elskar mig svo mikið að þú lætur aldrei neinn taka mig frá þér og horfa á mig.

75 mínútur af aukaefni

2.999

Vinsælasti DVD diskurinn

ógesslega töff! dívídí



BT

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

FRUMSÝNDAR Á ANNAN Í JÓLUM

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM

The Chronicles of Narnia:
Internet Movie Database 7,5 / 10
Metacritic.com 7,8 / 10
Rottentomatoes.com 74% / Fersk

A Little Trip to Heaven
Internet Movie Database 6,6 / 10

Just Friends
Internet Movie Database 5,7 / 10
Metacritic.com 7,0 / 10
Rottentomatoes.com 43 % / Rotin

Draumalandið
Internet Movie Database 5,8 / 10

Stór humar Risarækja hörpuskel

Fiskbúðin Hafrún
Skipholti 70
Sími 553 0003

Fiskbúðin Árbjörg
Hringbraut 119
Sími 552 5070

Fiskbúðin Vör
Höfðabakka 1
sími 587 5070

GARÐAR THÓR OG NYLON Garðar Thór Cortes og Nylon voru að sjálfsögðu hæstánægð með platínu- og gullplöturnar sínar.

Garðar Thór Cortes og Nylon fengu platínu og gull

Tenórinn ungi, Garðar Thór Cortes, fékk í gær afhenta platínuplötu fyrir sína fyrstu sólóplötu, Cortes. Athöfnin fór fram í Kringlunni.

Platan hefur selst í vel yfir tíu þúsund eintökum og telur Einar Bárðarson, sem gefur plötuna út, að hún muni enda í um sautján þúsund eintökum áður en jólavertíðin er úti. Á plötunni syngur Garðar Thór klassísk sönglög og var hann á dögunum tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem efnilegasti söngvarinn. Útgáfutónleikarnir sem Garðar hélt nýverið í Grafarvogskirkju verða á dagskrá Stöðvar 2 á jóladag.

Stúlknasveitin Nylon fékk jafnframt afhenta gullplötu í Kringlunni í gær fyrir aðra plötu plötuna Góðir hlutir. Hún hefur selst í fimm þúsund eintökum, rétt eins og fyrsta plata sveitarinnar, 100% Nylon gerði fyrir síðustu jól. Tvö endurunnin lög, Dans, dans, dans og Einskonar ást, eru á plötunni. Hin lögin eru samin af þekktum innlendum og erlendum höfundum á borð við Gunnar Þórðarson, Magnús Eiríksson, Magnús Kjartansson og Anthony Griffiths. ■

Jónsmessunótt í teiknimynd

Draumalandið eða Midsummer Dream er eina teiknimyndin sem frumsýnd verður um jólin. Hún er byggð á gamalli þjóðsögu sem greinir frá því að á Jónsmessunótt geti mannfólkið kynnst heimi álfa og trölla af eigin raun.

Helena er ung dóttir hertogans Þeseifs sem trúir ekki á svona bull og rugl. Þegar líf föður hennar er að veði neyðist hún hins vegar til að brjóta odd af oflæti sínu og leita að álfadrottningunni Títaníu sem býr í Draumalandinu en þar verður hún að sigrast á tortryggni sinni til að komast af í heimi ævintýranna.

Fjöldi þekktra íslenskra leikara hefur lagt myndinni lið til að hún geti verið sýnd með íslensku tali en helstu leikarar eru Inga María Valdimarsdóttir, Björgvin Franz Gíslason, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason.

HELENA Þarf að berjast við óvætti til að lifa af í Draumaheiminum.

Jólamyndin fyrir hina væmnu

KVIKMYNDIR

[UMFJÖLLUN]

Fátt er jafn skelfilegt í hugum margra og að hitta verðandi tengdafjölskylduna í fyrsta sinn. Þær hafa enda ófáar kvikmyndirnar verið gerðar um þessa hrylllegu hlið hins verðandi maka. Kvikmyndin The Family Stone fjallar einmitt um þessa hrikalegu þraut.

Meredith Morton ákveður að fara með kærasta sínum, Everett Stone, til að dveljast með fjölskyldu hans um jólin. Stone-fjölskyldan er heldur óvenjuleg, frekar frjálsleg í fasi og á því erfitt með að meðtaka hið stífa viðmót Morton. Áður en langt um líður hefur stúlkukindin málað sig út í horn en þegar neyðin er stærst er hjálpin næst. The Family Stone fer ekki í sögubækurnar sem besta jólamynd allra tíma. Hún verður heldur ekki færð til bókar sem einhver tengdafjölskyldusnilld á borð við Meet the Parents. Hún er hins vegar kærkomin gjöf handa þeim sem langar í bíó en vilja ekki ærast vegna hávaða.

Leikkonan Diane Keaton á sér marga dygga aðdáendur og þessi mynd svíkur engan. Luke Wilson er stórskemmtilegur sem hinn hæfilega kærulausi Ben Stone og þá er Rachel McAdams einkar fín sem hin kvikindislega systir Amy. Craig T. Nelson og Dermot Mulroney hafa aldrei verið hátt skrifaðir og komast ekkert hærra með þessari mynd auk þess sem Claire Danes virðist alltaf vera gráti næst, alveg sama hvert tilefnið er. Sarah Jessica Parker ber þó höfuð og herðar yfir aðra sem hin ofursnobbaða Meredith þótt leikur hennar hafi kannski ekki gefið tilefni til Golden Globe tilnefningar.

The Family Stone er algjörlega áreynslulaus jólamynd uppfull af væmnum atriðum sem ganga eflaust fram af einhverjum. Líkt og hryllingsmyndir eru ekki fyrir viðkvæma þá er The Family Stone ekki fyrir harðhausa.

Freyr Gígja Gunnarsson

THE FAMILY STONE

LEIKSTJÓRI: THOMAS BEZUCHA

Aðalleikarar: Diane Keaton, Luke Wilson, Claire Danes og Sarah Jessica Parker.
Niðurstaða: The Family Stone er algjörlega áreynslulaus jólamynd uppfull af væmnum atriðum sem ganga eflaust fram af einhverjum. Líkt og hryllingsmyndir eru ekki fyrir viðkvæma þá er The Family Stone ekki fyrir harðhausa.

Fox vill leika Doc

Leikarinn Michael J. Fox er í viðræðum um að leika í fjórðu

MICHAEL J. FOX Fox sló í gegn í Back to the Future-myndunum.

og síðustu Back to the Future-myndinni. Fox, sem er 44 ára, ætlar þó ekki að vera með nema hann fái að leika persónu sem er á svipuðum aldri og hann.

„Eina leiðin til að þetta gangi upp er að ég fái að leika Doc [vísindamanninn sem Christopher Lloyd lék í myndunum]. Ég er orðinn 44 ára og hef ekki áhuga á að hlaupa um og leika mér á hjólabrettum," sagði Fox. „Eftir fyrstu þrjár myndirnar héldum við að þetta væri orðið gott. Ef þeir myndu gera nýja mynd þyrftu þeir að nota yngri leikara og prófa nýja hluti. Það gæti komið vel út."

Myndirnar Back to the Future nutu mikilla vinsælda á síðari hluta níunda áratugarins. Fjölluðu þær um framhaldsskólanemann Marty sem fór bæði fram og aftur í tímann með aðstoð tímavélar sem vinur hans, vísindamaðurinn Doc, hannaði.

Pink giftir sig í kjól

Söngkonan Pink, sem hélt tónleika hér á landi í fyrra, ætlar að vera stelpuleg og klæðast kjól þegar hún gengur að eiga unnusta sinn Carey Hart.

Pink og mótorhjólakappinn Hart hittust fyrst 2001 og í sumar bar Pink fram bónorðið. Pink vill ekki segja hvenær athöfnin fer fram en vangaveltur hafa verið uppi um að hún verði á gamlárskvöld. Pink neitar því jafnframt að vera ófrísk. „Ég hef verið ófrísk í lengri tíma en nokkur áður í sögunni," sagði hún í léttu gríni. „Við erum hamingjusöm og mjög spennt og ég elska hann mikið."

Pink, sem heitir réttu nafni Alecia Moore, hefur lítið verið í sviðsljósinu að undanförnu því hún hefur verið upptekin við að taka upp sína fjórðu plötu, auk þess sem hún er að leika í sinni fyrstu kvikmynd, Catacombs.

PINK Söngkonan Pink ætlar að gifta sig í kjól, en hún klæðist ekki kjól á hverjum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

Á móti sól fékk gullplötu

GULLPLATAN AFHENT Útvarpsmaðurinn Ívar Guðmundsson frá Bylgjunni afhenti liðsmönnum Á móti sól gullplötuna.

Hljómsveitin Á móti sól fékk á dögunum afhenta gullplötu fyrir meira en 5000 eintaka sölu hljómplötunnar Hin 12 topplögin sem kom út í sumar. Afhendingin fór fram í hléi á sýningunni Nína og Geiri á skemmtistaðnum Broadway, en þar hefur hljómsveitin séð um að skemmta sýningargestum í allt haust að sýningu lokinni.

Á næsta ári stefnir Á móti sól síðan að því að taka upp nýja plötu í Bretlandi, sem mun koma út fyrir jólin 2006.

BROSANDI ÚT AÐ EYRUM Elton John og David Furnish brostu út að eyrum eftir hjónavígsluna í London í gær. AP/MYND

Elton John og Furnish gengu í hjónaband

Popparinn Elton John og ástmaður hans til margra ára, David Furnish, gengu í hjónaband í London í gær. Talið er að atburðurinn verði samkynhneigðum mikil hvatning í framtíðinni.

Athöfn Elton John, sem er 58 ára, og David Furnish, sem er 43 ára, fór fram í borgarráðshúsinu í Windsor, þar sem Karl Bretaprins og Camilla Parker Bowles gengu að eiga hvort annað í apríl.

John og Furnish eru þekktasta parið af þeim hundruðum samkynhneigðra para sem gengu í það heilaga á borgaralegan máta í Englandi og Wales í gær en þá voru slíkar vígslur leyfðar þar í fyrsta sinn.

Þeir sem hafa barist fyrir réttindum samkynhneigðra telja að hjónaband Elton John og Furnish eigi eftir að hvetja marga til að fylgja þeirra fordæmi. „Það verða fréttir af þessu samkynhneigða hjónabandi þeirra úti um allan heim, þar á meðal í löndum þar sem venjulega er aldrei fjallað um samkynhneigð," sagði Peter Tatchell, talsmaður hreyfingar samkynhneiðra, OutRage! „Þetta mun gefa milljónum homma og lesbía sem hafa verið einangruð og átt erfitt uppdráttar nýja von."

John og Furnish, sem er kanadískur kvikmyndagerðarmaður, hafa verið saman í tólf ár. Athöfnin þeirra í gær var látlaus og voru aðeins móðir John og stjúpfaðir ásamt foreldrum Furnish viðstödd. Aftur á móti var öllu til tjaldað í brúðkaupsveislunni, sem kostaði um 110 milljónir króna. Sett voru upp tvö risastór tjöld á lóð Elton John í Windsor og var fjölda stjarna boðið í veisluna, þar á meðal hjónunum Ozzy og Sharon Osbourne, Victoriu Beckham og Elizabeth Hurley.

John og Furnish vita að gifting þeirra á eftir að vekja mikla athygli. „Elton er sú manneskja sem ég vil eyða ævinni með. Þess vegna veit ég að sterkt samband okkar á ekki eftir að breytast," sagði Furnish. „En frá félagslegu sjónarhorni er þetta hjónaband mjög mikilvægt. Það er til merkis um gríðarlegar breytingar og er einn af þeim atburðum sem fólk á eftir að tala um lengi."

Staðreyndir um Elton John

Rétt nafn: Reginald Kenneth Dwight.

Fæðingardagur: 25. mars 1947.

Þekkt lög: Your Song, Goodbye Yellow Brick Road, Don't Let the Sun Go Down on Me, Sad Songs (Say So Much), Nikita og Candle in the Wind.

1974: Samdi Whatever Gets You Through the Night með John Lennon.

1976: Sagðist vera tvíkynhneigður í viðtali við Rolling Stone.

Áttundi og níundi áratugurinn: Háður kókaíni og áfengi.

1994: Samdi lögin fyrir Disney-myndina The Lion King. Tim Rice sá um textagerð.

Heiður fyrir Sigmund

Körfuboltadómarinn Sigmundur Herbertsson mun dæma leik Evrópumeistara Dynamo St. Petersburg og CAZ Nymburk í FIBA Eurocup þann 24. janúar nk. Þetta er mikill heiður og viðurkenning fyrir Sigmund.

sport

sport@frettabladid.is

LANDSLIÐSMAÐURINN GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON: VAR Í EINKAÞJÁLFUN SÍÐASTA SUMAR

Bætti stökkkraftinn um 10-15 sentímetra

Handknattleiksmaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson hefur heldur betur slegið í gegn í þýsku úrvalsdeildinni í vetur. Hann hefur verið markahæsti leikmaður deildarinnar nánast frá fyrsta leik og að sögn þeirra sem til þekkja tekið miklum framförum frá því á síðasta keppnistímabili. Ástæðan fyrir því gæti verið sú að í sumar var hann í læri hjá Jóni Arnari Magnússyni, fyrrum tugþruatarkappa en núverandi einkaþjálfara í Laugum, sem gerði fyrir hann æfingaáætlun sem átti eftir að skila eftirtektarverðum árangri.

„Það er nokkuð ljóst að þessi æfingatörn í sumar skemmdi ekki fyrir," sagði Guðjón Valur við Fréttablaðið í gær, en á þessum mánuði lét Jón Arnar hann gera fjölbreyttar æfingar sem flestar gengu að því að bæta snerpu og sprengikraft. Guðjón Valur segir að upphaf samstarfs þeirra megi rekja til þess tíma þegar landsliðshópurinn var að æfa fyrir ÓL í Aþenu á sínum tíma. „Hann var alltaf að fíflast eitthvað í okkur og eitt skiptið spurði ég hann einfaldlega hvort ég mætti koma næsta sumar. Hann var meira en til í það."

Guðjón Valur segir að æfingarnar hafi gert sér mjög gott og meðal annars náði hann að bæta stökkkraftinn hjá sér um 10-15 sentímetra - þó nægur hafi hann verið fyrir! „Þetta var nú ekki nákvæm mæling en það var klárlega sjáanlegur munur. Þetta gekk út á að hoppa upp í loft inni í Laugum. Í fyrstu var það fingurbroddurinn en undir það síðasta var það lófinn sem náði upp í loft," segir Guðjón Valur og bætir því við að fyrir vikið hafi hann komið mun betur undirbúinn til leiks hjá Gummersbach. „Ég komst mun auðveldar í gegnum undirbúningstímabilið hjá Gummersbach og mér virðist ganga ágætlega hér úti svo það er nokkuð ljóst að þessar æfingar skemmdu ekki fyrir."

> Páll og Hermann í Fylki

Fylkir gekk í gær frá samningum við fyrrum fyrirliða Þróttar, Pál Einarsson, og Húsvíkinginn Hermann Aðalgeirsson. Páll skrifaði undir tveggja ára samning en Hermann samdi til þriggja ára. Báðir leikmenn eru miðjumenn en Hermann getur einnig leikið sem sóknarmaður en hann hefur verið einn besti leikmaður Völsungs síðustu ár.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

19 20 21 22 23 24 25

Föstudagur

SJÓNVARP

- 16.20 **Enski deildarbikarinn** á Sýn. Útsending frá leik Doncaster og Arsenal frá því gær.
- 18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn.
- 18.12 **Sportið** á Sýn. Farið yfir íþróttaviðburði dagsins.
- 19.00 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- 20.00 **Álfukeppnin** á Sýn. Sýndur verður leikur Brasilíu og Argentínu.
- 21.40 **Ítalski boltinn** á Sýn. Livorno-AC Milan.
- 23.20 **Spænski boltinn** á Sýn. Barcelona-Celta Vigo.

Alan Curbishley:

Mjög ósáttur

FÓTBOLTI Alan Curbishley, knattspyrnustjóri Charlton, segir að sumir af sínum leikmönnum hafi líklega ofmetnast eftir góða byrjun liðsins á tímabilinu en upp á síðkastið hefur allt gengið á afturfótunum hjá Charlton.

„Það er kominn tími til að leikmenn vakni og fari að hugsa um hvernig þeir komust á þann stall sem þeir eru. Þeir eru ekki að spila eins og úrvalsdeildarleikmenn eiga að gera." - vig

Ætla að skora eitt mark í einu

Framherjinn Björgólfur Takefusa skrifaði formlega undir samning við KR í gær. Hann er alkominn heim eftir nám í Bandaríkjunum og nær nú að taka fullan þátt í undirbúningstímabili á Íslandi í fyrsta sinn í fimm ár. Björgólfur mun spila í treyju númer 10 hjá Vesturbæjarstórveldinu.

FÓTBOLTI „Þetta verður allt annað núna og ég er viss um að ég verð í miklu betra leikformi í sumar en ég hef verið undanfarin ár," segir sóknarmaðurinn Björgólfur Takefusa, sem skrifaði loksins formlega undir samning við KR í gær til tveggja ára.

Björgólfur kom til landsins í fyrradag, nýútskrifaður frá háskóla í Bandaríkjunum, og mun hann hefja æfingar með KR á fullu strax eftir áramót. Það verður í fyrsta sinn í fimm ár sem hann tekur þátt í undirbúningstímabili á Íslandi, en áður hefur hann alltaf komið til landsins strax að loknum prófum í maí.

„Það er mjög erfitt að koma beint í slaginn á sumrin án þess að hafa spilað neitt yfir vorið. Ég hlakka mikið til að fá loksins að æfa almennilega yfir veturinn," segir hann.

Nokkrar vikur eru liðnar frá því að ljóst var að Björgólfur væri á förum frá Fylki en þar hefur hann leikið síðustu tvö sumur eftir að hafa stigið sín fyrstu skref í meistaraflokki með Þrótti.

Spurður um ástæður þeirrar ákvörðunar hans að yfirgefa Árbæinn segir Björgólfur að margt hafi spilað inn í.

„Ég bjó við Frostaskjólið í mörg ár og fyrsta skipti sem ég fór á fótboltaleik var þegar ég fór á KR-völlinn í gamla daga. Ég hef alltaf borið taugar til KR," segir Björgólfur, sem lék með KR um tíma í yngri flokkunum og staldraði einnig stutt við hjá liðinu í 2. flokki. Hann viðurkenndi þó að fjölskyldutengslin hefðu spilað eitthvað inn í þótt þau hefðu alls ekki vegið þyngst, en alþekkt er að Björgólfur er afabarn nafna síns Guðmundssonar, stjórnarformanns Landsbankans og gallharðs KR-ings.

Eins og sönnum markaskorara sæmir hefur Björgólfi verið úthlutuð treyja númer 10 hjá KR. Sjálfur segist hann þó ekki enn vera búinn að setja sér nein ákveðin markmið fyrir næstu leiktíð. „Ég ætla að byrja á því að skora eitt mark í einu. Það eru góðir framherjar fyrir í liðinu og það verður hörð samkeppni. Planið núna er að nýta þau tækifæri sem ég fæ og vonandi verður það til þess að ég nái að halda stöðu minni í liðinu," segir Björgólfur að lokum.

vignir@frettablaid.is

SÁ BESTI „Við teljum að með Björgólfi höfum við náð að klófesta einhvern albesta framherja á landinu," sagði Jónas Kristinsson, formaður KR-sports, þegar hann kynnti Björgólf Takefusa til leiks í Frostaskjólinu í gær. Hér sjást þeir félagar stilla sér upp saman fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Michael Essien tjáir sig um brotið á Hamann:

Hef aldrei reynt að meiða andstæðing vísvitandi

FÓTBOLTI Michael Essien, hinn umdeildi miðjumaður Chelsea, lét loksins í sér heyra í gær í fyrsta skipti frá hrikalegri tæklingu hans á Dietmar Hamann hjá Liverpool í leik liðanna í Meistaradeildinni fyrir skemmstu. Essien hefur legið undir mikilli gagnrýni fyrir brot sitt, sem sannarlega verðskuldaði beint rautt spjald en því miður missti dómarinn af atvikinu.

Essien, sem var í kjölfarið dæmdur í tveggja leikja bann eftir að aganefnd UEFA hafði skoðað atvikið á myndbandi, kveðst ekki ánægður með þá ímynd sem hann hafi fengið í Englandi undanfarna daga og segist alls ekki vera grófur leikmaður.

„Á mínum ferli hef ég aldrei reynt að meiða andstæðing vísvitandi. Ég hef aldrei brotið af mér viljandi og ég er ekki grófur," segir Essien. „Ég gerði mistök gegn Liverpool og mun gjalda fyrir þau með tveggja leikja banni. Það er næg refsing fyrir leikmann eins og mig sem vill bara spila fótbolta," segir Essien og bætir við að hann og Hamman séu orðnir sáttir.

„Ég hringdi í Hamann og bað hann afsökunar. Hann tók afsökunarbeiðninni og hvað mig varðar er málið úr sögunni," segir Essien, sem síðan þá hefur orðið skotspónn andstæðinga Chelsea sem reyna ítrekað að fiska á hann brot.

„Það var hlægilegt að sjá leikmenn Arsenal gera allt til að pirra Essien í leiknum um helgina," segir Frank Lampard, samherji Essien. „Hann fékk gult spjald fyrir að slá til Lauren, sem var fáránlegur dómur. Hann kom aldrei við Lauren og var ekki einu sinni að horfa í sömu átt og hann. Essien er orðinn að fórnarlambi og dómarinn beit á agnið," segir Lampard. - vig

MICHAEL ESSIEN Ljótt brot hans á Dietmar Hamann er svo sannarlega að draga dilk á eftir sér.



THIERRY HENRY Fer hann frá Arsenal eins og Vieira? FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Thierry Henry:

Ræður framtíð sinni sjálfur

FÓTBOLTI Stuðningsmenn Arsenal svitna hressilega þessa dagana enda óttast þeir mjög að missa Thierry Henry frá félaginu þar sem Barcelona hefur opinberað áhuga sinn á kappanum.

Henry er samt enn í samningaviðræðum við Arsenal en hann á átján mánuði eftir af samningi sínum við félagið. Semji hann ekki fyrir næsta sumar má telja líklegt að Arsenal selji hann fyrir væna upphæð í stað þess að missa hann án þess að fá krónu fyrir ári síðar.

Annars er það að frétta af Henry að hann er að bíða eftir niðurstöðum röntgenmyndatöku en hann gæti verið ökklabrotinn. - hbg

MICHAEL OWEN Líkar vel við vistina hjá Newcastle.

Michael Owen:

Ekki á leið til Liverpool

FÓTBOLTI Michael Owen, sóknarmaður Newcastle, segir að hann sé ekki að huga að endurkomu til Liverpool innan tíðar, en sum bresku slúðurblaðanna gerðu því skóna í gær. Einhverjir héldu því fram að það væri klásúla í samningi Owens við Newcastle þess efnis að ef Liverpool byði ákveðna upphæð í hann gæti félagið ekki aftrað honum frá því að fara. En Owen segir að þetta sé ekki rétt.

„Ég skrifaði undir fjögurra ára samning við Newcastle og ég er mjög ánægður með þá ákvörðun. Þegar ég kom var liðið í næstneðsta sæti en sem betur fer höfum við tekið miklum framförum síðan þá.“ **- vig**

Gheorghe Hagi:

Slapp við fangelsisdóm

FÓTBOLTI Rúmenska goðsögnin Gheorghe Hagi slapp við fangelsisdóm í Tyrklandi fyrir að ráðast og hrækja á dómara í leik þar í landi fyrir fjórum árum síðan.

Hagi var upphaflega dæmdur í 17 mánaða fangelsi en þar sem þetta var hans fyrsta brot sá dómarinn aumur á honum og dæmdi hann til hárrar sektar.

Arsene Wenger reyndi að fá Ronaldinho til Arsenal

Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, ætlaði sér að mynda framherjapar hjá Arsenal sem samanstóð af Thierry Henry og Ronaldinho.

FÓTBOLTI Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, greindi frá því í gær að hann hefði reynt að fá brasilíska snillinginn Ronaldinho til Arsenal fyrir fimm árum til að mynda framherjapar liðsins ásamt Thierry Henry.

Ronaldinho var þá tvítugur leikmaður Gremio og segir Wenger að viðræður við umboðsmann leikmannsins hafi verið langt komnar. Hins vegar féllu kaupin um sjálft sig þegar ljóst varð að Ronaldinho myndi ekki fá atvinnuleyfi í Englandi vegna þess að hann er ekki frá Evrópu og á þeim tíma hafði hann leikið of fáa landsleiki fyrir Brasilíu.

Franska liðið Paris St. Germain klófesti Ronaldinho ári síðar þaðan sem hann fór til Barcelona og hefur hann nú hlotið sæmdarheitið besti knattspyrnumaður heims tvö ár í röð.

„Þessi atvinnuleyfisregla er út í hött og ég tel að henni eigi að breyta,“ sagði Wenger ósáttur í gær enda hefði hann líklega verið með Ronaldinho í sínum röðum í dag hefði reglan ekki komið í veg fyrir kaupin. „Mér finnst að við eigum frekar að hafa kvóta á hversu marga leikmenn utan Evrópu má hafa í hverju liði, rétt eins og á Spáni. Í rauninni þvingar þessi regla þig til að bíða með að kaupa leikmenn, en þegar biðinni er lokið eru önnur lið í Evrópu búin að kaupa hann. Þettta er fáránlegt,“ segir Wenger. Hann bætti því að lokum við að Ronaldinho hefði átt sigurinn í kjörinu í ár fyllilega skilinn en heldur því samt enn fram að að Thierry Henry, sem varð fjórði í kjörinu í ár, hefði með réttu átt að vinna það í fyrra.

„Ég vona, og trúi því reyndar staðfestlega, að Henry muni hljóta þessa nafnbót einn daginn,“ segir Wenger. **vignir@frettabladid.is**



RONALDINHO Var nálægt því að semja við Arsenal fyrir fimm árum en kaupin gengu ekki í gegn þar sem hann fékk ekki atvinnuleyfi í Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES.

DIDIER ZOKORA Eftirsóttur af enskum liðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Didier Zokora:

Fer líklega til Arsenal

FÓTBOLTI Miðjumaður franska félagsins St. Etienne, Didier Zokora, er að öllum líkindum á leið til Arsenal og skiptir engu þó bæði Manchester United og Chelsea hafi einnig lýst yfir áhuga á honum.

„Arsenal er það lið sem okkur líst best á enda hafa forráðamenn félagsins sýnt Didier meiri áhuga en hinna,“ sagði Franck Belhassen, umboðsmaður Zokora. „Hann getur ekki yfirgefið St. Etienne í janúar út af Afríkukeppninni en það er nokkuð ljóst að hann fer næsta sumar.“

Zokora er miðjumaður í anda Patricks Vieira og Arsenal hefur fulla trú á að hann geti fyllt það skarð sem Vieira skildi eftir sig þegar hann gekk í raðir Juventus síðasta sumar **- hbg**

MARTINA HINGIS Snýr aftur á tennisvöllinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Martina Hingis:

Ætlar á opna ástralska

TENNIS Martina Hingis frá Sviss, sem eitt sinn var besta tenniskona heims, er harðákveðin í því að reyna fyrir sér á ný og hún hefur nú staðfest að hún muni taka þátt á opna ástralska mótinu sem fram fer í janúar.

Hingis, sem er aðeins 25 ára, hefur ekki spilað tennis í fjögur ár en hún varð að hætta vegna meiðsla. Hún vann á sínum tíma opna ástralska mótið í þrígang og var á toppi heimslistans í nánast fjögur ár. **- hbg**

Angelos Charisteas:

Ekki á leið til Sunderland

FÓTBOLTI Umboðsmaður gríska framherjans Angelos Charisteas hefur neitað þeim sögusögnum að skjólstæðingur hans sé á leið til Sunderland í janúar. Charisteas er í herbúðum Ajax en hefur fengið fá tækifæri upp á síðkastið og því var talið að hann yrði lánaður eða seldur frá félaginu í janúar.

„Hann er með samning til ársins 2008 og þann samning ætlum við að virða," sagði umboðsmaðurinn. **- hbg**

Auglýst eftir leikmönnum á netinu

Það lið sem flestir telja ólíklegast til afreka á HM í Þýskalandi er Trínidad og Tóbagó þar sem hinn gamalkunni Dwight Yorke er allt í öllu. Fyrir tveimur árum var auglýst eftir leikmönnum í landsliðið á netinu.

FÓTBOLTI Þeir eru líklega fáir sem átta sig á því hversu magnað afrek það er hjá Trínidad og Tóbagó að hafa tryggt sér þáttökurétt á HM. Þessi rúmlega milljón manna eyja í Karíbahafinu hefur hingað til verið þekkt fyrir allt annað en knattspyrnuhefð og til að sjá hversu vanþróað knattspyrnusamband landsins var áður en undankeppnin fyrir HM hófst þarf ekki annað en að rifja upp auglýsingu sem birtist á heimasíðu sambandsins fyrir tveimur árum. Þar stóð meðal annars:

„Átt þú ættir að rekja til Trínidad og Tóbagó? Ert þú með tvöfalt ríkisfang þar sem annað þeirra er Trínidad? Ef svo er, heldurðu að þú sért nógu góður til að spila fyrir landslið þjóðarinnar í fótbolta? Smelltu hér til að vita meira..."

DRAUMURINN HEFUR RÆST Leikmenn Trínidad ærðust hreinilega af fögnuði eftir að þeir höfðu tryggt sér sæti á HM með 2-1 samanlögðum sigri á Barein í umspili.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

ANDSTÆÐINGAR Leo Beenhakker, þjálfari Trínidad, stillir sér upp með kollega sínum hjá Englandi, Sven-Göran Eriksson, eftir að dregið hafði verið í riðla á HM í síðustu viku. Beenhakker segist hafa unnið Eriksson áður og geti vel gert það aftur.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ekki fylgdi sögunni hvort þessi auglýsing bar tilætlaðan árangur en þó er víst að nokkrir af þeim leikmönnum sem í landsliðinu eru hafa bókstaflega verið tíndir af götunni. Chris Birchall, leikmanni Port Vale á Englandi, var til dæmis tilkynnt að það að móðir hans hefði fæðst í Trínidad væri nóg til að veita honum rétt til að leika fyrir hönd Trínidad. Birchall þáði boðið með þökkum og í júní varð hann fyrsti hvíti leikmaðurinn til að spila fyrir Trínidad í sextíu ár. Og nú er hann á leið á HM þar sem hann fær miðjuslag gegn Frank Lampard og Steven Gerrard í riðlakeppninni.

„Þegar ég kom fyrst til Trínidad voru hér tuttugu ágætis einstaklingar en ekkert lið. Ég hef verið fjörutíu ár í boltanum og aldrei lent í því að þurfa að kenna mönnum að spila saman," segir hinn kunni þjálfari landsliðsins, Leo Beenhakker, sem hefur meðal annars þjálfað Real Madrid, Ajax og hollenska landsliðið. Flestir leikmanna Trínidad leynast í neðri deildunum en þeirra kunnastur er án efa Dwight Yorke, fyrrum leikmaður Manchester United en núverandi leikmaður Sydney FC. Þrátt fyrir að vera orðinn 33 ára gamall og kominn af léttasta skeiði er Yorke algjör lykilmaður hjá Trínidad. Hann er fyrirliði, spilar sem leikstjórnandi liðsins á miðjunni og tekur allar spyrnur.

Trínidad lenti í fjórða sæti í sex liða Mið-Ameríkuriðlinum fyrir HM og náði þannig að komast í umspil um laust sæti þar sem liðið mætti Barein. Þar vann liðið 2-1 samanlagðan sigur og fjarstæðukenndur HM-draumur hafði því ræst. „Við ætlum ekki að vera neinir túristar í Þýskalandi," segir Beenhakker aðspurður um möguleika sinna manna á HM, en þar er liðið í riðli með Englandi, Svíþjóð og Paragvæ.

„Ég hef unnið Sven-Göran Eriksson áður, þá var ég þjálfari Feyenoord og hann hjá Roma. Af hverju ætti það ekki að geta gerst aftur?" segir Beenhakker og glottir. „Íbúar Karíbahafsins munu ekki búast við miklu af okkur en það er engin stærðfræði eða líkindareikningur fólginn í fótbolta. Hann er leikur og allt getur gerst." **- vig**

hjálpum þeim

„Hjálpum þeim" er söfnunarátak fyrir Hjálparstarf kirkjunnar vegna hamfaranna í Pakistan. Ný útgáfa af laginu er flutt af landsliði íslenskra tónlistarmanna.

Söluandvirði þessarar geislaplötu, utan við virðisaukaskatt, rennur óskipt til söfnunarátaksins.

DV hagar sagafilm



ROY KEANE Ekki gleymdur á Old Trafford og aðalatriði jólateitisins var helgað honum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Fjör í jólagleði Man. Utd.:

Ungu strákarnir gerðu grín að Roy Keane

FÓTBOLTI Það var mikil gleði í jólateiti Manchester United eins og hjá flestum öðrum félögum. Mesta athygli í teitinu vakti leikrit sem hinir ungu leikmenn liðsins settu upp.

Mest var hlegið þegar einn leikmannanna kom fram klæddur eins og Roy Keane og kallaði alla þá sem sátu fremst við sviðið aumingja en það var skírskotun í frægt viðtal á MUTV sem fór aldrei í loftið. Það var reyndar sýnt leikmönnum félagsins og Keane en ekki fleirum. Samkvæmt fréttum á þeim tíma fóru orð Keane ekki illa ofan í leikmenn liðsins enda vanir að hlusta á Keane lesa þeim pistilinn.

Atriðið endaði á því að Keane sagðist vera farinn, reif sig síðan úr treyjunni og þá var hann í Celtic-treyju innan undir.

Í leikritinu var sonur Guðs nefndur Wayne, í höfuðið á Rooney, en hann var leikinn af Shrek enda Rooney oft líkt við þann karakter af breskum fjölmiðlamönnum. Hestur í leikritinu var síðan í treyju Ruuds van Nistelrooy og menn geta dregið sínar eigin ályktanir af því. ■



JÓLAGJÖF FJÖLSKYLDUNNAR ER KOMIN Í VERSLANIR OG VODAFONE

NÚ GETUR ÞÚ HORFT Á EINA SJÓNVARPSSTÖÐ, TEKIÐ UPP AÐRA Á SAMA TÍMA EÐA ÝTT Á „PÁSU“ Á MEÐAN ÞÚ SKREPPUR FRAM MEÐ NÝJA DIGITAL ÍSLAND MYNDLYKLINUM.

NJÓTTU ÞESS AÐ HORFA Á BESTU JÓLADAGSKRÁ OKKAR TIL ÞESSA – HVENÆR SEM ÞÉR HENTAR. ÞÚ FÆRÐ NÝJA STAFRÆNA UPPTÖKULYKILINN HJÁ VERSLUNUM OG VODAFONE OG ÞJÓNUSTUFULLTRÚUM Á ÚTSENDINGASVÆÐI DIGITAL ÍSLANDS. VERÐ 7.990 KR. OG MÁNAÐARGJALD 790 KR.

digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

JONATHAN WOODGATE Einn fjölmargra knattspyrnumanna sem hafa gaman af veðmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Jonathan Woodgate drap tímann í veðbönkum:

Veðjaði fyrir rúmlega 220 milljónir króna

FÓTBOLTI Hinn óheppni enski knattspyrnumaður Jonathan Woodgate veðjaði fyrir tvær milljónir punda, eða 227 milljónir króna, á þeim tveim árum sem hann lá meiddur heima hjá sér, að því er breska slúðurblaðið The Sun heldur fram.

Blaðið heldur því fram að Woodgate hafi aðallega veðjað að hestaveðhlaup og knattspyrnuleiki. Hann á að hafa eytt að minnsta kosti 1,8 milljónum punda, eða 204 milljónum króna, en unnið til baka 1,65 milljónir punda, eða 187 milljónir króna. Hann tapaði því samtals 17 milljónum króna, sem verður að teljast ágætlega sloppið.

Woodgate lagði að minnsta kosti hundrað þúsund krónur undir og allt upp í sex hundruð þúsund. Stærsti vinningurinn hans var tæplega þrjár og hálf milljón króna.

„Hann var mjög illa haldinn á tímabili og hringdi hvað eftir annað í veðbankann," sagði félagi Woodgates. „Hann er góður í þessu og er aðeins búinn að tapa sem nemur tveggja vikna launum."

Woodgate á að hafa látið af þessari iðju eftir að hann komst á ról með Real Madrid. - hbg

Skoraði 62 stig en spilaði ekki í fjórða leikhluta

Kobe Bryant sló fjölda meta gegn Dallas þegarhann skoraði 62 stig. Fólk spyr sig hvað hann hefði skorað mikið ef hann hefði leikið í fjórða leikhluta.

KÖRFUBOLTI Tveim dögum eftir tap sem erfitt var að kyngja tók Kobe Bryant reiði sína út á Dallas Mavericks. Hann átti hreint ótrúlegan leik og skoraði 62 stig í öllum regnbogans litum þrátt fyrir að leika aðeins þrjá leikhluta og fylgjast með af bekknum í fjórða leikhluta. Lakers vann leikinn, 112-90.

Þetta var persónulegt met hjá Kobe en hann hitti úr 18 af 31 skoti sínu í leiknum, þar af 4 af 10 þriggja stiga skotum. Hann hitti svo úr 22 af 25 vítaskotum. Þegar hann settist á bekkinn var hann búinn að skora meira en allt Dallas-liðið, 62-61.

„Ég var svo fúll eftir tapið gegn Houston að ég var til í að gera hvað sem er til að forðast tap í þessum leik. Ég var virkilega reiður og þess vegna vildi ég senda út skilaboð í þessum leik," sagði Kobe, sem skoraði þrjátíu stig í þriðja leikhluta en þess má geta að hann gaf enga stoðsendingu í leiknum.

Þrjátíu stigin í þriðja leikhluta eru félagsmet hjá Lakers en NBA-metið yfir flest stig í einum leikhluta á George Gervin, sem skoraði 33 stig fyrir San Antonio Spurs árið 1978.

KOBE BRYANT Var sjóðheitur og skoraði þrjátíu stig í einum leikhluta gegn Dallas. Ekki skrítið að hann hafi þurft að blása á puttana sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Áhorfendur kölluðu á Kobe allan fjórða leikhlutann en Phil Jackson, þjálfari Lakers, neitaði að senda hann af bekknum enda var Lakers búið að vinna leikinn og nauðsynlegt að hvíla stjörnunar þegar það er hægt. - hbg

ÓÞROSKAÐIR? Íþróttamálaráðherra Breta, Richard Caborn, segir að Wenger og Mourinho séu óþroskaðir og eigi að haga sér eftir aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Íþróttamálaráðherra Breta stekkur ofan í sandkassann:

Skammar Arsene Wenger og Jose Mourinho

FÓTBOLTI Sandkassaleikur þeirra Jose Mourinho, stjóra Chelsea, og Arsene Wenger, stjóra Arsenal, er farinn að fara í taugarnar á ansi mörgum en það nýjasta er að Mourinho fór í fýlu þar sem Wenger vildi ekki viðurkenna jólakort sem hann sendi Frakkanum.

Íþróttamálaráðherra Breta, Richard Caborn, hefur nú blandað sér í slaginn og sagt stjórunum að þroskast. „Það sem gerist á knattspyrnuvellinum á laugardögum gerist á leikvellinum á mánudögum," sagði Caborn en honum var heitt í hamsi. „Ég bið þessa menn um að þroskast. Fólk í fótboltaheiminum er fyrirmyndir og verður að taka ábyrgð sína alvarlega." ■

WAYNE ROONEY Í miklum metum hjá Jermaine Jenas. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Jermaine Jenas:

Rooney getur unnið HM

FÓTBOLTI Miðjumaður Tottenham, Jermaine Jenas, hefur mikla trú á Wayne Rooney og telur að hann geti farið alla leið með England á HM næsta sumar.

"Wayne er rosalega mikilvægur liðinu. Ég hef verið að fylgjast ítarlega með honum upp á síðkastið og hann er stórbrotinn leikmaður. Ef hann spilar eins vel á HM á England góðan möguleika á að vinna keppnina," sagði Jenas, sem líklega verður í enska landsliðshópnum á mótinu. - hbg

visir

NFS ER Á VISIR.IS

NFS í beinni á VefTV og upptökur þegar þér hentar

Visir.is er stærsta fréttalind landsins. Þar miðla Fréttablaðið og Nýja fréttastofan fréttum allan sólarhringinn og nú er NFS í beinni á VefTV frá morgni til kvölds. Þú færð fréttirnar beint í æð í vinnunni eða heima og upptökur af fréttum dagsins tryggja að þú missir ekki af neinu.

NFS

Fíton/SÍA

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Facts? You wouldn't know a fact if it banged you all night long."

Svar:
Muzzin úr kvikmyndinni American Flyers frá árinu 1985.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ TÓMAS ODDUR HRAFNSSON HORFÐI Á TVÖFALDAN LOKAÞÁTT Í VIKUNNI

Survivor er besti raunveruleikaþátturinn

Að mínu mati er einn þáttur sem stendur upp úr öllu því sem hefur verið gert varðandi raunveruleikasjónvarp og það eru Survivor-þættirnir. Mér finnst alltaf jafn gaman að horfa á þessa þætti. Ástæðurnar eru nokkrar og ólíkar. í fyrsta lagi finnst mér einstaklega gaman að sjá ólíka einstaklinga byggja upp vinasambönd, oft nokkuð náin og fá síðan rýtinginn í bakið þegar þeir búast síst við því. Það er mikið skemmtanagildi fólgið í því. Kannski er ég kvikindi að segja þetta en þetta er bara ég. Í öðru lagi er alltaf gaman að sjá aðra glíma við erfið verkefni til þess að ná ákveðnum markmiðum og það er víst nóg um það í Survivor. Endalausar þrautir sem eru gríðarstórar að umfangi og reyna á mismun-

andi hliðar mannlegrar getu, hvort sem þær eru andlegar eða líkamlegar. Ég furða mig reyndar á því hve stórar þessar þrautir geta orðið. Þar kem ég að þriðju ástæðunni af hverju mér finnst þessir raunveruleikaþættir bestir af þeim öllum. Það er svo mikið lagt í þá og allt er þetta svo vel úr garði gert að maður getur ekki annað en hrifist með. Í vikunni var sem sagt sýndur tvöfaldur lokaþáttur í Survivor-Guatemala. Valið stóð á milli tveggja undirförulla kvendjöfla sem höfðu bruggað sín djöfullegu ráðabrugg með nokkrum árangri fyrst þær voru komnar áfram í tveggja manna úrslit. Að mínu mati hafði ein þeirra spilað leikinn mun betur en hin. Hún stóð því miður frammi fyrir því að hafa stungið nánast alla í bakið sem voru í kviðdóminum. Af þeim orsökum tapaði hún. Ég gerði mér þó grein fyrir því þegar ég stóð upp frá sjónvarpinu að kannski er betra að vera góður við þá sem koma til með að dæma mann seinna. Það á við í lífinu líka. En í Survivor er alltaf skemmtilegra að halda með vonda kallinum.

▶ **21.15** *Spenna*

LAUNRÁÐ

▶ **22.35** *Spenna*

INSPECTOR LYNLEY MYSTERIES

▶ **20.00** *Gaman*

FRIENDS

▶ **20:00** *Raunveruleiki*

BRÚÐKAUP ROBS & AMBER

▶ **20.00** *Fótbolti*

ÁLFUKEPPNIN

SJÓNVARPIÐ

17.00 Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (21:24) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **17.55** Stundin okkar **18.25** Latibær

18.50 Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (22:24)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
20.25 Nýgræðingar (89:93)
20.50 Svona var það
▶ **21.15 Launráð**
22.00 Tíufréttir
22.25 Blackpool (5:6) Breskur myndaflokkur. Ripley Holden rekur leiktækjasal í Blackpool og ætlar sér að efnast vel. En það syrtir í álinn hjá Holden þegar ungur maður finnst látinn í fyrirtæki hans. Meðal leikenda eru David Morrissey, Sarah Parish, David Tennant og John Thomson.

23.25 Aðþrengdar eiginkonur (18:23) **0.10** Kastljós **1.00** Dagskrárlok

STÖÐ 2

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (20:145) **10.20** The Importance of Being Earne **12.00** Hádegisfréttir

12.25 Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Blue Collar TV **13.30** Fresh Prince of Bel Air **13.55** The Block 2 **14.40** Two and a Half Men **15.05** What Not to Wear **6.00** Jimmy Neutron **16.25** Með afa **17.20** Jesús og Jósefína**17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.35 Galdrabókin (22:24)
19.45 The Simpsons (8:22)
20.10 Strákarnir
20.40 Absolutely Fabulous Christmas Special Nr. 1 (Tildurrófur: Jólaþáttur)
21.25 Footballer's Wives (9:9) (Ástir í boltanum 4)
▶ **22.35 Inspector Lynley Mysteries (1:8)** (Lynley lögregluvarðstjóri) Ekta bresk sakamálamynd í tveimur hlutum. Morðgáta í anda Morse, Frost og Taggarts; sem sé eins og þær gerast bestar. Bönnuð börnum.

23.25 Timecop 2: The Berlin Decision **0.45** The 4400 **1.30** Six Feet Under **2.25** Unlawful Entry **4.10** Twenty Four 3 (e) **4.50** Twenty Four 3 (e) **5.35** Fréttir og Ísland í dag **6.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS

18.30 Fréttir NFS
18.55 Fashion Television (8:34)
19.20 Ástarfleyið (9:11)
▶ **20.00 Friends 5 (17:23)**
20.30 Sirkus RVK (8:30)
21.00 Ástarfleyið (10:11)
21.40 Smallville (2:22) (Gone)
22.25 Girls Next Door (8:15)
22.50 So You Think You Can Dance (12:12) Framleiðendur American Idol eru komnir hér með splunkunýjan raunveruleikaþátt þar sem þeir leita að besta dansara Bandaríkjanna. Dómararnir ferðast víða um Bandaríkin en aðeins þeir 50 bestu fá að fara til Hollywood þar sem niðurskurðurinn heldur áfram.

23.40 Rescue Me (12:13) **0.25** Friends 5 (17:23) (e) **0.50** The Newlyweds (14:30) **1.15** Tru Calling (14:20)

SKJÁREINN

17.25 Bak við tjöldin: The Chronicles of Narnia **17.55** Cheers **18.20** Sirrý (e)

19.20 Fasteignasjónvarpið
19.30 Complete Savages (e)
▶ **20.00 Brúðkaup Rob & Amber**
21.45 Will & Grace
22.15 The King of Queens Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans. Þegar Deacon finnur sér nýjan vin til þess að hanga með gerir Doug allt til þess að vinna vin sinn aftur á sitt band.
22.45 House Joey Arnello sem er þekktur glæpon fellur saman rétt áður en hann á að bera vitni fyrir rétti. House þarf að finna út úr því hvort hann sé að reyna að blekkja læknana til þess að sleppa við að bera vitni.

23.35 Jay Leno **0.19** Jamie Oliver's School Dinners (e) **1.10** Cheers (e) **1.35** NÁTTHRAFNAR **1.35** Everybody loves Raymond **2.00** Da Vinci's Inquest **2.45** Fasteignasjónvarpið (e) **2.55** Óstöðvandi tónlist

16.20 Enski deildabikarinn **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

18.30 Stump the Schwab (Veistu svarið?)
19.00 NFL-tilþrif
19.30 Fifth Gear (Í fimmta gír)
▶ **20.00 Álfukeppnin** (Brasilía – Argentína) Útsending frá úrslitaleiknum í Álfukeppninni sem fram fór í júní 2005.
21.40 Ítalski boltinn (Ítalski boltinn 05/06) Útsending frá 17. umferð ítalska boltans. Meðal liða sem mættust í þessari umferð voru: ASCOLI – TREVISO,FIORENTINA – PALERMO, INTER – EMPOLI, JUVENTUS – SIENA, LECCE – LAZIO, LIVORNO - MILAN,MESSINA – REGGINA, PARMA – CAGLIARI, ROMA – CHIEVO, UDINESE – SAMPDORIA

23.20 Spænski boltinn

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Life as a House (Bönnuð börnum) **8.05** Moonlight Mile **10.00** Life or Something Like It **12.00** My Big Fat Greek Wedding **14.00** Moonlight Mile **16.00** Life or Something Like It **18.00** My Big Fat Greek Wedding **20.00** Life as a House (Bönnuð börnum) **22.05** Changing Lanes (Bönnuð börnum) **0.00** To Kill a King (Bönnuð börnum) **2.00** Fargo (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Changing Lanes (Bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Celebrity Soup **14.00** High Price of Fame **15.00** High Price of Fame **16.00** 50 Biggest Celebrity Break-Ups **18.00** Rich Kids: Cattle Drive **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **22.00** Celebrity Friends Gone Bad **22.30** Party @ the Palms **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Fashion Police **1.00** Celebrity Friends Gone Bad **1.30** Party @ the Palms **2.00** The E! True Hollywood Story

AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

14.00 Middlesbrough – Tottenham frá 18.12 16.00 Fulham – Blackburn frá 17.12 18.00 Arsenal – Chelsea frá 18.12
20.00 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt"
21.00 Wigan – Charlton frá 17.12 Leikur sem fór fram síðast liðinn laugardag.
23.00 West Ham – Newcastle frá 17.12 **1.00** Man. City – Birmingham frá 17.12 **3.00** Dagskrárlok

www.expressferdir.is

DEPECHE MODE
Í PARKEN 25. FEBRÚAR

Þeir sem hafa séð Depeche Mode á tónleikum vita að þeir eru alveg magnaðir á sviði. Nú gefst þér kostur á að fara á tónleika með þessari frábæru hljómsveit í Parken, Kaupmannahöfn, 25. febrúar 2006. Express Ferðir hafa tryggt sér nokkra VIP-miða í Carlsberg-stúkunni og því öruggara að hafa hraðan á!

» Bókaðu núna!

STÓRTÓNLEIKAR Í KAUPMANNAHÖFN
68.900 kr.
INNIFALIÐ:
Flug og skattar, gisting í 2 nætur á Skt. Petri hótelinu með morgunverði og miði á tónleikana. Miðað er við að tveir séu saman í herbergi.

Þú finnur ferð og verð við þitt hæfi á www.expressferdir.is

Express Ferðir
www.expressferdir.is

Fíton/SÍA

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Ástarfleyið **21.00** Sirkus

Dramatískur endir Ástafleysins

Hópurinn sem lagði af stað í ævintýrið á sínum tíma. Ástarfleyið sigldi úr höfn í október og er óhætt að segja að ýmislegt hafi drifið á daga þátttakenda á tímabilinu. Þrátt fyrir mismunandi bakgrunn áttu allir þátttakendur það sameiginlegt að vera tilbúnir til að opna hjarta sitt og taka þátt í leiknum af lífi og sál sem kom svo sannarlega á daginn. Dvölin í Tyrklandi var ekki nema tólf dagar og því var mikilvægt að nota tímann vel. Strax á öðrum degi um borð átti sér stað heilmikið tilfinningalegt uppgjör og svo fór boltinn að rúlla. Einum úr tökuliðinu var skipt inn á, á kostnað hins viðkunnalega Snorra; pör tóku að myndast og stemningin var góð. Eftir því sem á leið urðu flækjurnar meiri, tilfinningarnar tóku völdin og leikstjórinn henti upphaflega handritinu út um gluggann því sagan bókstaflega skrifaði sig sjálf! Í kvöld fer allt í háa loft og ótrúlegustu hlutir munu koma upp úr krafsinu. Það er ljóst að þátttakan í Ástarfleyinu hefur breytt lífi þátttakendanna varanlega og í lokaþættinum munu enn einhver leyndarmál verða afhjúpuð. Stór hluti klukkutímanna 200 sem festir voru á filmu mun þó einungis lifa í hjörtum þeirra sem voru á staðnum, því allar spólur og öll gögn sem ekki voru notuð í þáttunum sjálfum verða brennd að þáttaröðinni lokinni.

TALSTÖÐIN FM 90,9

6.58 Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

12.25 Fréttaviðtalið. **13.10** Glópagull og gisnir skógar **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e.

0.00 Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **7.30** Fréttayfirlit **9.05** Laufskálinn **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

12.03 Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Í barndómi **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vítinn **19.27** Tónlistarkvöld Útvarpsins **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Að skrifa nothæfa texta **23.10** Hlaupanótan

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **7.30** Fréttayfirlitr **9.03** Brot úr degi

12.00 Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

18.00 Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Jóla hvað.... **20.30** Jóla hvað.... **22.10** Popp og ról

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

15.00 Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

23.00 Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

14.00 *Fréttir*

HRAFNAÞING/MIKLABRAUT

NFS

7.00 Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal

13.00 Íþróttaþáttur **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ítarlegar veðurfréttir/Íþróttafréttir/Kvöldfréttir NFS/Ísland í dag/Yfirlit frétta og veðurs

19.35 **Kvölddagskrá** Samantekt úr Fréttavöktum dagsins og valdir helgarþættir NFS.
21.10 **60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
21.55 **Kvölddagskrá** Samantekt úr Fréttavöktum dagsins og valdir helgarþættir NFS.

23.00 Endursýningar

ERLENDAR STÖÐVAR

EUROSPORT

12.30 Alpine Skiing: World Cup Kranjska Gora Slovenia **13.30** Dancing: World Latin Masters **14.30** Figure Skating: World Championship Moscow Russia **16.00** All sports: WATTS **16.30** Football: UEFA Champions League Classics **17.30** Football: UEFA Champions League Classics **18.30** Football: Goooooal ! **19.00** Fight Sport: Fight Club **22.00** Sumo: Kyushu Basho Japan **23.00** Sumo: Kyushu Basho Japan **0.00** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006 **0.15** Olympic Games: Olympic Torch Relay

BBC PRIME

12.00 Last of the Summer Wine **12.30** Butterflies **13.00** Popcorn **14.00** Balamory **14.20** Binka **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** S Club 7: Viva S Club **16.00** Home From Home **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** One Foot in the Grave **19.40** 2 point 4 Children **20.10** Top of the Pops **20.35** Cutting It **21.30** Strictly Come Dancing **22.40** Alistair McGowan's Big Impression **23.10** Strictly Come Dancing **0.00** Wild Africa **1.00** Great Railway Journeys of the World **2.00** Discovering Science

NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 When Expeditions Go Wrong **13.00** The Lost Film of Dian Fossey **14.00** Seconds From Disaster **15.00** White Shark Outside the Cage **16.00** Sharks **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Evolution **19.00** The Lost Film of Dian Fossey **20.00** Most Amazing Moments **21.00** Quest for Dragons **22.00** Wild Sex **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Quest for Dragons **1.0012.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Wild Indonesia **15.00** Animal Precinct **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Ultimate Killers **19.30** Big Cat Diary **20.00** Killer Ants **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Ultimate Killers **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Killer Ants **2.00** The Snake Buster

DISCOVERY

12.05 Brainiac **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Hooked on Fishing **14.00** Extreme Engineering **15.00** Extreme Machines **16.00** Junkyard Mega-Wars **17.00** 5th Gear **17.30** 5th Gear **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Forensic Detectives **21.00** FBI Files **22.00** Scene of the Crime **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Weapons of War

HRÓSIÐ

...fær hljómsveitin Sigur Rós en plötur hennar hafa selst í fimmtíu þúsund eintökum hér á landi og í rúmlega einni og hálfri milljón eintaka erlendis.

AÐ MÍNU SKAPI HENRIK BALDVIN BJÖRNSSON ROKKARI Í SINGAPORE SLING

Rokkabillí, DaVinci, Syndaborgin og Berlín

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TÓNLIST Sá Jakobínurínu spila á tónleikum í fyrsta skipti nú um daginn. Það var alveg magnað. Þessir strákar eru rétt komnir af barnsaldri en vita nákvæmlega hvað þeir eru að gera. Annað en maður getur sagt um mörg önnur bönd. Mjög hressandi og andríkur flutningur. Kom mér í gott skap sem entist alla leið niður á Nasa. Annars er líka mjög mikilvægt að hlusta á rokkabillí á þessum árstíma. „The Ultimate 50's and 60's Rockin' Horror Disk" er skemmtilegasta plata í heimi.

BÓK Er að glugga í sjálfsævisögu Bob Dylan, sem er ágæt enda Bob enginn run-in-the-mill-hnakki. Er svolítið spenntur að lesa „Sunday Philosophers Club" af augljósum ástæðum. Annars er „Freezerburn" eftir Joe Lansdale besta bók í heimi. Á eftir „Doubtful Guest" eftir Edward Gorey...

BÍÓMYND Síðasta mynd sem mér fannst virkilega góð var „Sin City". Hef reyndar ekki mikið farið í bíó upp á síðkastið, eða síðan Sirkus RVK hnakkavæddist og ég fór í ræsið. Annars þykir mér David Lynch, Luis Bunuel, Jim Jarmusch og Sam Peckinpah mjög ágætir.

BORG New York var alltaf málið fyrir mig. Síðan fór ég til Berlínar og hún er ekki síðri. Kúl fólk sem er laust við ebb-ebb-ebb, ódýr matur og drykkur. I love it! Blixa er þaðan og helmingur hljómsveitarinnar Kimono er búsettur í Berlín, en það er ekki slæmt. Síðan eru barirnir góðir; menn að fíla Singapore Sling og því eru fríir drykkir ekki óalgengir. Allavega ekki á 8mm, sem er bestur. Ætla að flytja þangað. Á morgun!

BÚÐ Það er skóbúð í New York sem heitir DaVinci og selur gamaldags rokkaraskó. Hver týpa er framleidd í takmörkuðu magni og svo aldrei aftur. Kann vel við þessa búð, en annars eru 12 Tónar besta búð í heimi. Góð þjónusta, gott kaffi og það er ekki verið að henda manni út þótt maður sé „stoned and drunk; living the life of a goddamn skunk". Nonnabúð er líka mjög mikilvæg þótt Dead sé í tísku en stundum kemst kúl sjitt í tísku sem er... dauðans gangur. Samdi lag fyrir Dead þannig að vinsældir hljóta að minnka. Svo er afgreiðslustúlkan svaka sæt og girnileg.

VERKEFNIÐ Það kemur út ný plata með Singapore Sling a morgun. Hún heitir „Taste the Blood of Singapore Sling" og er mjög mikilvæg. Mér finnst hún langbesta plata ársins og koverið líka kover ársins, en hvað veit ég? Ég fíla hvorki reggí né Arcade-vægð. Upptökur kostuðu ekkert þar sem ég sá um þær með aðstoð frá vini mínum og bróður, Hákoni. Aron og Bibbi sáu um mix og mastering, en þeir eru bestir. Ódýrir trommuheilar gera það alveg fyrir mig. Kaupið þessa plötu strax! Hún kostar ekki mikið. Við höldum síðan tónleika um miðjan janúar, að sjálfsögðu á Grand Rokk. Annars er helst framundan að allt er að fara til fjandans og öllum er skítsama. Ég get ekki beðið!

JÓLAGJÖFIN MÍN Í ÁR... Biskup Íslands var að vonum ánægður með gjöfina frá ungliðahreyfingu Samtakanna ´78 sem hann fékk afhenta í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

UNGLIÐAR SAMTAKANNA ´78: HITTU KARL SIGURBJÖRNSSON

Biskup fær regnbogatrefil

Í gærmorgun komu nokkrir meðlimir ungliðahreyfingar Samtakanna ´78 á skrifstofu biskups Íslands og gáfu herra Karli Sigurbjörnssyni jólagjöf frá samtökunum. Pakkinn innihélt regnbogatrefil sem Karl getur notað þegar kalt verður í veðri og heimildarmyndina Hrein og bein eftir Hrafnhildi Gunnarsdóttur og Þorvald Kristinsson, en hún fjallar um þá erfiðleika sem fylgja því þegar ungt fólk kemur út úr skápnum.

„Við höfðum aldrei hitt biskupinn og hann aldrei okkur. Við vildum því koma og hitta hann auk þess að sýna honum góðvild og hlýju á þessari hátíð ljóss og friðar," segir Birna Hrönn Björnsdóttir, einn þriggja formanna ungliðahreyfingarinnar.

Kirkjan hefur lengið dregið lappirnar í málefnum samkynhneigðra en Birna segir tilganginn þennan morgun ekki hafa verið pólitískan á neinn hátt. „Þetta var bara nokkuð sem við vildum gera nú þegar þessi hátíð er að ganga í garð. Ef þessi gjöf hefur einhver áhrif er það auðvitað mjög gott," útskýrir hún og greinilegt að hinn sanni andi jólanna hefur svifið yfir vötnum á Biskupsstofu þennan miðvikudagsmorgun.

Hugmyndin að þessum atburði kom á stjórnarfundi Samtakanna ´78 þar sem nokkrir ungliðar sátu og ræddu um stöðu jólakortanna sem samtökin ætluðu að senda um þessi jól. „Okkur fannst að þessi heimildarmynd ætti heima inni á öllum virðulegum stofnunum og heimilum," segir hún og því var ákveðið að biskupsembættið skyldi verða fyrst í röðinni.

Ungliðahreyfing Samtakanna ´78 er ekki venjulegt félag með meðlimaskrá heldur eru um níutíu manns skráðir á póstlista. „Það eru krakkar sem hafa samband við okkur í gegnum heimasíðuna www.samtokin78.is/unglidar og við reynum að aðstoða þá eftir fremsta megni," segir Birna. Í hverri viku eru síðan haldnir fundir en á þá mæta jafnan í kringum þrjátíu manns og oftast bætast meðlimir í hópinn.

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Knattspyrnukappinn **Guðni Bergsson** og **Þorsteinn J.** hafa farið um víðan völl til þess að kynna ævisögu Guðna Bergs – Fótboltasögur sem Þorsteinn skráði. Einn fastra liða í jólabókastríðinu eru bókaáritanir í verslunum. Guðni og Þorsteinn eru síður en svo eftirbátar annarra í þessum efnum og voru mættir til leiks til að árita í Kringlunni á laugardaginn. Félagarnir árituðu 50 bækur í þessari umferð og gott betur þar sem þeir fengu vægast sagt óvenjulega beiðni þegar ungur maður tók af sér gervifót, skellti á borðið og bað þá að árita hann. Rithöfundar eru auðvitað ýmsu vanir en vilja helst ýta undir bókasölu með því að pára nöfn sín á saurblöð þeirra. Guðni og Þorsteinn héldu þó andlitum sínum og skrifuðu á fótinn eins og ekkert væri sjálfsagðara.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að Quentin Tarantino er á leiðinni til landsins í næstu viku en hann verður með bíópartí í Háskólabíó 30. desember. Það verður vafalaust ekkert síðra teitið sem hann heldur á gamlárskvöld en skemmtistaðurinn Rex hefur verið leigður undir herlegheitin. Samkvæmt heimildum blaðsins mun kampavínið flæða um gólf en gárungarnir hafa fleygt því fram að það verði víkingaþema þetta kvöld enda féll Tarantino gjörsamlega fyrir þessum fornu köppum. Það bætist líka enn í þetta fríða föruneyti því rapparinn 2 Hats hefur boðað komu sína en hann heldur tónleika hér á Nasa 10. febrúar ásamt hljómsveitinni Goldie Lookin' Chain. Grínararnir Jamie Kennedy og Rob Schneider voru hluti af upprunalega hópnum en þeim gengur erfiðlega að fá sig lausa frá þeim verkefnum sem þeir eru að sinna.

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT
2 land **6** einnig **8** geislahjúpur **9** hluti kynfæra **11** tveir eins **12** blístur **14** afhending **16** tveir eins **17** gerast **18** hækkar **20** tveir eins **21** mælieining.

LÓÐRÉTT
1 íþrótt **3** þverslá á siglutré **4** eftirmaður **5** kóf **7** matarlím **10** útdeildi **13** suss **15** keppni **16** traust **19** tveir eins.

LAUSN
LÁRÉTT: **2** íralk, **6** og, **8** ára, **9** leg, **11** ff, **12** flaut, **14** afsal, **16** tt, **17** ske, **18** ris, **20** ii, **21** únsa.
LÓÐRÉTT: **1** golf, **3** rá, **4** arftaki, **5** kaf, **7** gelatín, **10** gat, **13** uss, **15** leik, **16** trú, **19** ss.

[VEISTU SVARIÐ]

1. Sögu þingræðis.
2. Hún neitaði að borga undir aðstoðarmann sinn.
3. Nikolay Valuev.

allt tilboð
Alla föstudaga

STÓR HUMAR
HÖRPUSKEL
RISARÆKJUR
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

Er ekki annálað jólabarn

Undanfarin sex Þorláksmessukvöld hafa tónlistarmennirnir Stefán Hilmarsson, Jóhann Hjörleifsson, Jón Ólafsson, Eyjólfur Kristjánsson og Fritz von Blitz komið saman undir nafninu Ullarhattar. Sjöundu tónleikar þessarar „einstöku" hljómsveitar verða á Hótel Borg annað kvöld klukkan ellefu en þeir spila þekkt dægurlög auk þess sem vel valin jólalög fá að fljóta með. Andrúmsloftið er með rólegasta móti enda engar æfingar haldnar heldur einfaldlega losað um bindishnútinn til að vega upp á móti annríkinu sem oft ríkir á Þorláksmessu.

Góðir gestir hafa yfirleitt heiðrað Ullarhattana með nærveru sinni og sungið nokkur vel valin jólalög en það er þó ekkert sjálfgefið að komast þar að. „Þú þarft að hafa gefið út að minnsta kosti þrjár breiðskífur og sungið fimm jólalög," segir pianistinn Jón Ólafsson og einn af yfirullarhöttunum.

ULLARHATTAR Eru þekktir fyrir afslappað andrúmsloft á tónleikum sínum og í ár verða þeir á Hótel Borg.

Aðspurður hvernig þetta hefði komið til í upphafi taldi Jón þá Stefán og Eyjólf vera ábyrga fyrir þessu þótt hann væri ekki alveg viss. „Það hefur einhver vert plataað þá til að spila og þeir fengið okkur til að vera með," útskýrir Jón.

- fgg

Jólatilboðin í fullum gangi

Temprakon hitajöfnunarsængin

Sængin sem breytir öllu

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.

Nú á jóla-tilboði

TempraKon heilsukoddar í miklu úrvali. Fást fylltir með gæsadún, latex eða Tempur.

TempraKon yfirdýnan. Tilvalið fyrir heitfenga jafnt sem kulvísa.





www.design.is @ 2005

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið: mánudag til fimmtudagsins 22. des. kl. 10-22
og á Þorláksmessu kl. 10-23 - Aðfangadag kl. 10-13

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

Jólakveðja

Nú eru jólin framundan. Því miður eru þau frekar stutt að þessu sinni, bara ein helgi, en jól engu að síður. Að halda jólin hátíðleg er ævaforn siður á norðurhveli jarðar. Forfeður okkar fögnuðu sigri sólarinnar og ljóssins yfir myrkrinu í þeirri fullvissu að nú tæki daginn að lengja og bráðum kæmi vorið. Enginn veit hvenær fólk byrjaði að gera þetta en það var löngu áður en Ísland byggðist.

JÓLIN ERU hátíð ljóssins. Þau eru hátíð kærleikans. Á jólunum drögum við fram það fallegasta í fari okkar, bæði í klæðavali og innræti. Jólin hafa í rauninni ekkert með trúarbrögð að gera. Það er enginn sem á jólin, hvorki kristnir eða æsir eða Gyðingar. Það er ekki hægt að eiga kærleika, ekki nema gefa hann. Og þess meira sem maður gefur af honum, þess meira á maður af honum sjálfur.

FYRIR MÉR eru jólin heilög. Það er vegna þess að á jólunum minnist ég þess að Guð minn fæddist hér á jörðu fyrir rúmum 2000 árum síðan í Jesú kristi. Ég trúi því að Guð hafi orðið maður. Hann varð eins og við í þeirri von að við vildum verða eins og hann. Það eru ekki allir sem trúa því en það er falleg trú samt.

ÞAÐ ER mest um vert að trúa á kærleikann. Hann er það dýrmætasta sem til er í heiminum. Sá sem á kærleika í hjarta sínu er réttlátur fyrir Guði, hvort sem hann trúir á hann eða ekki. Og trú okkar, hver sem hún er, kemur ekki fram í því hvernig við tilbiðjum Guð okkar heldur hvernig við komum fram við meðbræður okkar. Kristinn maður sem sýnir öðru fólki lítilsvirðingu og hroka er miklu verr staddur en kærleiksríkur trúleysingi. Lykillinn að himnaríki fæst aðeins með því að gefa öðrum hann.

ÉG BIÐ Guð minn, sem er sonur ljóssins, að blessa alla Íslendinga. Ég bið fyrir einingu allra manna, óháð trúarskoðunum og stjórnmálum, húðlit og þjóðerni og þjóðfélagsstöðu. Ég bið fyrir ljósi inn í líf þeirra sem búa í myrkri. Ég bið fyrir því að kærleikurinn megi sigra í lífi sem flestra. Ég bið fyrir því að einfeldni, sakleysi og þjónusta fái meiri virðingu í þjóðfélagi okkar.

ÉG ÓSKA lesendum mínum gleðilegra jóla. Takk fyrir að hlusta á mig. Guð blessi ykkur og verndi ykkur í kærleiksríkum faðmi sínum. Namaste. Marana ta.

Vinsælasta bók ársins